

20–23

30

10



Áhif beitar á vistkerfi



Raddir þeirra heyrast hátt



Nýr formaður Beint frá býli

Bændablaðið

11. tölublað 2023 • Fimmtudagur 8. júní • Blað nr. 635 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Eftirmál riðuveiki



Sauðfjárnæðurnir á Urriðá og Bergsstöðum í Miðfirði standa saman í erfiðum samningaviðræðum við fulltrúa matvælaráðuneytisins um bótagreiðslur vegna niðurskurðar sem fyrirskipaður var á um 1.400 fjár á bæjunum tveimur í byrjun apríl eftir að riðuveiki var staðfest í þeirra hjörðum. Bæði bú voru meðal þeirra fremstu í íslenski sauðfjárrækt þar sem mikil alúð var lögð í ræktunina. Á blaðsíðum 32–37 er fjallað um eftirmál riðuveiki á bæjum í Miðfirði og Skagafirði og rætt við bændur. Eru þeir sammála um að reglugerð sem ákvarðar bótagreiðslur sé í raun starfslokasamningur við bændur, enda geri hún ekki ráð fyrir að tjón sé að fullu bætt. Vilji bændur byrja upp á nýtt, með sambærilegan fjárstofn, þurfi þeir sjálfir að leggja til umtalsvert fjármagn. Auk þess séu afurðatjónsbætur langt undir meðalafurðum í dag. Frá vinstri eru þau Dagbjört Diljá Einpórsdóttir og Ólafur Rúnar Ólafsson á Urriðá, Ari G. Guðmundsson og Elín Anna Skúladóttir á Bergsstöðum. *Sjá bls. 32–37.*

Mynd / Sigurður Már Harðarson

Skýr skilaboð aðalfundar KS:

Ályktað um innflutning og upprunamerkingar

Aðalfundur Kaupfélags Skagfirðinga, sem haldinn var á Sauðárkróki þann 6. júní sl., beindi því til stjórnar að félagið og dótturfélag þess stæðu ekki í innflutningi á erlendum búvörum.

Í samþykkt fundarins er því jafnframt beint til stjórnar að KS og dótturfélag, bæði verslunar- og framleiðslueiningar, selji ekki landbúnaðarvörur öðruvísi en að uppruni þeirra komi fram með skýrum hætti á umbúðum. Stjórn og stjórnendur samstæðufyrirtækja eigi að vinna í því að fá afurðir úr slátrun sinni vottaðar sem íslenskar af þriðja aðila.

Ísland ætti að framleiða allt sitt kjöt

Sigurjón R. Rafnsson aðstoðar-kaupfélagsstjóri segir ályktunina vera skýr skilaboð um hvað Kaupfélagið eigi að standa fyrir og það sama eigi að gilda um dótturfélagin.

Hann segir að stefna eigi að aukinni innlendri framleiðslu. „Ísland ætti að framleiða allar sínar kjötafurðir sjálft ef það mögulega getur, líkt og þekktist í Noregi þar sem hlutfall innleiddra framleiðslu er yfir 90 prósent. Við höfum landgæði, vatn og getu til meiri framleiðslu. En til að ná því markmiði þurfa

stjórnvöld að koma að því með meiri stuðningi. Stuðningur við íslenskan landbúnað er hættulega lítill í samanburði við stuðning í Evrópu og afurðastöðvarnar geta ekki einar brúað það bil sem vantar upp á.“

Í samþykkt aðalfundarins er lögð áhersla á að stjórn KS og stjórnendur samstæðufélaga leitist við að aðstoða sína innleggjendur þannig að starfs-skilyrði þeirra verði sem best og leitast verði við að greiða sem hæst skilaverð fyrir landbúnaðarafurðir til bænda.

„Hluti af því er að vinna áfram að því mikilvæga starfi að saman geti fyrirtækin í landbúnaði og bændur

tekið saman höndum um að styrkja umgjörð íslensks landbúnaðar,“ segir í samþykktinni.

Fleiri bændur í stjórn

Hlutfall bænda jókst í stjórn KS þegar Atli Már Traustason, bóndi á Syðri-Hofdölum, og Hjörtur Geirmundsson, Sauðárkróki, voru kjörnir í aðalstjórn. Pétur Pétursson og Örn Þórarinnsson fóru úr stjórn.

Einnig var ný varastjórn kosin en hana skipa nú bændurnir Guðrún Lárusdóttir í Keldudal og Ingi Björn Árnason, Marbæli, ásamt Ástu Pálmadóttur, Sauðárkróki.

Eignarhaldið víða í veitingageiranum

Kaupfélag Skagfirðinga á alfarið eða að hluta í nokkrum félögum sem tengjast matvælavinnslum og veitingastöðum.

Þar má nefna kjötvinnsluna Esju gæðafæði ehf., veitingastaði Metro, smásölu og dreifingaraðilann Vogabæ ehf. en undir félaginu eru vörumerki á borð við Voga, E.Finnsson og Mjólka, og Gleðipinna ehf., sem rekur m.a. veitingastaðina American Style, Aktu taktu, Hamborgarafabrikuna og Blackbox. /ghp

FRÉTTIR

Matvælarannsóknir:

Vaxandi krafa um heildstæða sýn

Kallað var eftir samræmingu, samtali samtaka svo sem landbúnaðar og sjávarútvegs, þolinmóðu fjármagni í framhaldsrannsóknir og þróun og endurskoðun hamlandi regluverks á málþingi MATÍS sem fram fór í byrjun mánaðar.

Fjallað var um framtíð matvælaframleiðslu á Íslandi og hlutverk matvælarannsóknna til að stuðla að sjálfbærri framleiðslu, nýsköpun og aukinni verðmætasköpun. „Framtíð matvælaframleiðslu varðar okkur öll, ekki aðeins hér á landi heldur á heimsvísu,“ sagði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra í opnunarárvarpi sínu. „Við þurfum að svara því hvernig hægt er að brauðfæða fleiri en nota sem minnst af auðlindum til þess og losa sem minnst af gróðurhúsalofttegundum. Matvælaframleiðsla þarf að vera sjálfbær til framtíðar og vísindi og rannsóknir gegna þar lykilhlutverki,“ sagði hún jafnframt. MATÍS væri alger kjölfesta í þessu viðfangsefni hérlandis. Matvælastefna Íslands til 2040 var nýlega samþykkt á Alþingi.

Verðmæti fengins sjávaraflla pr. kíló úr sjó hefur verið fjórfaldað á undanförmum árum með m.a. flutningatækni og meiri nýtni en slíkt þarf einnig að gerast í öðrum matvælagreinum. Að greina áhrif loftslagsbreytinga á matvælaferfi og umhverfisáhrif matvælaframleiðslu er meðal helstu rannsóknáherslna MATÍS. Meðal þess sem rannsakað er þar á bæ eru áhrif þess að fódra nautgripi á þörungum, á metanlosun og afurðir, og sömuleiðis hvaða áhrif það hefur að fódra sauðfé á hvönn. Áhersla er á fullnýtingu; hringrásarhagkerfi kjötframleiðslu og aukna nýtingu hliðarafurða. Til dæmis er skoðað hvernig nýta megi blóð. Bent var á að neytendur væru kröfuharðir og æ þyngra myndi veða að kjötframleiðsla væri sjálfbær og gengi ekki á auðlindir, gæði yrðu umfram magn og vaxandi áhersla á dýravelferð. Þarna lögju mikil tækifæri fyrir hágæða kjötframleiðslu.

Tvöfalda þarf próteinframleiðslu

Innlend kornrækt annar nú um 1% af kornneyslu Íslendinga. Flutt séu inn 25 þúsund tonn af korni og hveiti árlega. Byggrækt hafi gengið vel og ræktun hafra sé nýjung sem lofi góðu en leggja verði ríkar áherslu á vöruþróun úr korni frá íslenskum kornbændum, meðal annars með líftækni.



Fjallað var um nýprótein á málþinginu og mikilvægan þátt þess í sjálfbærri umbreytingu matvælaferfa. Bent var á að aðgengi að hágæðapróteinum færi minnkandi en eftirspurn hefði á hinn bóginn aldrei verið meiri. Talið er að próteinframleiðsla á heimsvísu þurfi að tvöfalda fyrir árið 2050. Nýprótein geta verið t.d. þörungar, örþörungar, stórþörungar, stórfrumuprótein, skordýraprótein, einfrumungar og grasprótein. Rannsóknir standa yfir á nýtingu þeirra í matvörur, fæðubótarefni og fóður til m.a. fiskeldis og kjúklingaræktar.

Spurt var hvort þörungar væru matur framtíðarinnar og tíndir til fjölmargir heilsuþættandi kostir þeirra og ljóst að þar er vannýtt lífaútlind sem rannsaka þarf og nýta mun betur. Möguleikarnir séu nánast óþrjótandi.

Framleiðsla áburðar var sögð mengandi og ekki sjálfbær. Óskastaða hérlandis væri mögulega að fanga fosfór og kalí úr aukaafurðum, nýta nitur úr lofti og fá brennistein frá Landsvirkjun og væri þá til orðinn sjálfbær áburður. Þá lögju tækifæri í notkun fiskeldisseyru, sláturúrgangs og alifuglaskíts en gera þyrfti áhættugreiningu á efnunum og kanna leiðir til flutnings og dreifingar m.t.t. áhættuþátta. Fram kom á málþinginu að nauðsynlegt væri að efla þekkingarstraum milli aðila sem koma að rannsóknum og framleiðslu matvæla. Skilgreina verði hvort afurðir og vörur séu hugsaðar á innanlandsmarkað eða markaði erlendis og gera viðskipta- og markaðsrannsóknir. Rannsóknarstyrkjum eigi ekki endilega að úthluta heldur fremur að virkja samkeppni milli vísindamanna. Þá sé mikilvægt að vinna að því að verkefni strandi ekki þegar búið er að þróa hugmynd og hrinda úr vör, en einn mesti áhættuþáttur bæði fjárfesta og fyrirtækja sé í fjármögnun á stækkunarþrepi. /sá



Guðmundur segir úkraínskan kjúkling hafa fyrst og fremst ratað inn á veitingamarkað. Ekki er skylt að upprunamerkjja búvörur á veitingastöðum en þeir sem bjóða upp á mat eiga að hafa slíkar upplýsingar til reiðu samkvæmt löggjöf. Myndir / Alexander Mills

Matvælainnflutningur:

Tollfrjálsi kjúklingurinn á veitingamarkaði

Samdráttur í kaupum veitingamarkaðsins á íslenskum kjúkling bendir til þess að úkraínskt kjúklingakjöt hafi fyrst og fremst ratað til matvælaframtækja og veitingastaða.

Frá janúar til aprílmánaðar 2023 hafa verið flutt inn til landsins rúmlega 220 tonn af úkraínsku kjúklingakjöti. Er það um 36% af öllum innflutningi á kjúklingakjöti til landsins á tímabilinu. Í apríl voru tæp 20 tonn af heilum frosnum kjúklingi flutt inn frá Úkraínu. Meðalkílóaverð þess var 356 kr. að því er fram kemur í tölum Hagstofu Íslands.

Ekki kunnugt um verðlækkunar þrátt fyrir tollfrelsi

Guðmundur Svavarsson, formaður búgreinadeildar kjúklingabænda, segir að kjötið sé fyrst og fremst framreitt í unnum matvörum og á veitingastöðum.

„Mín tilfinning er sú að íslenskir neytendur hafi gert sér grein fyrir gæðum þessarar vöru og áhættu tengdri sýklalyfjanotkun og lágun kröfum til dýravelferðar. Þeir hafi staðið vörð um íslensku vöruna í búðum og sala úkraínska kjúklingins hafi því orðið minni en verslunarmenn gerðu sér vonir um. Kjúklingurinn hefur því fyrst



Guðmundur Svavarsson.

og fremst ratað inn á veitingamarkað þar sem hægt er að dulbúa hann sem íslenskan. Við sjáum dæmi um allt að 85% samdrátt í sölu til tiltekinnna viðskiptavina á veitingamarkaði í apríl. Við höfum ekki séð dæmi um lækkað verð þar sem tollfrjáls kjúklingur frá Úkraínu er í boði, né heldur að uppruna sé sérstaklega getið á matseðlum,“ segir Guðmundur.

Framboð umfram sölu

Hann bendir á að af öllum innflutningnum var aðeins 40 tonn heill kjúklingur. Um 260 tonn voru beinlaus vara sem uppreiknað í heilan fugl gerir um 390 tonn. Samtals jafngildir innflutningurinn því um 430 tonn leiðrétt fyrir beinahlutfalli.

Innflutt úkraínskt kjúklingakjöt

Mánuður	Kíló
September 2022	15.988
Nóvember 2022	41.340
Desember 2022	19.800
Janúar 2023	107.600
Febrúar 2023	13.840
Mars 2023	79.314
Apríl 2023	19.332

Samtals: 297.214
Heimild: Hagstofa Íslands

Alls voru ríflega 73 tonn af kjúklingakjöti flutt til landsins í aprílmánuði og var meðalverð þess 617 kr. Samkvæmt Mælaborði landbúnaðarins var framleitt tæplega 666 tonn af kjúklingi í aprílmánuði hér á landi en sala kjúklinga nam rúmum 650 tonnum. Því er framboð kjúklinga umfram sölu. Innflutningur á kjúklingakjöti frá Úkraínu hófst í september á síðasta ári þegar um 16 tonn voru flutt til landsins. Innflutningurinn jókst svo hvern mánuð og náði hámarki í janúar þegar tæplega 108 tonn voru flutt inn.

Í heild hafa tæplega 300 tonn af kjúklingakjöti verið flutt til landsins og heildarinnkaupaverð þess eru tæplega 157 milljónir króna. /ghp

Riðuveiki:

Eitt sýni jákvætt á Urriðaá

– Um 8% smitdreifing á Bergstöðum

Nú er ljóst að eina staðfesta riðuveikitilfelli á Urriðaá í Miðfirði var í kind sem frá nágrennabænum Bergstöðum sem gjafagimbur haustið 2020.

Þetta eru lokaniðurstöður sem Matvælastofnun hefur birt tilkynningu um. Niðurskurður á rúmlega 700 fjár var fyrirskipaður á Urriðaá vegna þessarar kindar. Bráðabirgðaniðurstöður úr greiningum sýna frá Bergstöðum benda til þess að tæplega átta prósent hjarðarinnar þar hafi verið smituð.

Kom ekki á óvart

Dagbjört Diljá Einþórsdóttir, bóndi á Urriðaá, segir að þetta hafi ekki

komið þeim á óvart. „Við reyndum að berjast ásamt öllum sveitunum okkar við að stöðva niðurskurð. Okkur grunaði að smitið hefði ekki náð lengra en að Bergstöðum. En það var ekkert hlustað á okkur. Okkur finnst þetta bara grátleg staða, fórna þessum góða stofni og svo finnst ekki ein kind smituð frá Urriðaá.“

Nú stefna þeir á að aflífa sölufrá bænnum um miðjan júní þó öll okkar sýni hafi verið neikvæð. Okkur finnst þetta algjörlega galin vinnubrögð hjá Matvælastofnun.

Yfir helmingurinn af fénu sem við höfum selt frá Urriðaá hefur aldrei komist í kynni við þessa sem við áttum frá Bergstöðum. Þessir gripir voru allir seldir áður en sú

kind kom í fjárhúsin hjá okkur,“ segir hún.

Margra ára meðgöngutími

Í tilkynningu Matvælastofnunar kemur fram að meðgöngutími riðuveiki sé mörg ár og oftast ekki hægt að greina smitefnið í heilasýnum fyrir en mörgum árum eftir að kindin smitast. Niðurstöðurnar þýði ekki að engar af kindunum hafi verið smitaðar, aðeins að smitefnið hafi ekki greinst.

Matvælastofnun minnir bændur á að gera viðvart ef þeir verða varir við einkenni í fé sem geta bent til riðu eða ef fé hjá þeim drepst af óþekktum orsökum. /smh

ecoAgro

Vistvænt rúlluplast - fæst hjá Líflandi

Gæðaprófað af LBHÍ við íslenskar aðstæður



100%
endurunnið



Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar

LÍFLAND

GLEÐILEGT HEYSKAPAR SUMAR

Sláttuvélar – Snúningsvélar – Rakstrarvélar
Sláðu á þráðinn til okkar og komdu
í forystusveitina með Pöttinger



 **PÖTTINGER**

FRÉTTIR



Samdráttur í nautakjötsframleiðslu í apríl var 13% frá árinu áður.

Mynd / Odd Stefan

Dregur úr innlendri framleiðslu nautakjöts

Samdráttur í nautakjötsframleiðslu nú er afleiðing lægra afurðaverðs árið 2021 að sögn formanns búgreinaeildar nautgripabænda.

Innlend kjötfraðleiðsla í apríl 2023 var samtals 1.515 tonn, 3% minni en í apríl árið á undan, að því er fram kemur í tölum Hagstofu Íslands. Framleiðsla svína- og alifuglakjöts var sú sama og í apríl í fyrra en nautakjötsframleiðslan dróst hins vegar saman um 13%.

Afleiðing tveggja ára ákvarðana

Rafn Bergsson, formaður búgreinaeildar nautgripabænda, segir að aðalástæð samdráttarins sé óviðunandi afkoma í nautakjötsframleiðslu síðustu ár.

„Eldistími nautgripa er langur, þannig eru ákvarðanir sem teknar voru vorið/sumarið 2021 hafa áhrif á það hversu mikið framboð er af íslensku nautakjöti á markaði í dag. Sumarið 2021 var afurðastöðvaverð nautakjöts töluvert lægra en það er í dag en VATN vísitalan náði lágmarki í október 2021. Bændur brugðust við með því að draga saman og það sjáum við nú í minnkuðu framboði,“ segir hann.

Bindur vonir við hækkandi verð

Rekstrarskilyrði í nautakjötsframleiðslu hafi verið erfið undanfarin ár en nýlegar hækkningar gefi bændum von.

„Ef gögn Hagstofunnar eru skoðuð, skilaði nautakjötsframleiðslan, sem fellur undir „önnur



Rafn Bergsson, formaður búgreinaeildar nautgripabænda.

Mynd / AL

nautgripaækt“ töluverðu tapi bæði 2020 og 2021 og skýrsla RML um rekstur og afkomu nautakjötsframleiðenda fyrir árin 2017–2021 greinir frá því að á árunum 2019–2021 borguðu nautakjötsframleiðendur á bilinu 412–603 krónur með hverju kíló af framleiddu nautakjöti.

Gífurlega erfið rekstrarskilyrði eru þannig farin að segja til sín. Undanfarið höfum við þó séð hækkningar á afurðaverði, vonandi heldur það áfram og við förum að horfa fram á bjartari tíma,“ segir Rafn. /ghp



Mykjudreifing. Eitt af hlutverkum Bændasamtakanna er að sögn Þorvaldar Arnarssonar að finna leiðir til öflunar og flutnings búfjáraburðar og að brúa bil milli bænda og þeirra sem að verkefninu standa. Mynd / Myndasafn Bbl

Samstarf:

Evrópusambandið styrkir áburðarverkefni

Á dögnum hlaut verkefnið Terraforming LIFE styrk frá umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins að fjárhæð 6,26 milljónir evra, sem samsvarar tæpum milljarði íslenskra króna.

Styrknum er ætlað að vinna að uppsetningu áburðarframleiðslu úr búfjárúrgangi og afvatnaðri fiskimykju, sem nýta má til landbúnaðarnota, skógræktar og landgræðslu.

„Þetta er hæsti styrkur sem veittur hefur verið undir þessari áætlun hingað til lands, sem og einn þeirra fyrstu,“ segir Þorvaldur Birgir Arnarsson, lögfræðingur í umhverfis-, loftslags- og auðlindamálum hjá Bændasamtökunum. Verkefnið er unnið í samstarfi Orkídeu, Landeldis, Bændasamtakanna, Ölfus Cluster og færeysku verkfræðistofunnar SMJ, með aðkomu frá norska tækjaframleiðandanum Blue Ocean Technology.

Hlutverk Bændasamtakanna

„Send var inn sameiginleg umsókn allra umsækjenda haustið 2022, og jákvætt svar barst á vordögum 2023. Samningur um styrkveitingu var svo undirritaður í maímánuði 2023 milli Evrópusambandsins og allra samstarfsaðila verkefnisins,“ segir Þorvaldur.

Mikil vinna sé nú fram undan en lengd verkefnis er fjögur ár. „Nú er búið að skrifa og reikna í heilt ár, og nú hefst vinnan við að hrinda



Þorvaldur Arnarsson.

verkefninu í framkvæmd. Þetta er auðvitað vegferð og tekur tíma að koma þessu saman en við ætlum að láta hendur standa fram úr ermum. Fyrst þarf að sækja um og fá öll tilskilin leyfi og svo hendum við okkur í þetta. Vonandi getum við farið að sjá afurðir á markaði innan fárra ára,“ segir Þorvaldur.

Verkefninu er skipt upp í mismunandi verkþætti, þar sem hver og einn samstarfsaðili hefur sitt afmarkaða hlutverk. Eitt af hlutverkum Bændasamtakanna er að sögn Þorvaldar að finna leiðir til öflunar og flutnings búfjáraburðar og að brúa bil milli bænda og þeirra sem að verkefninu standa.

„Eins fellur það í skaut samtakanna að kynna niðurstöður verkefnisins opinberlega þegar þar að kemur og mögulega kynna það

fyrir kollegum okkar í Evrópu. Það er enda skilyrði fyrir því að styrkur fyrir svona verkefni fái að þau séu yfirferanleg til annarra landa og nýtist þannig sem flestum.“

Skref í átt að sjálfbærni í áburðarmálum

Styrkurinn er veittur í undirflokk áætlunarinnar sem fjallar um hringrásarhagkerfið og bætt lífsgæði.

„Umhverfis- og loftslagsáætlun ESB styrkir meðal annars verkefni sem efla hringrásarhagkerfið með nýrri tækni og lausnum og styrkinn fengum við til að vinna að nákvæmlega því. Við teljum verkefnið tvímælalaust til þess fallið að geta aukið innlent fæðuöryggi og styrkt áfallaþol íslensks samfélags með framleiðslu á innlendum áburði með þessum hætti,“ segir Þorvaldur.

„Framleiðsla á tilbúnum áburði er, eins og menn vita, afskaplega mengandi iðnaður og áburðarverð á heimsmarkaði hefur hækkað gríðarlega síðustu ár, sem gerir bændum landsins erfitt fyrir. Þar fyrir utan er áburðarframleiðsla á meginlandinu að miklu leyti háð orku frá Rússlandi, sem gerir kaup á slíkum áburði svo sem ekkert mikið meira spennandi í ljósi stöðu mála. Okkar von og trú er að með því að framleiða áburð með þessum hætti hér á Íslandi getum við tekið stórt skref í átt að sjálfbærni landsins í áburðarmálum,“ segir Þorvaldur. /ghp



ALVAR ÖRNORSSON, LÖGMAÐUR, HÉRAÐSSTJÓRNUNARSTJÓRNUN








Hagkvæmar glugga- og hurða heildarlausnir

Fáðu tilboð í viðhaldslitla REHAU Nordic Design Plus PVC/plast eða ál glugga- og hurðakerfi frá þýsku framleiðendunum REHAU og SCHUCO, á hagstæðu verði.

gluggalausnir.is - tilboð@gluggalausnir.is - 5197787 - Glugga lausnir ehf.

Flutningur nautgripa yfir varnarlinur

Nokkuð hefur borið á misskilningi eftir að reglum um flutning nautgripa yfir varnarlinur var breytt.

Breytingin felur í sér að ekki þarf lengur að sækja um leyfi fyrir flutningnum. Aftur á móti gildir enn að sérstök rannsókn skuli fara fram á heilbrigði þeirra gripa sem flytja á milli varnarhólfa, sbr. 25. gr. dýrasjúkdómalaga (nr. 25/1993). Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sigurbjörgu Ólöfu Bergsdóttur, sérgreinaðýralækni nautgripa og sauðfjár hjá Matvælastofnun.



Þessi rannsókn á heilbrigði getur farið fram á tvennan hátt. Annars vegar er hægt að hafa samband við hlutaðeigandi héraðsdýralækni og fá samþykki hans fyrir flutningnum. Hins vegar er hægt að ráðfæra sig við sjálfstætt starfandi dýralækni/dýralækni búans og fá hjá honum vottorð um heilbrigði gripanna

sem síðan er hægt að framvísa til starfsmanna Matvælastofnunar við eftirlit ef þeir óska eftir því.

„Sérstaklega er horft til stöðu garnaveiki á því svæði sem flytja skal frá og hvort veiruskita eða aðrir smitsjúkdómar séu í gangi á svæðinu. Ekki er til þess ætlast að sérhver gripur sé skoðaður heldur að horft sé til söluhjarðarinnar sem heildar,“ segir í tilkynningunni.

Ef smitsjúkdómar eru til staðar er alltaf mest hættu á smiti frá dýri til dýrs og smitvarnir eru aldrei of hátt skrifaðar. /ghp

Bændablaðið kemur næst út
22. júní

can-am[®]

TRAXTER



STERKUR - FJÖLHÆFUR - SNJALL

**Hagkvæmari lausn fyrir
fjölbreytt verkefni í landbúnaði.**



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARI

Riða

Í þessu tölublaði Bændablaðsins eru heimsóttir bændur á fjórum bæjum, sem urðu fyrir því áfalli að skera þurfti niður lífsviðurværi þeirra vegna riðu. Frásögn þeirra er sláandi og því eiga orð bænda þennan dálk:

„Maður upplifir svo mikið varnarleysi, þú hefur ekkert val þegar þú lendir í riðuniðurskurði, þú verður bara að fara að lögum og sitja hljóð hjá þegar bústofninn þinn er sóttur og drepinn – allt það sem þú hefur byggt upp. Þetta er alveg ofboðslegt tilfinningalegt tjón og hrikalegt að lenda í! [...] við vorum öll afar beygð daginn sem bústofninn var sóttur og keyrður burt í síðasta sinn enda áttu allar sínar upphaldskindur. Þarna voru í hópnun m.a. Blíða gamla, Flekka, Eik, Bolla & Dísa – bara bless, og við sjáum ykkur ekki aftur. Síðan taka við þessi ár þegar enginn sauðburður er og svo fyrstu göngurnar þegar við eigum enga kind í fjöllumunum, það var mjög erfitt. Auðvitað er sauðfjárrækt búin að vera stór þáttur í lífi okkar og lífsstíll.“ segir Fjóla Viktorasdóttir á Syðra-Skörðugili í Skagafirði, en búfjárfstofn hennar og eiginmannsins, Elvars Einarssonar, var skorinn niður árið 2021. Hann segir: „Okkur sýnist að allir lendi í því sama, bændur hafa í raun ekkert val og skulu gjöra svo vel að undirgangast ákvæði reglugerðarinnar eins og lög gera ráð fyrir [...] Það var lítið hægt að bæta við eða breyta því sem stendur í reglugerðinni. Þannig að við skrifuðum bara undir og héldum lífinu áfram.“

Gunnar Sigurðsson á Stóru-Ökrum 1 í Skagafirði, sem, ásamt Svanhildi Pálsdóttur, missti allan sinn bústofn vegna riðu árið 2020, segir: „Eins og ljóst má vera af nýlegum málum, til dæmis í Miðfirði, þá er staðreyndin sú að maður getur ekki byrjað á sama stað og maður var á þegar niðurskurðurinn varð. Þú þarft alltaf að borga dálítið mikið með þér. [...] Áfallið hjá mér var fyrst og fremst samfélagslegt, því við vorum á hreinu svæði þar sem hægt var að eiga í viðskiptum með gripi, samgangur var opin, það voru hrútasýningar og heilmikill félagsskapur í kringum sauðféð. Nú skall allt í lás og ég sá fyrir mér að þetta yrði mikið áfall – sem auðvitað kom á daginn. Ég upplifði þetta þannig að við bændur hættum bara að tala saman.“

Elín Anna Skúladóttir á Bergstöðum í Miðfirði segir: „Það var hræðilega erfitt að sjá á eftir kindunum sínum sem áttu nokkrar vikur í burð, hlaupa upp á sláturbílinn. Flestar þeirra voru einstakir karakterar og miklir vinir okkar og maður sá í augum þeirra hvað þær voru óttaslegnar á þessari ringulreið.“

Ári G. Guðmundsson, Bergstöðum: „Auðvitað hefur þetta ferli allt verið mjög erfitt, en þó var líðanin verst þessa páskaþaga sem við þurftum að gefa fénu sem eftir var – vitandi að það væri að fara. Fyrri hópurinn fór á föstudaginn langa og sá síðari annan í páskum. Og enn verra var reyndar að horfa á eftir fénu frá nágrönnum okkar á Urriðaá.“

Dagbjört Diljá Einþórsdóttir á Urriðaá lýsir upplifun sinni: „Við urðum vitni að því, þegar allt varð stopp með urðunarstaði og hræin voru búnar að vera um sólarhring við sláturhúsið á Hvammstanga, að allt í einu sjáum við að það er verið að flytja rollurnar okkar í gámum að flugvellinum á Króksstöðum í Miðfirði. Sá bær blasir við okkur út um stofugluggann. Þá hafði verið ákveðið í skyndi að urða hræin þar án þess að skoða aðstæður almennilega.“

Ólafur Rúnar Ólafsson á Urriðaá segir: „Við náðum einhvern veginn aldrei að syrgja rollurnar fyrir en nokkru seinna. [...] Við vorum svo á kafi í þessu ræktunarstarfi að það er erfitt að útskýra hvað það hafði mikil áhrif á okkur að lenda í þessu – höfðum legið yfir skýrsluhaldinu í Fjávís til að móta okkar eigin línur í ræktuninni sem hefur tekið allan okkar tíma hér þótt stuttur sé.“

„Það er heldur vonlítið fyrir okkur núna að standa í einhverju stríði um að fá sómasamlegan samning um réttlátar greiðslur fyrir okkar bústofn,“ segir Dagbjört.

Mitt á milli umhverfis og verðbólgu

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Hinn 1. júní síðastliðnum var tilkynnt að verkefnið Terraforming LIVE hafi hlotið styrk upp á tæplega milljarð íslenskra króna til að vinna að verkefni sem miðar að því að efla hringrásarhagkerfi innlendrar matvælaframleiðslu og til að koma til móts við loftslagsmál landbúnaðarins til framtíðar.

Ef verkefnið gengur allt eftir er um mikið framfaraskref að ræða í umhverfis- og loftslagsmálum landbúnaðarins. Síðastliðið ár höfum við hjá Bændasamtökunum sett umtalsverða vinnu frá okkar starfsfólki í þetta verkefni sem hefur skilað þessum árangri í samstarfi við meðumsækjendur. Með þessum styrk er þó ekki einvörðungu verið að skoða möguleika á að framleiða umhverfissvænan áburð til nota fyrir bændur, heldur einnig til landgræðslu og annarrar ræktunar hér á landi.

Af þessu tilefni vil ég þakka öllum þeim sem komu með okkur í þessa vegferð, ferlið hefur verið lærdómsríkt og hefur sýnt að bændur vilja vera í forystu þegar kemur að því að leysa loftslagsvandann. Á næstu mánuðum munum við upplýsa um næstu skref um þá verkþætti sem snúa beint að bændum og Bændasamtökunum.

Skýra þarf regluverkið

Til að svona mikilvæg verkefni hljóti framgang þarf að skýra og jafnvel endurskoða verkefnið með hliðsjón á bestu fánlegu tækni, en ein varðan sem taka þarf á snýr að heimildinni til þess að flytja búfjárburð á milli sóttvarnarhólfa svo hægt sé að koma hluta hræfnisins í fullvinnslu.

Teikn eru á lofti innan Evrópusambandsins að á næstu árum munum við sjá samræmd skilyrði í formi regluverks um áburð sem er gerður úr endurunnum eða lífrænum efniviðum og að hvatt verði til frekari notkunar hans með það að markmiði að stuðla að aukinni notkun enduruninna næringarefna sem myndi styðja enn frekar við þróun hringrásarhagkerfisins, auðvelda nýtingu auðlinda og draga úr þörfinni á því að við þurfum að treysta á næringarefni frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. En til að þetta raungerist þarf að treysta á þátt stjórnarráðsins og er þar ábyrgð ráðuneytanna sem fara með skipulagsmál og umhverfis- og loftslagsmál ekki síst minni.

Loftslagsvegvisir atvinnulífsins

Bændasamtökin hafa liðna mánuði unnið að verkefni með fulltrúum umhverfisráðuneytisins sem nefnist Loftslagsvegvisir atvinnulífsins (LVA). Þar hefur BÍ verið aðili að þessu verkefni í nokkur misseri, m.a. á vettvangi Grænvangs. En nú liggur fyrir að ráðuneyti umhverfismála hefur sagt að landbúnaðurinn verði tekinn fyrir síðar án þess að nefna fyrir því ástæður eða hvenær unnið verði áfram að vegvísunum fyrir landbúnaðinn.

Þetta þykir í hæsta lagi athyglisvert þar sem tími til aðgerða er núna og stjórnvöld segjast stefna að því að losun frá landbúnaði verði komin úr tæplega 605 þúsund tonnnum í 575 þúsund tonn Co₂ ígilda árið 2030. Þá er reiknað með að árangur aðgerða hvað varðar samdrátt í losun frá landbúnaði byrji fyrst að skila sér árið 2025, þannig að tíminn er afar naumur.

Í rammasamningi sem var endurskoðaður 2021 kemur eftirfarandi fram:

„Af hálfu stjórnvalda er fyrirhugað að verja verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum. Samningsaðilar telja þýðingarmikið að þar verði stutt við framangreind markmið og munu gera sérstaka samninga um slík verkefni, eftir því sem aðstæður leyfa á gildistíma samkomulagsins.“

Þarna vantar eitthvað inn í samtalið og bendir hver á annan um hvernig eigi að nálgast þetta verkefni. Nú á síðustu dögum áður en alþingismenn fara á sumarfrí er rætt um matvælastefnu og landbúnaðarstefnu til næstu ára og hvernig ætlum við að láta þessi verkefni raungerast nema stutt verði við landbúnaðinn með auknu fjármagni. Því má ekki gleyma þeim skuldbindingum sem atvinnugrein stendur frammi fyrir.

Stýrivextir og verðbólga

Í umhverfi rekstrar er mikill vandi þeirra sem eru skuldsettir og þar eru bændur engin undantekning. Mjög mikil fjárfesting hefur átt sér stað í frumframleiðslunni þar sem aðbúnaðarreglur hafa kallað á mikla fjárfestingu og skuldsetningu í greininni. Og verkefninu hvergi nærri lokið.

Við samantekt Bændasamtakanna um þetta efni hefur verið áætlað að við hverja 100 punkta hækkun stýrivaxta kallar það á tæplega 700 til 900 milljóna króna hækkun útgjalda á ári í greininni. Allt væntanlega helst þetta í hendur við aukin útgjöld og tekjur bænda dragast saman. Hvað er þá til ráða?

Augljósa svarið liggur fyrir, en er það lausnin á viðkvæmum tímum kjaraviðræðna, og hvert eiga bændur að sækja sínar kjarabætur? Þetta höfum við ítrekað í viðræðum um endurskoðun búvörusamninga en lítið hefur borist á öðrum tillögum til að nálgast verkefnið.

GAMLA MYNDIN



Í júlílok árið 1968 greinir Dagblaðið Vísir frá því að á landbúnaðarsýningunni, þeirri stærstu sem þá yrði haldin hérlendis, verði m.a. keppt um verðlaunasæti í uppeldi kálfa. Segir í textanum:

„Tólf unglingar á Suðurlandi fengu sér kálfa, sem þeir tóku að sér að ala upp sjálfir, og mátti enginn annar koma þar nærri. Einn helstist úr lestinni, þar sem honum fannst kjánalegt að bursta og kemba kálfi. Krakkarnir ellefu munu koma með kálfa sína á landbúnaðarsýninguna í Laugardal og leiða þá í dómhring. Hæstu verðlaun eru 10.000 krónur. Tekið verður tillit til byggingarlags

kálfanna, tamningar, framkomu unglings og dagbóka og skýrslna, sem börnin hafa fært um tamninguna af mikilli nákvæmni.“

Ekki kemur fram hvert ungmennanna hlaut verðlaunin, en sýningin, sem haldin var þann 9. ágúst í Laugardalnum, þótti gefa glögg og greinargott yfirlit yfir þróun landbúnaðar og þær framfarir sem orðið höfðu yfir þá áratugi frá því að sýningin var fyrst haldin. /SP



Jónína Sif Eypórsdóttir, starfsmaður kynningarmála Landssambands hestamannafélaga, Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Landssambands hestamannafélaga, og Sverrir Einarsson, formaður hestamannafélagsins Spretts, tóku þátt í miðbæjarreiðinni.



Félagar úr hestamannafélaginu Herði mættu í fallegum íslenskum lopapeysum í miðbæjarreiðina. Á myndinni eru þeir Grettir Börkur Guðmundsson og Jón Kristinn Kristjánsson með fáka sína.



Hákon Hákonarson, formaður hestamannafélagsins Harðar, ásamt Fenri Frey Kolka mættu prúðbúnir til miðbæjarreiðarinnar og höfðu gaman af.



Hestamannafélögin Sprettur og Fákur munu sameiginlega standa að Landsmóti hestamanna árið 2024. Á myndinni má sjá fánabera félaganna, þær Guðnýju Dis Jónsdóttur, Vilfríði Fannberg Sæþórsdóttur og Þorbjörgu Helgu Sveinbjörnsdóttur.



Fremst í flokki riðu Guðni Halldórsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Sigurbjörn Bárðarson landsliðsvaldur í hestaíþróttum.



Síðust en ekki síst fór Bettina Wunsch, hestakona úr Þykkvabænum, sem hafði spennt fjóra gæðinga fyrir vagninn sinn.

Nýr lausapenni Umfangsmeira Bændablað kallar á mannafla og er Þórdís Anna Gylfadóttir nýr liðsfélagi blaðsins. Hún er með meistaraþráðu í verkefnastjórnun og menntaður reiðkennari og hefur viðtæka reynslu í kynningarmálum á sviði matvæla og landbúnaðar. Hún hefur m.a. unnið sem verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, Háskólanum á Hólum og Landsmóti hestamanna. Þórdís Anna bætist í hóp lausapenna blaðsins en netfangið hennar er thordisannag@gmail.com.



MÆLT AF MUNNI FRAM

Við skildum við Orm Ólafsson og hans bráðsnjalla hestabrag í síðasta þætti.

Allt fór það prentverk að vonum og ágætum utan það, að þáttagerðarmanni varð illilega á í sínum aðfaraorðum, þar sem ég hugðist nafngreina heimildarmann að hugverkinu.

Flágelan fór hins vegar með mig í þá skammarlegu skynvillu, að ég tilfæri Ólaf son Orms sem heimildarmann í stað bróður hans, Ágústar Ormssonar. Ólafur var mikill fræðamaður, sem er látinn fyrir nokkrum árum. Ágúst er hins vegar sá er fódraði þáttinn með hinum fágæta kveðskap Orms föður síns. Bið ég þig, Ágúst minn, að virða mér það til vegs, að gamlast tekur mér glöggskyggni og gæfusemi til flestra verka.

Líkt og boðað var í síðasta þætti, þá urðu út undan niðurlagsvísur hestamennskubrags Orms Ólafssonar sem hér fara nú eftir:

*Viðbrögðin munu verða skjót;
-í vor þegar fer að hlýna
reiti ég saman reiðingsdót
og reiðfatagarma mína.*

*Ósköp er gott að eiga hest,
einstakur gleðivaki,
og þægilegheitin þekja best
þeir sem detta af baki.*

Allnokkuð vísnað liggur eftir Orm, þótt ég viti ekki til að neitt hafi hann gefið út á prenti. Ágúst vék að mér öðrum brag eftir föður sinn, sem víða fór og margir þekja, og þótti hið snjallasta hugverk. „Lífsskoðun mín“ heitir ljóðið sem hér fer eftir:

*Ég vil allra götu greiða
grátinn þerra af votri brá.
Ég vil úr myrkri í ljósið leiða,
líkna þeim er sorgir þjá.
Ég vil hugga hrellda móður,
hörmung eyða sérhvers manns,
ég vil leiða blindan bróður,
brautir greiða sannleikans.*

*Ég vil döprum fögnuð færa,
fegurst rækta vonablóm,
ég vil meira um lífið læra,
leita að trúar helgidóm.
Sjúka mannsins byrði bera
breyta ef gæti líðan hans.
Ég vil flestra vinur vera,
verma gróður kærleikans.*

*Ég vil gleyma sorgum sárum,
syrgja fátt sem liðið er.
Ég vil fækka tregatárum,
treysta Guði og sjálfum mér.
Ég vil lífsins fegurð finna,
framar ekkert sælla kys.
Þá mun veröld vona minna
verða jarðnesk Paradís.*

Í einmuna blíðu undangenginna daga gefur víða að líta léttfatað fólk lú garða sína og sá til sumarblóma. **Valdimar Benónýsson** orti í þeim anda:

*Sólin hlær á himinboga,
hlýnar blær við árdagskinn.
Allt sem hrærist lífs af loga
lagið slær á strenginn sinn.*

Margeir Jónsson skræði þessa listagjörð í bók er hann færði Sigurlaugu Jónsdóttur (Sveinssonar) sem bjó þá á Sigurhæðum á Akureyri:

*Væri ég mát af völdum harms,
vonin káta frá mér,
gastu látið lindir hvarms
leggja grátinn hjá sér.*

Aðeins þekktist, og ef til vill enn, nokkuð um áfengisdrykkju á útihátíðum. **Haraldur á Kambi** bar nokkuð sterkar tilfinningar til Bakkusar, og gat þess oftlega í vísu sínum:

*Ég er blankur yfirleitt,
alla jafna þyrstur.
Fer þó ekki fram á neitt
frekar en Jesús Kristur.*

Kynning á íslenska hestinum í miðbæ Reykjavíkur

Landssamband hestamannafélaga (LH) ásamt Horses of Iceland (HOI) stóðu fyrir miðbæjarreið laugardaginn 3. júní sl.

Hestar og knapar frá hinum ýmsu hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi lögðu leið sína í miðbæ Reykjavíkur en áætlaður fjöldi hrossa sem tók þátt í reiðinni var um 60 talsins. Fremst í flokki riðu Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Guðni Halldórsson, formaður LH, og Sigurbjörn Bárðarson, landsliðsvaldur í hestaíþróttum.

Reiðin hófst við Hallgrímskirkju þar sem hestar og knapar hlýddu á ræðu frá Áslaugu Örnú og Guðna ásamt því að ljúfir tónar frá Raddbandafélaginu voru spilaðir. Við þetta tækifæri kynntu tvö stærstu hestamannafélög landsins, Sprettur og Fákur, ákvörðun sína um að halda Landsmót hestamanna sameiginlega á félagssvæði Fáks árið 2024 og þar með var því samstarfi formlega hleypt af stokkunum.

Knapar riðu sem leið lá frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg og Bankastræti yfir á Austurstræti, þar sem beygt var inn Pósthússtræti að Austurvelli. Þaðan var riðið

áfram Vonarstræti og Tjarnargötu þar til komið var á endastað við Hjólsmálagarð.

Lífgar upp á miðbæjarlífið

Guðni Halldórsson, formaður LH, sagði tilgang miðbæjarreiðarinnar vera að vekja athygli á hestaíþróttinni og hestamennskunni í heild sinni. „Þetta er skemmtileg hefð sem hefur skapast, viðburðurinn lífgar upp á miðbæjarlífið og með þessum viðburði viljum við tengja hestamennskuna við lífið í landinu. Knapar úr hinum ýmsu hestamannafélögum tóku þátt í ár og höfðu mjög gaman af.“

Guðni sagði frá því í ræðu sinni að íslenski hesturinn væri stór hluti af þjóðararfi okkar Íslendinga og að þjóðin ætti að gera hestinum mun hærra undir höfði í allri kynningu og framsetningu á Íslandi. „Lundinn, víkingarnir, eldfjöllin, jöklarnir og jarðhitinn er allt frábært en þegar kemur að sérstöðu og stöðu meðal þjóðarinnar þá stenst ekkert af þessu samjöfnuð við íslenska hestinn.“ Guðni taldi það vera skipulagsmistök að ekki væri reiðstígur úr Víðidal og niður að Reykjavíkurtjörn. „Þar

væri kannski aðstaða til að sleppa hestum í hólf, þetta væri passlegur reiðtúr, ríða í bæinn og fá sér eitt ískalt sóðavatn á meðan hestarnir kasta mæðinni.“ Hann taldi þetta vera framtíðarsýn sem vert væri að skoða og gæti orðið lyftistöng fyrir annars fjölbreytt mannlíf miðbæjarins.

Góð auglýsing fyrir hestinn

Aðspurður sagði Guðni að reiðin hefði tekist mjög vel, starfsfólk LH og HOI hefði unnið vel að skipulagningu og þetta væri góð auglýsing fyrir hestinn. „Miðbæjargestir, bæði innlendir og erlendir, tóku okkur mjög vel og voru duglegir að taka myndir og myndbönd og deila því á hinum ýmsu samfélagsmiðlum sem fer svo um allan heim. Þetta er gríðarlega góð auglýsingin fyrir hestinn. Þetta er auðvitað mikið áreiti fyrir hestinn að fara þarna um bæinn, og t.d. var flugsýning í hámarki á Reykjavíkurflogvelli meðan á reiðinni stóð en hestarnir létu það ekki á sig fá.“

Miðbæjarreiðin var fyrst farin árið 2016 og hefur verið haldin ár hvert, þó með hléum á tímum heimsfaraldursins. /PAG

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Matvælasjóður styrkti fjölbreytt verkefni

Fimmtú og þrjú verkefni hlutu styrk úr Matvælasjóði en úthlutun var tilkynnt þann 31. maí sl. Styrkirirnir námu alls 577 milljónum króna.

Alls bárust 177 umsóknir til sjóðsins að þessu sinni en veittir eru styrkir úr fjórum flokkum; Báru, Keldu, Afurð og Fjárjóði.

Bára styrkir verkefni á hugmynda- stigi að hámarki þremur milljónum króna. Styrkflokkurinn er ætlaður einstaklingum og litlum fyrirtækjum fyrir 6 mánaðar löng verkefni sem geta verið til að kanna fýsileika, greina eða útfæra hugmynd tengda íslensku matvælaframleiðslu. Alls hlutu 25 verkefni styrki en á listanum má m.a. finna verkefni um gráðostagerð, geitamjólkurafurðir, gerilsneyðingu matvæla með háþrýstingi, húðvörur úr íslensku nautatölg, krabbavinnslu, heimavinnslu mjólkurafurða, forystu- fjárfjót, um tónik úr íslenskum jurtarótum og leðurgerð með hreistur og beinum.

Rannsóknir á eggjaneyslu og þörungapróteini

Kelda styrkir rannsóknir og verkefni sem miða að því að afla nýrrar þekkingar vítt á sviði íslenskrar matvælaframleiðslu. Ellefu verkefni hlutu styrk en hæstan styrk flokksins, 30 milljónir króna, hlaut Orify ehf. fyrir verkefni sem nefnist „Stafrænn tvífarí matvæla“.

Matís er skráður umsækjandi að sjö verkefnum sem hlutu styrk sem fjalla m.a. um þörungaprótein, fóðrun holdanauta, eggjaneyslu, bruggger og kolefnisspor matvæla. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hlaut styrk fyrir rannsókn á bóg- kreppu og Landbúnaðarháskóli

Íslands fékk styrk fyrir tveimur rannsóknum.

Nú verkefni hlutu styrk úr Keldu, sem hefur þann tilgang að aðstoða fyrirtæki við að styrkja markaðsinnviði og markaðssókn afurða. Veittir voru styrkir fyrir markaðsherferð fyrir nýja wasabi vöru, fyrir vörumerkjaþróun Landeldis ehf., tvær ginframleiðslur fengu styrk fyrir markaðssókn og Ólgerðin Egill Skallagrímsson hlaut styrk fyrir markaðssetningu Collab í Svíþjóð.

Vegan álegg og fullvinnsla hrossakjöts

Átta verkefni fengu úthlutun úr Afurð sem styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en eru þó ekki tilbúin til markaðssetningar. Styrkveitingar miða að því að gefa styrkþegum tækifæri til að móta og þróa afurðir úr hráefnum sem falla til við matvælaframleiðslu.

Hæstan styrk flokksins, 30 milljónir króna, hlaut fyrir- tækið Klaki Tech fyrir verkefnið „Hrognaflokkunar- og þökkunar- búnaður“. Fyrirtækið Jörth ehf. hlaut tæpar 20 milljónir króna til að hagnýta mysuprótein með íblöndun góðgerla, en viðtal við Birnu G. Ásbjörnsdóttur, einn stofnenda fyrirtækisins, má nálgast hér til hliðar. Einnig voru veittir styrkir fyrir verkefni sem miða að því að nýta hliðarstrauum við vinnslu eldislax til matvælaframleiðslu, fyrir ræktun kóngaostra, fyrir þróun nýrra afurða með fullvinnslu á hrossakjöti og fyrir þróun á íslensku vegan áleggi.

Listi yfir styrkþega Matvæla- sjóðs má nálgast á vefsíðu matvæla- ráðuneytisins. /ghp



Birna G. Ásbjörnsdóttir hefur á undanföllum áratugum fengist við næringarráðgjöf og fræðslu en meltingarvegurinn og þarmaflóran hefur verið þungamiðja rannsókna hennar í næringarlæknisfræði. Mynd /ghp

Nýsköpun:

Broddmjólk og mysuprótein undirstaða bætiefnis

– Matvælasjóður styrkir vörupróun á fæðubótarefnum úr landbúnaðarafurðum

Fyrirtæki hjónanna Birnu Guðrúnar Ásbjörnsdóttur og Guðmundar Ármanns Péturssonar, Jörth, hlaut á dögunum tæplega 20 milljón króna styrk úr Matvælasjóði fyrir verkefni sem miðar að því að hagnýta mysuprótein með íblöndun góðgerla.

Vonast Birna til að úr því þróist ný afurð undir merkjum Jörth sem hefur að undanförmu auglýst sína fyrstu vöru á markaði, bætiefnið Abdom 1.0, sem unnið er úr broddmjólk mjólkurkúa.

Broddmjólk hefur verið hjónunum hugleikin í áratugi. „Ég ólst upp við að fá ábrysti og við hjónin höfum vanið okkur á að drekka hana beint,“ segir Birna en út frá samtali þeirra um heilsusamleg áhrif neyslu hennar varð til hugmynd að vöru.

Eftir sjö ára vegferð kom bætiefnið Abdom 1.0 síðan á markað í mars síðastliðnum. Það er að uppistöðu unnið úr broddmjólk úr Gunnbjarnarholti. „Mjólkinni er safnað, hún gerilsneydd, gerjuð og frosthjúruð, við hana er svo bætt sérhannaðri míkroþjupaðri góðgerlablöndu, hún svo sett í hylki í GMP vottaðri framleiðslu,“ segir Birna. Viðtökur hafi verið góðar. „Við erum ekki í massaframleiðslu því við erum að vinna úr takmörkuðum hráefnum og seljum eingöngu beint í gegnum netverslun á heimasíðu Jörth.“

Birna hefur á undanförmum áratugum fengist við næringarráðgjöf og fræðslu en meltingarvegurinn og þarmaflóran hefur verið þungamiðja rannsókna hennar í næringarlæknisfræði. „Ég er ídelega spurð að því hvað hægt er að taka inn til að bæta þarmaflórana. Mataræðið er alltaf númer eitt, tvö og tíu. En ég hef þó alltaf verið að leita að góðu bætiefni.“

Broddmjólkinni komi þar sterk inn enda innihaldi hún æskilega næringu og vörn fyrir afkvæmið fyrst um sinn. Í broddmjólk er fita, hátt próteinhlutfall, kolvetni og hún er rík af steinefnum og vítamínum.

Birna segir broddmjólk ekki nýtt í dag á sama hátt og áður. „Kálfurinn fær nægju sína en nýting á umfram broddmjólk sem kýrin framleiðir er lítil enda hefur



Miðja alheimsins innvortis

Heilbrigð þarmaflóra er mikilvæg af fjölmörgum ástæðum að sögn Birnu.

„Þarmaflóran er miðja alheimsins, innvortis. Hún er þetta umbreytingarafi sem við höfum innra með okkur. Þegar við látum eitthvað ofan í okkur fer maturinn gegnum þetta langa rör, meltingarveginn. Hann er þakinn örverum frá munni og alveg í gegn. Samsetning þarmaflórunnar ræður miklu um hversu vel eða illa okkur gengur að ná góðri næringu úr matnum. Við erum bæði með hagstæðar og óhagstæðar örverur sem hafa áhrif á heilsuna. Það veltur á því hvað við setjum ofan í okkur hvaða örverum við erum að skapa góðar aðstæður til að dafna.“

Hún segir vísindin hafa sýnt fram á tengsl ýmissa sjúkdóma við mataræði í gegnum rannsóknir á þarmaflórunni og meltingarveginum. Ef þarmaflóran sé í miklu ójafnvægi þá geta einkenni verið t.d. uppþemba og óregla í meltingu. En önnur einkenni utan meltingartruflana geta líka verið einkenni ójafnvægis í þarmaflóru, s.s. húðvandamál, ofnæmi og óþol.

neysla ábrysta minnkað. Við sáum tækifæri í að nýta þessa vannýttu auðlind.“

Gerjuð matvæli mikilvæg

Með rannsóknum og vísindum er í auknum mæli farið að tengja ýmsa sjúkdóma við mataræði með því að horfa á heilsuna í gegnum þarmaflórana og meltingarveginn. Einn af lykilmáttum góðrar þarmaflóru er neysla gerjaðrar næringar.

„Við ættum í raun að vera að fá í okkur gerla og gerjaðar afurðir alla daga en við erum almennt ekki að því lengur því mataræði hefur breyst í gegnum tíðina.“

Áður fyrr gerjuðum við matvæli til að auka geymslutíma en í dag erum við með ísskápa og pakkamat og þannig hefur þörfin fyrir gerjum matvæla minnkað. Við hugsuðum því bætiefnið einnig út frá því,

það er gerjuð afurð sem dekkar þá neyslu fyrir nútímamannskjuna,“ segir Birna.


Næsta vara á dagskrá Birnu og Guðmundar inniheldur mysuprótein. „Í dag er mikið af mysupróteinum flutt úr landi og nýtt í líkamsræktariðnaðinn, enda er þetta góður og hollur próteingjafi fyrir líkamann. Það liggja tækifæri í því að nýta þessa afurð á nýjan hátt hérlandis, vinna próteinin og blanda þau gerlum, líft og við erum að gera með broddmjólkina, til að ná fram ákveðinni virkni.“

Hún segir styrki frá Matvælasjóði breyta öllu í vörupróunarferlum líft og þessum. „Styrkurinn gerir okkur kleift að komast upp úr holunni og ráðast í verkefni. Það stýttir leiðina að eiginlegri vörufarmleiðslu,“ segir Birna, en þau hlutu sams konar styrk fyrir þróun Abdom 1.0 árið 2021. /ghp

Banna lausagöngu á Brekknaheiði

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur formlega farið fram á að Vegagerðin girði með framveginum yfir Brekknaheiði samhliða lagningu nýs vegar yfir hluta heiðarinnar.

Vegagerðin setti sem skilyrði fyrir þátttöku í kostnaði sem af þessu hlytist að Langanesbyggð bannaði lausagöngu búfjár á friðuðu svæði við veginn yfir Brekknaheiði. Ætlar sveitarstjórn að verða við þessum óskum og banna lausagöngu búfjár og friða svæði með framveginum frá gatnamótum að Þórshöfn og að



bænum Felli í Finnafirði. Þetta kemur fram í fundargerð sveitarstjórnar frá 11. maí sl. /sá

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM! TIL Á LAGER

BREKKA 34 - 9 fm

25% afsláttur

Tilboðsverð
489.000 kr.

FÁANLEGT Í VEFVERSLUN

STAPI - 14,98 fm

25% afsláttur

Tilboðsverð
779.000 kr.

NAUST - 14,44 fm

30% afsláttur

Tilboðsverð
539.000 kr.

www.kofaroghus.is
Sími 553 1545

KOFAR OG HÚS

CLAAS

CLAAS rúlluvélar og heyvinnutæki



CLAAS Rollant Uniwrap rúllusamstæður
Þar sem afköst, magn og heygæði skipta máli.



CLAAS Disco sláttuvélar
Vinnslubreidd 2 - 10,7 metrar með og án knosara.

CLAAS heyvinnutækin eru þekkt
fyrir framúrskarandi hönnun,
gæði og áreiðanleika.



CLAAS Volto heytætlur
Vinnslubreidd 4,5-13 metrar, drag- og lyftutengdar.



CLAAS Liner múgavélar
Vinnslubreidd 3,2-15 metrar.

 **VÉLFANG** - VERKIN TALA

FRÉTTIR

Kornræktendur fá fyrirframgreiðslu

Opnað var fyrir umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur þann 1. júní sl.

Þeir sem hyggjast rækta korn og stofna jarðræktarumsókn og skrá upplýsingar um sáningu á því í síðasta lagi 15. júní fá fyrirframgreiðslu. Miðast hún að jafnaði við 25% af einingaverði á hektara jarðræktarstyrks ársins á undan, að því er fram kemur í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

Fyrirframgreiðslan er valkvæð og er stefnt að því að greiða hana út fyrir 1. júlí. Kemur hún til frádráttar jarðræktarstyrkjum umsækjanda sem koma til greiðslu í desember. Ekki er greidd fyrirframgreiðsla vegna annarrar ræktunar en kornræktar.

„Þessi breyting er gerð í samræmi við tillögur Landbúnaðarháskóla Íslands í skýrslunni Bleikir akrar til



Bygg á akri.

Mynd / ghp

eflingar kornræktar. Tilgangurinn er að koma til móts við kostnað bænda vegna sáningar og áburðargjafar í kornrækt,“ segir í tilkynningu matvælaráðuneytisins.

Almennur umsóknarfrestur vegna jarðræktarstyrkja og landgreiðslna verður eftir sem áður 1. október en þá á að vera búuð að ganga frá endanlegri umsókn. /ghp



Jóhanna Bergmann Porvaldsdóttir, geitfjárbóndi á Háafelli í Hvítársíðu, var kjörin nýr formaður félags frumframleiðslu- og heimavinnsluáðila á lögbýlum, Beint frá býli, hefur verið með heimavinnslu í áraradír. Mynd / Aðsend

Samstaða framleiðenda afar mikilvæg

– Jóhanna á Háafelli nýr formaður Beint frá býli

Jóhanna Bergmann Porvaldsdóttir, geitfjárbóndi á Háafelli í Hvítársíðu, var kjörin nýr formaður félags frumframleiðslu- og heimavinnsluáðila á lögbýlum, Beint frá býli.

Beint frá býli var stofnað árið 2008 og í dag eru meðlimir þess 55 talsins. Megintilgangur félagsins er að hvetja til heimavinnslu og sölu beint frá bændum og vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hvers konar framleiðslu og sölu á heimanum afurðum.

Beint frá býli varð aðildarfélag Samtaka smáframleiðenda matvæla fyrir rúmi ári síðan og eru samanlagt 114 félagsmenn á lögbýlum í félögunum og heildarfjöldi félagsmanna ríflega 200.

Beint frá býli í 15 ár

„Þau viðfangsefni sem helst eru á döfni núna þegar við erum að sigla inn í sumarið eru að venju þátttaka í bænda- og öðrum matarmörkuðum víða um land og svo matarmarkaði Krónunnar í haust. Það stefnir í stórt ferðamannasumar svo margir félagsmenn verða uppteknir við að taka á móti ferðamönnum og selja vörur sínar beint frá býli.

REKO salan er alltaf á uppleið og svo að sjálfsögðu 15 ára afmæli félagsins sem við stefnum á að halda upp á í haust.

Hlutverk formanns er margs konar, en hefur þó breyst mikið eftir að við fengum til liðs við okkur frábæran framkvæmdastjóra sem við deilum með Samtökum smáframleiðenda, hana Oddnýju Önnu Björnsdóttur. Fyrst og fremst er formaður andlit félagsins út á við. Titlinum fylgja mætingar á fundi af ýmsum toga og að halda utan um stjórnarfund og vera í góðu sambandi við stjórnarmeðlimi og félagsmenn,“ segir Jóhanna.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur

Meginmarkmið félagsins er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki vöru er í fyrirrúmi. Einnig að hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluáferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð.

„Það er mjög mikilvægt fyrir frumframleiðendur að hafa félag eins og Beint frá býli sem vinnur að hagsmunamálum félagsmanna, er málsvari þeirra, kemur sjónarmiðum þeirra á framfæri og stuðlar að

framförum í málefnum sem þá varða. Í gegnum félagið er veitt ýmiss konar fræðsla, ráðgjöf og stuðningur. Slíkur félagsskapur auðveldar okkur að leita til hvert annars með hugmyndir, aðferðir og bestu leiðir til að koma hugmyndum í framkvæmd.

Samstaðan er líka afar mikilvæg þegar verið er að reyna að ná í gegn breytingum á regluverki til að draga úr hindrunum og fá í gegn leyfi fyrir til dæmis heimavinnsluáðstöðu á mjólkurafurðum eða kjötvinnslum, þá þurfa ekki allir að fara í gegnum allt ferlið heldur fá upplýsingar og stuðning frá þeim sem riðið hafa á vaðið,“ segir Jóhanna, en sjálf hefur hún verið með heimavinnslu á geitfjárafurðum á Háafelli í áraradír. Hún framleiðir meðal annars kjöt, osta, snyrtivörur og handverk úr geitaskinni.

Auk Jóhönnu var ný stjórn Beint frá býli kjörin á aðalfundi þess þann 25. apríl sl. Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir er nýr varaformaður félagsins, Hanna S. Kjartansdóttir ritari, Ann-Charlotte Fernholm var kjörin gjaldkeri og Rúnar Máni Gunnarsson kom nýr inn í stjórn. Varamenn eru Guðmundur Jón Guðmundsson og Freyja Magnúsdóttir. /ghp

Brothættar byggðir styrktar

Styrkjum til ýmissa verkefna í brothættum byggðum hefur verið úthlutað.

Byggðastofnun segir frá úthlutun rúmra 48,5 milljóna króna til 72 verkefna sem styrkja á byggð, búsetu og mannlíf byggðarlaga sem starfa undir merkjum Brothættra byggða.

Meðal verkefna sem hlutu styrk er vörubrúna á nautakjöti, hvítlauksræktun og ullarvinnsla í Dalabyggð, verkefni um iðnaðarreikhús, kaffibrennslu og verslun á Stöðvarfirði, bjórbrugg og framleiðslueldhús á Ströndum og kjötvinnsla í Árneshreppi.

Verkefninu Brothættar byggðir var komið á fót með Byggðaráætlun 2014–2017 sem sértækt verkfæri Byggðastofnunar til að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti.



Frá Strandabyggð.

Mynd / ghp

Markmið verkefnisins er m.a. að stöðva viðvarandi fólksfækkun og leita lausna með íbúum byggðarlaganna í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélög og brottfluttra íbúa. Þau byggðarlög sem hluti eru af verkefninu í dag eru Dalabyggð, Stöðvarfjörður, Strandabyggð og Bakkafjörður. /ghp



Undurfagra

Valencia & Alicante

9. – 20. september 2023

Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir & Magnús R. Einarsson

Verð 389.000 kr. á mann í tvíbýli

Upplifðu glæsilegar og einstaklega áhugaverðar spænskar borgir, heimsborgina Madrid, hina undurfögru Valencia og sólríku virkis- og strandborgina Alicante.

bænda
FERDIR

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2
108 Reykjavík



Útflutningur hrossa:

Flest hross flutt til Þýskalands

Alls voru 665 hross flutt út á fyrstu fimm mánuðum ársins, að því er fram kemur í tölum WorldFengs, upprunaeftbók íslenska hestsins.

Útflutningshrossin skiptust niður í 292 hryssur, 142 stóðhesta og 231 gelding og fóru þau til fimmtán landa. Meira en helmingur þeirra, 337 talsins, fóru til Þýskalands. Fjórútu hross fóru til Bandaríkjanna, 59 til Svíþjóðar, 59 til Danmerkur, 43 til Sviss, 41 til Austurríkis og 22 til Frakklands.

Alls hafa 27 hrossanna fengið fyrstu einkunn í kynbótadómi. Hæst dæmdu útfluttu hross það sem af er ári eru stóðhestarnir Spaði frá Stuðlum (ae. 8,73), Organisti frá Horni I (ae. 8,72), Púki frá Lækjarbotnum (ae. 8,49), Kambur frá Akureyri (ae. 8,42), Steingerður



Spaði frá Stuðlum er nú í Þýskalandi en heldur svo til Bandaríkjanna.

Mynd /Alexandra Dannemann

frá Horni I (ae. 8,41), Sigurfari frá Sauðárkróki (ae. 8,41) og Boði frá Breiðholti, Gbr. (ae. 8,40). Ný

heimkynni Spaða og Boða verður Kentucky-ríki Bandaríkjanna.

/ghp

Það sem boðið er upp á í fyrstu tannlæknaskoðun hjá Kreativ Dental

Við bjóðum:

- ▶ Fría skoðun og ráðgjöf hjá reynslumiklum tannlæknum og margverðlaunaðri tannlæknastofu
- ▶ Fría heilkjálkaröntgenmynd (opg xray)
- ▶ Flug greitt allt að 180 evrum (*Sjá skilyrði)
- ▶ Fría nótt á samstarfshótelum (**sjá skilyrði)
- ▶ Þjónustuborð á flugvelli í Búdapest þar sem tekið er á móti okkar gestum strax við komu til borgarinnar
- ▶ Frían akstur á milli flugvallar og samstarfshótela (Arena og Hungaria) við komu og brottför
- ▶ Frían akstur á milli Kreativ Dental og samstarfshótela (Arena og Hungaria)
- ▶ Að öll gögn séu fánleg á íslensku, þ.e. meðferðaráætlanir, reikningar, útskýringar á meðferðum og þjónusta á íslensku
- ▶ Að þeir sem klára meðferð hjá Kreativ Dental fái fría skoðun árlega með heilkjálkaröntgenmynd hjá Kreativ Dental í Búdapest til framtíðar!

Skilyrði:

* Flug. Hefjist meðferð hjá Kreativ Dental innan 6 mánaða frá því ráðgjöf var veitt verður flugmiði niðurgreiddur um allt að 180 evrum ef heildarkostnaður samkvæmt meðferðaráætlun er hærri en 1.800 evrum.

** Frí nótt á samstarfshótelum. Frí nótt er í boði hjá einu af samstarfshótelum okkar ef einstaklingur dvelur á því hóteli yfir þann tíma sem fyrsti hluti meðferðar/ráðgjafar tekur.



**Nýtt bros
-
Nýtt líf**

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða:
kreativdental.is

Facebook:
[kreativdentalisland](https://www.facebook.com/kreativdentalisland)

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir:
grimur@kreativdentalclinic.eu

Sími:
(+354) 859 9403 (frá 9-13)

Allar vikur eru tannheilsuvikur hjá Kreativ Dental í Búdapest!

25 ára reynsla



Kreativ Dental Ísland

- ▶ Rúmlega 4000 Íslendinga hafa fengið þjónustu hjá okkur frá árinu 2016!
- ▶ Stöðug þróun
- ▶ Fjöldi alþjóðlegra viðurkenninga
- ▶ Spara má 50 - 70 % af tannlæknakostnaði

“Nýtt bros – Nýtt líf”

FRÉTTIR



Handhafar landgræðsluverðlaunanna 2023 ásamt landgræðslustjóra og matvælaráðherra. F.v.: Árni Bragason landgræðslustjóri, Hildur Guðbjörg Kristjánsdóttir hjá Midgard, Þröstur Magnússon, formaður Skógræktarfélags Kópavogs og Kristinn H. Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs, Októ Einarsson og Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra.

Mynd / Áskell Þórisson

Þrjú handhafar landgræðsluverðlauna

Októ Einarsson, Skógræktarfélag Kópavogs og ferðapjónustufyrirtækið Midgard eru handhafar landgræðsluverðlaunanna 2023.

Á dögunum veitti Landgræðslan árleg landgræðsluverðlaun en þau hlutu þrjú aðilar sem á ólíkan hátt hafa stuðlað að landgræðslu.

Landeigandi jarðanna Heiðarlækjar og Heiðarbrekku á Rangárvöllum, Októ Einarsson, hlaut verðlaun með því að sýna mikið frumkvæði og vera fyrirmynd annarra landeigenda í landgræðslu að því er fram kemur í umsögn Landgræðslunnar. Októ hefur unnið að því að græða jarðir sínar um árabíl en þær eru illa farnar sökum jarðvegsrofs og hefur nú unnið á um 200 hektara svæði en markmið hans er að koma í veg fyrir frekari eyðingu gróður og jarðvegs, mynda sjálfbæra gróðurþekju og síðar skóglendi.

Kristinn H. Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs, voru afhent verðlaunin fyrir hönd félagsins og verkefnis

um endurheimt birkivistkerfa, sem snýr að söfnun og sáningu birkifræja. Verkefnið hófst vorið 2020 og er markmið þess að efla útbreiðslu birkiskóga með landsátaki við söfnun og dreifingu fræja. Í umsögn Landgræðslunnar segir að Skógræktarfélag Kópavogs, með Kristinn í fararbroddi, hafi borið hitann og þungann af vinnu við framkvæmd verkefnisins.

Þá hlaut ferðapjónustufyrirtækið Midgard í Rangárbíngi eystra verðlaun fyrir skýr umhverfismarkmið í tengslum við nýtingu lands í ferðapjónustu og áherslu á umhverfisfræðslu til starfsfólks og ferðamanna. Í umsögn Landgræðslunnar segir að ferðapjónusta sé ein tegund landnýtingar og í ljósi vaxandi ferðamennsku á Íslandi sé mikilvægt að gefa henni gaum. Í rekstri sínum hefur Midgard lagt áherslu á umhverfismál, s.s. minni matarsóun, fræðslu nemendahópa og eflingu umhverfisvitundar starfsfólks.

/ghp

Ný forysta Hampfélagsins

Ný stjórn Hampfélagsins var kjörin á aðalfundi þess 28. maí sl.

Í henni sitja Andri Karel Ásgeirsson, Anna Karlsdóttir, Gunnar Dan Wium, Gunnar Guttormur Kjeld, Sigríður Árdal, Sigríður Hrönn Sigurðardóttir og Þórun Þórs Jónsdóttir.

Sigurður Jóhannsson, fráfariandi formaður, Oddný Anna Björnsdóttir og Logi Unnarsson Jónsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu en í tilkynningu frá félaginu segir að mikilvægt sé að nýtt fólk með nýjar hugmyndir og eldmóð



komist að og taki næstu skref í starfi Hampfélagsins.

Hampfélagið eru samtök stofnuð til að fræða og miðla þeim ávinningi sem hlýst af nýtingu hamps fyrir betri og sjálfbærari framtíð að því er fram kemur á vefsíðu þess. Það var stofnað í september árið 2019.

/ghp

Alþingi:

Auknar fjárveitingar til viðhalds varnarlína í Miðfjarðarhólfi

Fjárveitingar til viðhalds á tveimur varnarlínunum sauðfjársjúkdóma milli Miðfjarðarhólfs og Vesturlandshólfs hafa verið hækkaðar en verður rúmum 40 milljónum króna úthlutað til viðhalds varnarlína í ár.

Matvælaráðherra samþykkti tillögur Matvælastofnunar um hækkun á fjárveitingu til viðhalds á Hvammsfjarðarlínu úr 3,5 millj. kr. í 5,0 millj. kr. og á Tvídægurínu úr 5,0 millj. kr. í 8,0 millj. kr. Kemur það í kjölfar riðutilfella sem komu upp í Miðfjarðarhólfi og er fjármagninu ætlað að vera nýtt til að skipta út verst fögnu hlutum girðinga á línunum og gera þær vel fjárheldar.

Kostnaðaráætlun vegna viðhalds varnarlína í ár nemur 40.150.000 króna að því er fram kemur í svari matvælaráðherra við fyrirspurn Lilju Rannveigar Sigurgeirsdóttur, þingmanns Framsóknarflokks, um varnarlína sauðfjársjúkdóma. Er þeim kostnaði skipt niður á viðhald þrettán varnarlína.

„Í kjölfar riðutilfella sem komu upp í Miðfirðinum nú í vetur skapaðist mikil umræða um varnarlínur sauðfjársjúkdóma og viðhald þeirra. Mér fannst nauðsynlegt að fá svör við ýmsum spurningum í tengslum við þessi mál og sendi því fyrirspurn á matvælaráðherra. Svar ráðherra dregur fram með skýrum hætti hvaða varnarlínur eru á viðhaldsáætlun. Einnig kemur fram að framlög til viðhalds þessara varnarlína hafa lækkað á undanföllum árum. Það er hins vegar mikilvægt að nú hefur verið ákveðið að hækka fjárveitingu til viðhalds á Hvammsfjarðarlínu og Tvídægurínu,“ segir Lilja Rannveig.



Alls var 271 línubrjótur skráður árið 2022 að því er fram kemur í svari matvælaráðherra við fyrirspurn um varnarlína sauðfjársjúkdóma.



Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks.

Hvammsfjarðarlína nær úr Hvammsfirði milli Þorbergsstaða og Hrótsstaða um Laxárdalsheiði í Hrutafjörð sunnan Fjarðarhorns en Tvídægurína liggur úr

Hvammsfjarðarlínu við Skeggöxl um Kvíslavötn og Arnarvatn stóra í Langjökul við Jökulstalla.

Í svari matvælaráðherra við fyrirspurn Lilju Rannveigar kemur fram hver kostnaður hefur verið fyrir viðhald varnarlína frá árinu 2018–2022 eftir einstökum varnarlínunum og heildarraunkostnaður við viðhald þeirra. Sést þar að raunkostnaður var ávallt hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Einnig má í svari matvælaráðherra finna heildaryfirlit yfir línubrjóta árið 2022 eftir varnarlínunum, aldri og kyni línubrjóta. Þeir voru 271 talsins. Þar sést að í fyrra voru flestir línubrjótur skráðir við Hvítarlínu, 38 talsins, en næstflestar við Miðfjarðarlínu, 23 talsins. Alls voru 17 línubrjótur skráðir við Tvídægurínu og 15 við Hvammsfjarðarlínu.

/ghp



Innviðaráðherra kom nýlega við hjá hópferðafyrirtæki Guðmundar Tyrtingssonar (GTS) á Selfossi og vígði þar nýja 49 manna rafmagnsrútu með því að taka smá rúnt á henni. GTS ætlar sér að rafmagnsvæða allar rútur fyrirtækisins, sem eru um 40 talsins, á næstu fimm árum.

Myndir /MHH

Fólksbílaflotinn ber ábyrgð á 64% losun og hópferðabílar 6%

Ríkisstjórn Íslands hefur sett loftslagsmál í forgang og kynnt sérstaka aðgerðaráætlun þar að lútandi.

Stjórnvöld hafa sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% eða meira til 2030 og stefnt er að kolefnishlutleysi árið 2040 með markvissum aðgerðum.

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra segir að til þess að ná þessu marki þurfi samhent átak stjórnvalda og stofnana með þátttöku allra í samfélaginu, ekki síst öflugra fyrirtækja.

Einstaklingar taka einnig þátt í verkefninu með ýmsum hætti en gera einnig skýrar kröfur um að tekið verði fast á málum. Með auknum umsvifum á síðustu árum,



Sigurður Ingi Jóhannsson.

ekki síst í ferðapjónustu, hefur bílafloti hópferðafyrirtækja stækkað. „Samkvæmt ökutækjaskrá hjá Samgöngustofu eru alls 3.148 hópþingreiðar í landinu en undir þann

ökutækjaflokk falla raunar bæði rútur og allir almenningsvagnar. Við vitum líka að nær allur hópþingreiðaflokkur hefur verið knúinn með dísel, eða 2.996 ökutæki, en 120 eru bensínbílar. Nokkrar rútur eru knúnar með metan eða lífdísil og fimmtán strætisvagnar eru rafknúnir eftir því sem ég veit best,“ segir Sigurður Ingi.

Hann segir að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum hafi verið metin og árið 2021 báru hópþingreiðabílar ábyrgð á 6% af heildarlosuninni.

Flutningabílar bera ábyrgð á 19% og sendibílar 11% en býsna stór fólksbílafloti landsmanna ber ábyrgð á 64% af heildarlosuninni.

/mhh

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar & sláttuorí

STIGA

Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár á Íslandi



Snjóblásarar

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

VETRARSÓL



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Már Guðnason
Húsamiður

Betri lífsgæði með Active JOINTS

Már Guðnason húsamiður hefur starfað við álagsvinnu í gegnum árin. Nú þegar hann er kominn á eftirlaun hafa komið fram ýmis eftirköst erfiðisins. Már hefur fundið út að Active JOINTS frá Eylíf reynist vel til að bæta lífsgæðin.

„Ég var alltaf í átaksvinnu, aðallega í virkjunum. Það hefur komið niður á líkamanum en ég hef verið sérstaklega slæmur í hálsinum. Ég vann lengi í járna-bindingum og oft með mikil þyngsli í höndunum. Það reynir á skrokkinn og kemur fram þegar maður eldist,“ segir hann. „Ég var með mikla verki í hálsinum og átti erfitt með svefn. Ég hafði leitað til heimilislækna í einhver ári, en það eina sem ég fékk út úr því var að taka verkjalyf. Ég fór í nudd með litlum árangri, verkirnir versnuðu bara ef eitthvað var. Ég var síðan sendur í myndatöku og þá kom fram mikið slit í hálsliðum en því miður á svo vandum stað að ekkert er hægt að gera. Eina ráðið voru verkja- og gigtartöflur það sem eftir er, sem mér hugnaðist ekkert sérstaklega vel,“ útskýrir Már.

Get loksins sofð

„Ég sá auglýsingu frá Eylíf um Active JOINTS og hugsaði með mér að það væri nú allt í lagi að prófa þetta. Það var í mars 2020. Eftir fjórar vikur var ég farinn að finna fyrir að eitthvað var að breytast og eftir fjóra mánuði var ég orðinn töluvert betri. Ári seinna var ég hættur að finna fyrir verkjunum í hálsinum. Fyrir mér er þetta kraftaverk og lyginni líkast. Ég fékk nýtt líf. Engar verkjatöflur og mér gekk vel að sofna á kvöldin. Í rauninni er ég laus við verkina,“ segir Már, sem tekur þrjú hylki á dag og ætlar sannarlega að taka Active JOINTS frá Eylíf áfram.

Már var svo óheppinn að fótbrjóta sig fyrir sex vikum og er viss um að Active JOINTS hefur hjálpað beinunum að gróa. Læknirinn er ánægður með hversu vel hefur gengið hjá honum. „Ég var svo óheppinn á leið í Krónuna á Hvolsvelli að detta. Það var rok úti og ég var með tvo nælonpoka sem fuku frá mér. Í flýtinum

að ná þeim hrasaði ég með þeim afleiðingum að ég mólbraut á mér fótinn. Ég brotnaði svo illa að læknirinn sagði að í raun áður en aðgerðin fór fram hefði fóturinn verið ónýtur. Aðgerðin hefði hins vegar gengið vel og ég er farinn að stíga í fótinn,“ segir hann og bætir við: „Enda læknirinn, Benedikt Árni Jónsson, algjör snillingur, besti skurðlæknir á landinu að öðrum ólöstuðum,“ segir hann.

Active JOINTS styrkir beinin

Már segir að hann hafi spurst fyrir hjá Eylíf hvort það hentaði að taka Active JOINTS á meðan beinin væru að gróa. „Mér var sagt að það væri mjög gott þar sem Active JOINTS styrkir beinin. Ég hélt því áfram að taka hylkin og er viss um að það hefur hjálpað þeim að gróa,“ segir hann. „Ég er bara virkilega ánægður með virknina í Active JOINTS og hef mikla trú á þessu fæðubótarefni enda eru innihaldsefni kalkrík sem er nauðsynlegt fyrir viðhald beina. Einnig er C- og D3-vítamín í Active JOINTS frá Eylíf. Ég get ekki annað en mælt með vörunni,“ segir Már og bætir við að eiginkonan taki Smoother SKIN & HAIR og sé sömuleiðis mjög ánægð með þá vöru.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og nýjasta varan er Stronger LIVER, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Ískalki Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Algalíf Reykjanesbæ
- Kísillinn frá Geosilica Reykjanesbæ
- Kollagen frá Marine Collagen Grindavík
- Kítósan frá Primex Siglufirði
- Íslenskar jurtir frá Íslenskri Hollustu Hafnarfirði



Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Ragnar Alfreðsson
Trésmiður

Mælir hiklaust með Stronger LIVER

Ragnar Alfreðsson trésmiður notar bætiefnið Stronger LIVER með frábærum árangri. „Blóðið í mér hefur verið að hlaða upp járn og fylgjast þarf náið með gildunum því ef þau verða of há þarf að fara í aftöppun. Ég fer því í blóðprufur á þriggja mánaða fresti en eftir að ég fór að taka inn Stronger LIVER frá Eylíf hafa lifrargildin, sem voru áður ekki upp á tíu, snarbreyst til hins betra. Það er einfaldlega allt í topplagi eftir að ég fór að taka inn þetta magnaða bætiefni sem hefur breytt ótrúlega miklu fyrir mig,“ segir Ragnar, alsæll með árangurinn.

Hann hefur tekið inn Stronger LIVER samviskulega upp á dag hvern í hálf tölur ári. „Ég mæli 100 prósent með Stronger Liver því ég þekki það af eigin raun. Ég er yfirleitt ekki ginnkeyptur fyrir töflum eða bætiefnum en fékk ábendingu um Stronger LIVER frá Eylíf. Í fyrstu var ég hikandi og hafði enga trú á áhrifum þess en eftir að ég fór að lesa mér til um bætiefnið ákvað ég að prófa. Ég var nýkominn úr blóðprufu þar sem lifrargildin voru alltof há og fannst ég ekki hafa neinu að tapa að gefa þessu séns. Eftir þriggja mánaða skammt varð ég svo nánast orðlaus yfir því hvað gildin höfðu breyst mikið þegar ég fór næst í blóðprufu. Stronger LIVER var greinilega að svínvirka,“ segir Ragnar, og læknirinn hans var líka hissa á betri lifrargildum. „Ég sagði lækninum að ég væri að taka inn Stronger LIVER og hann sagði það greinilega virka mjög vel, sem eru sannarlega góð meðmæli. Vitaskuld má maður ekki vera með fordóma fyrirfram og dæma það sem maður veit ekki um. Það heillaði mig líka að bætiefnið er unnið úr náttúrulegum og íslenskum hráefnum,“ segir Ragnar sem mælir eindregið með Stronger LIVER. „Nýrnastarfsemin var líka í þínu ólagi hjá mér en þetta virðist haldast í hendur því nýrnagildin hafa líka lagast eftir að ég fór að taka inn Stronger LIVER. Ég er mjög ánægður og mun halda áfram að taka inn þetta einstaka bætiefni inn fyrir heilsu mína. Ég mæli því hiklaust með Stronger LIVER fyrir alla sem glíma við ójafnvægi í járnþúskaþunum því allt hefur það lagast í mínu tilviki og ég hef þurft að fara miklu sjaldnar í aftöppun en áður. Ég hef líka hvatt félagi mína sem eru með of hátt lifrargildi að taka inn Stronger LIVER og senn kemur í ljós hvort gildin hafi ekki lækkað hjá þeim líka.“



FRÉTTIR



Stjórnarkonur FKA Austurlands f.v.: Jóhanna Þráinsdóttir, Valdís Björk Geirsdóttir, Ragna S. Óskarsdóttir, Heiða Ingimarsdóttir, Jóhanna Heiðdal og Jóna Björt Friðriksdóttir. Á myndina vantar Óglu Heiði Hauksdóttur, Hrafnísi Báru Einarsdóttur og Rebekku Rán Egilsdóttur. Mynd / FKA

Forkólfar á Austurlandi sameinast í FKA

Konur á Austurlandi hafa nú stofnað Félag kvenna í atvinnurekstri á Austurlandi. Stofnfundur FKA Austurlands var haldinn eystra í lok maí og sóttu hann rúmlega hundrað konur af öllu landinu.

Markmiðið með stofnun félagsins, sem verður landsbyggðar-deild í Samtökum kvenna í atvinnulífinu (FKA) ásamt Norðurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi, er að efla konur, stuðla að auknu samtali kvenna á milli, fjölga tækifærum kvenna í atvinnulífinu á Austurlandi ásamt því að tengjast öðrum félagskonum FKA óháð staðsetningu.

„Nú er það kvenna á öllu Austurlandi að ákveða hversu bratt þær mæta í fjörið í FKA en næstu

skref eru að hrista hópinn saman og efla tengslin. Svo koma þær af krafti í starfið hjá félaginu sem er bæði blómlegt og fjölbreytt,“ segir Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA.

Í stjórn FKA Austurlands sitja sjö konur og tveir varamenn. Það kemur í hlut þeirra að móta starfið út frá gildum og markmiðum FKA en þróa starfsemi á þann hátt að gagnast konum á Austurlandi sem best.

Þess má geta að í ársbyrjun 2006 stofnuðu konur á Austurlandi samtökin Tengslanet austfirskra kvenna, TAK, sem enn er starfandi og var stofnað til að efla konur á Austurlandi til þátttöku og sýnileika hvarvetna í samfélaginu og við stjórnvölinn.

/sá



„Ég held að þetta sé góð þróun að lækka þröskuldinn í 8,0 fyrir hægt tölt svo fjögurra og fimm vetra hross eigi möguleika á hærri einkunnum fyrir tölt.“ segir Helga Una Björnsdóttir sem sýnir hér Bárð frá Sólheimum á Landsmóti hestamanna 2022. Mynd / ghp

Hrossarækt:

Telur breytingar á vegvísi kynbótasýninga jákvæðar

– Þröskuldur fyrir tölteinkunn lækkaður hjá fimm vetra hrossum

Vorsýningar kynbótahrossa fara rólega af stað. Nokkrar breytingar hafa orðið á vegvísi um kynbótahross sem kynbótaknapi telur gagnlegar.

Fyrsta kynbótasýning sumarsins er haldin dagana 5.–9. júní á Hellu. Þar eru 128 hross skráð til leiks. Fyrsta kynbótasýningin var á dagskrá 30. maí–2. júní en var aflýst þar sem ekki var næg skráning, en lágmarksfjöldi hrossa á hverja sýningu eru 30 hross. Sömu sögu er að segja um kynbótasýningar sem átti að halda í Víðidal vikuna 5.–9. júní og í Spretti vikuna 12.–16. júní.

Elsa Albertsdóttir ræktunarleiddi segir að á hverju ári mæti um 1.000 hross til dóms. Vorsýningarnar fari hægt af stað en það virðist vera hefðin þegar ekki er um Landsmótsár að ræða. Þá sé yfirleitt meiri ásókn í miðsumarssýningarnar. Elsa hvetur alla þá sem huga á sýningar til kynbótadóms að kynna sér vel efni og innihald vegvísis um kynbótadóma hrossa sem gefin er út af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) á hverju vori. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um reglur og framkvæmd sýninganna, s.s. ræktunarmarkmiðin, dómsskalann, siðareglur og upplýsingar um leyfilegan búnað. Í vegvísi hvers árs er einnig að finna ýmsar áhugaverðar tölulegar upplýsingar.

Leyfilegur beislubúnaður í stað bannlista

Elsa segir að helsta breytingin á reglum er varða kynbótasýningar hrossa sé sú að nú er tilgreindur listi yfir leyfðan beislubúnað.

„Í stað þess sem áður var þá var tilgreindur bannlisti og því allt leyft sem ekki var á bannlistanum. Ákveðið var að breyta þessu til einföldunar og birta eingöngu lista yfir þann beislubúnað sem er leyfður.“ Leyfilegur búnaður eru hringamél og stangir með einum taum og málalaus búnaður með skilyrðum. Einjárnungar með vogarafli (stöngum) eru ekki leyfðir.

Kynbótasýningar 2023

Vorsýningar	
5.–9. júní	Hella
12.–16. júní	Hella
12.–16. júní	Hólar
19.–23. júní	Hella
19.–23. júní	Selfoss
19.–23. júní	Hólar
Fjórðungsmót Austurlands 6.–9. júlí	
Miðsumarssýningar	
17.–21. júlí	Hella
17.–21. júlí	Hólar
24.–28. júlí	Hella
Siðsumarssýningar	
14.–18. ágúst	Selfoss
21.–25. ágúst	Hólar
21.–25. ágúst	Hella

Ein breyting hefur verið gerð er varðar fyrirkomulag reiðdóma, svokallaða þröskulda fyrir hærri einkunnir. Til glöggvunar þá er gefin einkunn fyrir tölt í hæfileikadómi sem hefur 16% vægi. Einnig er gefin einkunn fyrir hægt tölt sem hefur ekki vægi en sú einkunn hefur sterk tengsl við tölteinkunnina og þarf að ná ákveðnum þröskuldum svo hægt sé að gefa hærri einkunnir fyrir tölt.

„Ákveðið var að láta það sama gilda hjá fjögurra og fimm vetra hrossum varðandi tengsl á milli hægs tölts og tölts, þannig að þröskuldurinn verði 8,0 fyrir hægt tölt svo þau eigi möguleika á 9,0 í einkunnum fyrir tölt.“

Áður var þröskuldurinn 8,5 fyrir hægt tölt hjá fimm vetra hrossum svo þau ættu möguleika á 9,0 fyrir tölt,“ segir Elsa. Ástæðuna fyrir þessari breytingu segir hún vera að fimm vetra hross séu óhörðnuð og þurfa ekki að sýna sömu burðareiginleika á hægu tölti og eldri hross en ættu samt að eiga möguleika á hærri einkunnum fyrir tölt.

Lækkun á þröskuldi jákvæð

Kynbótaknapi ársins 2022, Helga Una Björnsdóttir, er í óða önn að undirbúa hross fyrir kynbótasýningar

sumarsins. Aðspurð sagðist Helgu Unu lítast vel á kynbótasumarinn sem er fram undan og þá sérstaklega ef veður færi að skána. Helga Una stefnir með þó nokkurn fjölda hrossa til sýninga. „Þetta eru svona um 20–30 hross sem ég stefni með í sýningu núna á vorsýningunum. Ég er með fullt af fínum ungum hrossum og svo einnig einhver aðeins eldri.“

Aðspurð um uppfærslur vegvísis kynbótadóma hrossa taldi hún þær jákvæðar og þá sérstaklega lækkun á þröskuldi er varðar tengsl á milli hægs tölt- og tölteinkunna.

„Ég er þó þeirrar skoðunar að það ætti að prófa það að dæma þessa eiginleika í sitthvoru lagi, án þröskulda, hægt tölt og tölt. Ég held að það gæti komið betur út.“

En ég held að þetta sé góð þróun að lækka þröskuldinn í 8,0 fyrir hægt tölt svo fjögurra og fimm vetra hross eigi möguleika á hærri einkunnum fyrir tölt.“

Betra ef fleiri hross kæmu til dóms

Helga Una segir að miklar kröfur séu gerðar til hrossa sem mæta til kynbótadóms, þau hross þyrftu að geta ótrúlega mikið til að komast vel í gegnum kynbótadóm. „Það eru til dæmis ekki mörg fjögurra vetra hross sem þola mikla þjálfun og að hægt sé að sýna þau til afkasta á vellinum. Hrossin eru þó alltaf að verða betri og betri heilt yfir.“ Hvað varðar fjölda hrossa sem mæta til kynbótasýninga telur Helga Una að farið sé að velja meira úr hvaða hross mæta til dóms heldur en áður. „Það er leiðinlegt ef hross sem eru fín, en kannski engir ofurhestar, mæti ekki til dóms. Það væri skemmtilegra ef fleiri hross myndu mæta í dóm, til að sjá betur heildarmyndina,“ segir Helga Una.

Að loknum vorsýningum ættu línur svo að fara að skýrast hvaða hross fara fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti Íslenska hestsins sem haldið verður í Hollandi í ágúst. /PAG

Hátækni á Blönduósi

Foodsmart Nordic er nýtt framleiðslufyrirtæki fæðubótar-efna og hefur sérhannað húsnæði á Blönduósi undir vinnsluna.

Í fréttatilkynningu segir að framleiðsla á tilraunastigi sé hafin og hyggist forsvarsmenn fyrirtækisins, þau Katrín Amni Friðriksdóttir og Viðar Þorkelsson, hefja formlega starfsemi í sumar. Að sögn þeirra er meginmarkmið Foodsmart Nordic að gera Ísland að virkum og vaxandi þátttakanda á alþjóðlegum fæðubótarmarkaði. Að baki félaginu standi öflugur hópur fjárfesta og þar af sumir með rætur á svæðinu. Rannsóknasetur félagsins er á Skagaströnd. Fæðubótaræfnin eru framleidd úr íslensku sjávarfangi en rannsóknir hafa staðið yfir á m.a. kollageni, sæbjúgnadufti og

fiskpróteinum úr íslenskum þorski.

Fjárfesting í fasteign að Ægisbraut 2 og tækjabúnaði nemur um eða yfir 500 m.kr. og stefnt að frekari stækkun þegar fyrirtækið hefur haslað sér völl. Áætlað er að framleiða um 150 tonn fullunninna afurða nú í fyrsta áfanga. Framleiðslan verður gæðavottuð til útflutnings.

Viðar segist vænta þess að Foodsmart Nordic auki fjölbreytni í atvinnulífinu á Blönduóssvæðinu. „Bein störf á svæðinu í tengslum við reksturinn verða um 15 á næstu 2-3 árum. Þá eru ótalin afleiðd störf tengd núverandi uppbyggingu og svo viðskiptum til framtíðar, auk þess sem uppbygging nýsköpunarstarfsemi hefur jafnan hvetjandi áhrif á nærumhverfið,“ segir Viðar. /sá

ALLT TIL ALLS!

Drifsköft - Tindar - Hnífar

velaval.is
alltaf opint.

fylgstu með okkur á
velavalehf

Síur - Drifsköft og drifskaftsefni

Sendum um land allt!


Tindar og festingar - Sláttuvélhnífar og festingar

Sími: 453 8888 - Opíð virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

STEINULLAR- EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



■ Íslensk, CE vottuð framleiðsla

■ Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.

■ Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.

■ Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.


■ Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþróttahús og iðnaðarhús.

■ Samþykktar fyrir E160 milliveggi.

NYTJAR HAFSINS



Magnús Ríkarðsson skipstjóri, til vinstri, og Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, til hægri. Hér eru þeir við afhjúpun minnisvarða um drukknada í Vestmannaeyjum á sjómannadaginn um liðna helgi.



Loðnuveiðar um vetur. Sjómennskan í dag er orðin hátæknistarf með tilkomu allrar þeirrar tækni sem er um borð í skipunum. Mynd / Þráinn Kolbeinsson

Öryggismál sjómanna

– „Okkur vantar konur til sjós“, segir Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Í bernskuminni mínu, líklega fyrir 1970, er minning vonar og ótta. Þá hafði pabbi, við annan mann, farið á sjó á tveggja tonna trillu að hausti að vitja haukalóðar (línu) sem gaf von um skötu og lúðu.

Þeir ætluðu að skjótast milli lægða að vitja um og reiknuðu með að koma aftur um hádegið. Brælan var fyrr á ferðinni og ekkert sást til þeirra í hádeginu. Þeir voru án björgunarbáts, talstöðvar og síma. Engin leið var að

vita hvernig gengi eða hvort allt væri í lagi. Ég sat límdur við gluggann, milli vonar og ótta. Undir síðdegiskaffið var sjórinn orðinn ísýggilegur, en viti menn, birtist ekki smáskektan, inn á milli öldutoppa og smábrot á landleið. Það var glaður lítill hnokki sem tók sprettinn niður á bryggju að fagna pabba sínum. Pabbinn var ekki síður glaður að fá að taka strákinn sinn í fangið aftur. En það hafa ekki alltaf allir verið jafn heppnir og glaðir.

Sjómennska var saga sjóslysa

Saga Íslendinga er að hluta til saga sjóslysa. Frá upphafi sjómannadagsins í Vestmannaeyjum árið 1944 hafa

rúmlega 1.100 sjómenn farist. Það er því ekki að undra að sjómannadagurinn er dagur sorgar og söknuðar ekki síður en gleði sjómanna og fjölskyldna þeirra. Í Vestmannaeyjum er ávallt haldin messa til minningar um drukknada sjómenn þar sem minning þeirra er heiðruð í sérstakri athöfn. Í ár var einnig afhjúpaður í Vestmannaeyjum minnisvarði um drukknada frá árinu 1227. Alls höfðu 502 drukknad frá þeim tíma, langflestir sjómenn.

Forvarnir og færri slys

Slysavarnaskóli sjómanna var stofnaður árið 1985. Við fengum Hilmar Snorrason, skólastjóra skólans, til að fara yfir þróun slysa á sjó og hvers vegna þeim hefur fækkað.

„Þetta var hrikalegt hér á árum áður. Þegar ég var að alast upp og man eftir mér, um og upp úr 1970, og fór síðar á sjó sem unglingur, þá voru forsiður blaðanna oft með myndum af mönnum sem höfðu farist á sjó. Heilu og hálfu áhafnirnar. Þarna voru fjölskyldur að missa ástvíni sína og börn feður sína. Stundum fórst fjöldi manna úr sömu byggð. Þetta var hreinlega skálmöld. En þetta er allt að breytast sem betur fer,“ segir Hilmar.

Margt hefur breyst á undanförunum árum. Skip eru betri en áður, þau eru stærri og tæknivæddari, hafa betri siglingatæki og aðbúnað sjómanna. En það eru fyrst og fremst nýrri skipin. Svo hafa veðurspár batnað, sjósókn er ekki eins kappsfull því meginhluta fiskveiða Íslendinga er stýrt með kvótakerfi þar sem hvert skip eða fyrirtæki er með ákveðinn kvóta og því ekki ástæða til að róa í vondum veðrum eða veðurútliti. En það er ekki bara að menn hugi að aðstæðum og aðbúnaði um borð í skipum. Við þetta bætast tilkynningarskylda sjómanna sem nú er orðin sjálfvirk, öflugri björgunartæki Landhelgisgæslunnar og fleira. Allt þetta hefur haft jákvæð áhrif til fækkunar sjóslysa. En hvert er mat Hilmars á að sjóslysum hafi fækkað? „Það eru margar ástæður fyrir því,“ segir Hilmar. „Frá stofnun skólans er það fyrst og fremst öryggisfræðsla. Öryggisbúnaður sem var sjaldan notaður er nú notaður, eins og öryggishjálmar, öryggisvesti,

líflínur og fleira. Menn eru farnir að nota þetta við vinnu um borð í skipum. Þetta hefur leitt af sér fækkun slysa um borð í skipum. En allt byggir þetta á hugarfari sjómansins og stjórnenda skipanna. Menn verða að vera vakandi fyrir umhverfi sínu í vinnunni og hafa rétt hugarfar. Það skiptir mestu máli.“

Hver er ábyrgð eigenda og útgerða skipanna?

En hvað með eigendur og útgerðarmenn? Hvernig hafa þeir staðið sig? „Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að útgerðarmenn eiga að vera harðir þegar kemur að öryggismálum og það á að gera kröfur til þess að öryggismál séu í lagi. Það er skylda að halda æfingar, það er skylda að vera með áhættumat og það er skylda að vera með öryggisnefnd í vissum stærðum skipa. Allt er þetta liður í forvörnum um borð. Menn munu ekki ná niður slysatíðni nema með forvörnum. Þess vegna eiga útgerðarmenn að vera harðir við sína menn á sjó,“ segir Hilmar. „Það stendur hvergi í lögum að sjómenn eigi að fiska en það stendur í lögum að menn skuli halda æfingar.“

Með stærri og aflmeiri skipum verður allt stærra og þyngra. Þegar eitthvað fer úrskaiðis þá verður hættan mun meiri heldur en á minni bátum. Nætur sem verið er að snurpa í dag eru gríðarstórar og þungar og dregnar af aflmiklum spilum en í árdaga voru þær dregnar á höndum. Það leiðir að sjálfsgöngu til þess að sjómenn verða að meta vinnustaðinn sinn með gagnrýnum hætti. Áhöfn hvers skips þarf því að vera samhæfð og æfð. Slys verða oftast vegna þess að einhver var að gera það sem hann átti ekki að gera. Yfirvegun og skynsamur ákvarðanir skipta miklu nú í sjómennsku en ekki djöfulgangur og að rjúka í verkin með böðulsskap eins og áður var.

Hvildartími sjómanna

Vökur sjómanna voru þekktar og hér á árum áður voru vökulög sett sem kváðu á um lágmarkshvöld sjómanna. Nú eru skipin betri, eins og áður sagði, og vinnan ekki eins líkamlega erfið, þótt auðvitað geti hún verið það í mörgum tilfellum, en eru menn þá ekki betur í

stakk búnir til að takast á við verkefni dagsins?

„Auðvitað er þetta miklu betra, en það er ekki alveg allt í góðu lagi þar,“ segir Hilmar. „Menn hafa vissulega betri aðbúnað, eru einir í klefa, jafnvel með sérstakt baðherbergi og sturtu fyrir sig, og internettingu inni í sínum klefa, þá er ekki öll sagan sögð. Menn verða að hugsa líka um sjálfan sig. Það gengur ekki að nota hvíldartíma sinn til að hanga á netinu til að herfa á bíómyndir í klefanum eða vera á spjallrásum samfélagsmiðla og sofa svo 2–3 tíma og koma örþreyttir til vinnu. Það gengur auðvitað ekki. Við tókum það saman hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa að algengasta ástæða stranda skipa var að skipstjórnendur höfðu verið vakandi allt að sólarhring og upp í tvo og sofnuðu svo allt í einu.“

Launajafnrétti, fjölmennning og framtíðin

Með fjölgun útlendinga um borð í skipum er augljóst að samskipti verða kannski ekki jafn auðveld og áður. Skipulag skiptir augljóslega öllu þegar hættu ber að höndum. Hvernig er það, getur þetta ekki haft áhrif? „Jú, útlendingar eru margir hörkugóðir sjómenn. En samskiptin og samhæfing þarf að vera í lagi. Það er ekki bara dagsdaglega vinnan sem skiptir máli, heldur líka hvað gerist þegar neyðin kemur upp. Áhöfn er einfaldlega eitt lið. Því skiptir skipulag, samhæfing og æfing kannski enn meira máli en áður,“ segir Hilmar en bætir svo við um framtíðina: „Sjómennskan í dag er orðin hátæknistarf með tilkomu allrar þeirrar tækni sem er um borð í skipunum. Hún er að verða allt öðruvísi en hún var.“

Okkur vantar ungt fólk með tækniþekkingu til sjós og konur líka. Það má ekki gera lítið úr því að það er launajafnrétti til sjós. Þar eru allir á jöfnum hlut, hvort heldur það eru karlar eða konur og hefur alltaf verið. Okkur hefur ekki auðnast það að auka hlut kvenna í sjómennsku, því miður. Konur eru lagnari við tæki en karlar og því er engin ástæða til annars en að hvetja þær til að ráða sig til sjós. Við verðum að gefa þeim tækifæri í framtíðinni.“



SeaRanger og Rescue Runner
eru trúlega ein mögnuðustu björgunartæki
sem í boði eru í dag.
Getum boðið nýja báta á góðu verði.
Leitið tilboða hjá okkur.

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697 4900, Netfang : sala@svansson.is



Í samstarfi við KUHN verksmiðjurnar hefur Vélfang ákveðið að framlengja afsláttartilboð sitt 5 ágúst.



Tryggðu þér KUHN á góðu verði og farðu öruggur út í sumarið.

Sláttuvélar		Fjöldi diska	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður					án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reimdrifi	8	3,10	711	56	1.926.000	2.388.240	1.637.000	2.029.880
GMD 3511	Bein driftening með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.555.000	3.168.200	2.172.000	2.693.280
GMD 4011	Bein driftening með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	2.985.000	3.701.400	2.537.000	3.145.880
GMD 4411	Bein driftening með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	3.118.000	3.866.320	2.650.000	3.286.000
GMD 310 F	Framsáttuvél	8	3,1	1010	43	2.935.000	3.639.400	2.495.000	3.093.800
GMD 3525 F	Framsáttuvél	8	3,5	1180	49	3.738.000	4.635.120	3.177.000	3.939.480
A-rammi	A rammi/hraðtengi f. framsáttuvélar					125.000	155.000	106.000	131.440
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	8,2-8,8	2648	122	7.750.000	9.610.000	6.588.000	8.169.120
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	9,1-9,5	3405	135	10.080.000	12.499.200	8.568.000	10.624.320
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	24	9,5-9,9	3530	141	10.530.000	13.057.200	8.951.000	11.099.240
FC 3515D	Með knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.465.000	5.536.600	3.795.000	4.705.800
FC 3125 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	3.856.000	4.781.440	3.278.000	4.064.720
FC 3525 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	4.264.000	5.287.360	3.624.000	4.493.760
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	12.285.000	15.233.400	10.442.000	12.948.080
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	13.740.000	17.037.600	11.679.000	14.481.960
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hlíðartengd	8	3,5	2280	90	5.410.000	6.708.400	4.599.000	5.702.760
FC3561TCD	Dragtengd með knosara, miðjutengd	8	3,5	2480	84	6.170.000	7.650.800	5.245.000	6.503.800
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	2,5	7,10	54	54	1.525.000	1.891.000	1.296.000	1.607.040
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	3,03	9,20	78	78	1.790.000	2.219.600	1.522.000	1.887.280
BPR 305	Hagasláttuvél fram- og afturvél	3,03	11,00	100	100	2.465.000	3.056.600	2.095.000	2.597.800

Ath. allar sláttuvélar eru með hraðskiptibúnaði á hnífum

Héytætlur		Fjöldi arma	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður					án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.317.000	1.633.080	1.119.000	1.387.560
GF 5202	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	7	5,4	660	23	1.564.000	1.939.360	1.329.000	1.647.960
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	1.975.000	2.449.000	1.679.000	2.081.960
GF 6502	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	920	30	2.257.000	2.798.680	1.918.000	2.378.320
GF 7902	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	2.920.000	3.620.800	2.482.000	3.077.680
GF 7902T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	3.798.000	4.709.520	3.228.000	4.002.720
GF 8703	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1380	50	3.375.000	4.185.000	2.869.000	3.557.560
GF 8703 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1760	50	4.070.000	5.046.800	3.460.000	4.290.400
GF 10803	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1620	55	4.470.000	5.542.800	3.800.000	4.712.000
GF 10803T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1980	55	5.055.000	6.268.200	4.297.000	5.328.280
GF 13003T	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2800	80	7.050.000	8.742.000	5.993.000	7.431.320



Múgavélar		Fjöldi arma á stj	Fjöldi tinda á arm	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður					án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GA3006M	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	3,2	286	820.000	1.016.800	697.000	864.280
GA3901	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	10	4	3,9	520	1.255.000	1.556.200	1.067.000	1.323.080
GA 4201	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	4,2	560	1.400.000	1.736.000	1.190.000	1.475.600
GA5031T	Einnar stjörnu dragtengd m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	2.229.000	2.763.960	1.895.000	2.349.800
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	4.084.000	5.064.160	3.471.000	4.304.040
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	4.820.000	5.976.800	4.097.000	5.080.280
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	5.950.000	7.378.000	5.058.000	6.271.920
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	6.221.000	7.714.040	5.288.000	6.557.120
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	11.222.000	13.915.280	9.539.000	11.828.360
GA 6002	2ja stjörnu hlíðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	3.100.000	3.844.000	2.635.000	3.267.400

Herfi,tætunar og sáðvélar		Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Aflþörf hö. lágmark	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður				án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunar- og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.292.000	2.842.080	1.948.000	2.415.520
HR 304D	Rótherfi með jöfnunar- og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.729.000	3.383.960	2.320.000	2.876.800
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunar- og gaddakefli	3,0	1390	80-250	2.820.000	3.496.800	2.397.000	2.972.280
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunar- og gaddakefli	3,5	1635	90-250	3.245.000	4.023.800	2.758.000	3.419.920
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunar- og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.598.000	4.461.520	3.058.000	3.791.920
HR5004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	5,0	2625	130-250	6.163.000	7.642.120	5.239.000	6.496.360
HR6004DRC	Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu	6,0	3350	180-350	7.386.000	9.158.640	6.278.000	7.784.720
EL92/180	Jardtævari	1,8	525	51-100	1.405.000	1.742.200	1.194.000	1.480.560
EL92/230	Jardtævari	2,3	605	58-100	1.521.000	1.886.040	1.293.000	1.603.320
EL122/250	Jardtævari, gaddakefli kr. 450.000 án vsk	2,5	955	65-125	1.906.000	2.363.440	1.620.000	2.008.800
EL122/300	Jardtævari, gaddakefli kr. 530.000 án vsk	3,0	1105	75-125	2.079.000	2.577.960	1.767.000	2.191.080
EL162/300	Jardtævari með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	2.820.000	3.496.800	2.397.000	2.972.280
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780	l fræbox, herfi	2.911.000	3.609.640	2.474.000	3.067.760

Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar		Sópinda	Dekkjastað	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður			án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hófi,netb. búnaður, 14 hnifar, stíflusunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	11.550.000	14.322.000	10.973.000	13.606.520
i-BIO OC23	23 hnifar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	12.050.000	14.942.000	11.448.000	14.195.520
Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+	pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfiljum					958.000	1.187.920
FBP3135-14	14 hnifar, sjálfv. smurkerfi, netb. búnaður, tandem vökvastíflusun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22,5	14.300.000	17.732.000	13.585.000	16.845.400
FBP3135-23	14 hnifar, sjálfv. smurkerfi, netb. búnaður, tandem vökvastíflusun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb.	2,3 m	500/45-22,5	14.800.000	18.352.000	14.060.000	17.434.400
FBP3135-23	23 hnifar, sjálfv. smurkerfi, netb. búnaður, tandem vökvastíflusun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. Plast- og netbindibúnaður, pakkar með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfiljum 3D (privíðar) pökkunarúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	500/45-22,5	15.760.000	19.542.400	14.972.000	18.565.280



ATH. Þetta er aðeins lítið brot af vöruvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvara. Verð miðast við gengi EUR 140 og gerður er fyrirvar um ásláttarvillur.

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Afleiðingar aðfangahækkana síðasta árs enn verulegar

Bændur vöknudu við vandan draum á síðasta ári þegar flest öll grundvallaraðföng í búrekstri ruku upp í verði og stefndi afkomu starfsgreinarinnar í voða.

Var þá af mörgum áætlað að um tímabundna breytingu væri að ræða knúna af af afar sérstökum aðstæðum á mörkuðum og að hún myndi fyrir en síðar leiðréttast og rekstrargrundvöllur landbúnaðarins myndi fara aftur í samt form. Var brugðist við þessu ástandi með einskisgreiðslu frá

ríkinu til að koma á mótis við þær krefjandi aðstæður sem nú voru komnar upp. Nú er árið 2023 brátt hálfnað og hafa verðhækkanirnar ekki gengið til baka nema að örlitlu leyti. Á þessum gröfum má sá þróun innflutningsverðs á áburði, fóðri og heyrúlluplasti.

Eru þetta vegin meðaltöl þeirra vöruflokka sem teljast sem áburður eða fóður til þess að veita sem réttasta mynd af stöðu mála. Sést að verðhækkanir á áburði og

	Nautakjötsframleiðsla	Mjólkurframleiðsla	Sauðfjárrækt
Aðkeypt fóður	30%	38%	7%
Áburður	22%	14%	28%
Rekstur búvéla	19%	16%	26%
Rekstrarvörur	10%	9%	18%
Aðkeypt þjónusta	19%	22%	22%

heyrúlluplasti hafa lítið gengið til baka enn og fóður hefur aðeins haldið áfram að hækka. Innflutningsverð á bensíni hefur einnig lækkað á þessu ári.

Í nýlegum útgáfum RML er farið yfir stöðu reksturs mjólkur- og sauðfjárbýla. Er þar sýnt á greinargóðan hátt hvernig hinir ýmsu kostnaðar- og tekjuliðir skiptast og þróun þeirra á milli ára er borin saman. Samkvæmt rekstrargreiningum fyrir árin 2019 til 2021 hefur fóður og áburður verið 52% af breytilegum kostnaði í mjólkur- og nautakjötsframleiðslu og 35% af lambakjötsframleiðslu en má áætla að í dag sé hlutfall þeirra nokkuð herra.

Helstu þættir þessara kostnaðarliða hækkuðu á bilinu 40 til 150% á milli árunna 2021 og 2022 og eins og áður hefur komið fram hefur verðið ekki gengið til baka.

Samkvæmt RML jókst breytilegur kostnaður við mjólkurframleiðslu um 25% á milli árunna 2021 og 2022, um 32 krónur á lítrann, og má áætla að hlutfallsleg hækkun hafi verið svipuð í nautakjötsframleiðslu. Ljóst er að erfiðlega hefur gengið að velja þessum kostnaðarhækkunum út í verðlagið og staða bændu hefur ekki vænkast eftir því sem lengri tími líður frá þessum snöggu breytingum.

Slæmi draumurinn sem vaknað var við í fyrra er ekki genginn yfir. Ljóst er að afkoma í landbúnaði árið 2022 var verri en síðustu ár og er áætlað að afkoma meðalbús í nauta-, lambakjöts- og mjólkurframleiðslu hafi verið nálægt núlli eða neikvæð.

Of snemmt er að segja um hvernig 2023 mun þróast. Vissulega hefur afurðaverð hækkað og ætti það að létta á ákveðnum þrýstingi en á móti hefur fjármagnskostnaður aukist.

/SFB

Markaðir

Evra
 €
 151,1kr.

USD
 \$
 141,44 kr.

Pund
 £
 175,49 kr.

95 okt bensín

 312 kr.

Díesel

 308 kr.

Mjólk (USD/100 pund)

 15,24 USD

Korn (USD/sekkur)

 6,34 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)

 23,5 EUR

Ull (AUD/100 kg)

 1212 AUD

Ostur (USD/pund)

 1,72 USD

Smjör (EUR/tonn)

 4850 EUR

Þú færð garðverkfærin hjá okkur

PÓR HÍ
thor.is



Mikið úrval varahluta á góðum verðum!

Fyrir SsangYong / Chevrolet / Opel

- Bremsudiskar
- Bremsuklossar
- Bremsudælur
- Handbremsubarkar
- Stýrisendar
- Hjólaspyrnur
- Ballansstangartengi
- Fóðringar
- Öxulhosur
- Hjólalegur/Hub
- Demparar
- Gormar (fjöðrun)
- Viftureimar
- Tímareimar
- Pakkningar
- Pakkdósir
- Purrkublöð
- Purrkuarmar
- Purrkumótorar
- Smursíur
- Loftsíur
- Frjókornasíur
- O.fl.
- Framrúður
- Stuðarar
- Frambretti
- Húdd
- Afturhlerar
- Gólfmottur
- Skottmottur
- Þverbogar á toppgrind
- Ljósaperur
- Loftdælur
- Dekkjaviðgerðarsett



FRÉTTASKÝRING



Deilt er um hvort beit eigi alltaf rétt á sér. Þegar sauðfjárstofninn náði hámarki í kringum 1980 er ljóst að landi hafði hnignað vegna mikils ágangs. Með aukinni gagnaöflun og betri stýringu væri hægt að finna hinn gullna meðalveg þar sem sauðfjárrækt og náttúruvernd geta lifað í sátt. Myndin er tekin í Aðaldalshrauni.

Mynd / Áskell Þórisson

Umhverfismál:

Bitamunur en ekki fjár

– Vistfræðingar sammála um að gæta skuli hófs þegar sauðfé er beitt á viðkvæm vistkerfi

Er rétt að friða allt land fyrir beit? Hér verður byrjað á að skoða grein í vísindarití sem reynir að draga saman öll fyrirliggjandi gögn um málefnið. Jafnramt er rætt við tvo af helstu sérfræðingum landsins á sviði beitar, en þeirra viðhorf eru ekki alltaf þau sömu.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Bryndís Marteinsdóttir, Isabel C. Barrio og Ingibjörg Svala Jónsdóttir birtu árið 2017 grein í *Icelandic Agricultural Sciences* sem er nefnd, í stuttu yfirliti á íslensku, „Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi“.

Í umræðukafla greinarinnar kemur fram að enginn vafi leiki á því að beit hafi haft mikil áhrif á vistkerfi landsins. Í gögnunum var marktækt samræmi sem benti til að rof í gróðurþekju væri meira á svæðum sem eru beitt. Uppbygging friðaðs lands sé ólík því sem er beitt en áhrif beitar á tegundafjölbreytni sé minni. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir framkvæmdar

á svæðum sem hægt er að heimfæra upp á Ísland.

Skoðuðu 300 gögn

Þessar ályktanir drógu þær eftir að hafa framkvæmt svokallaða safngreiningu (*e. meta analysis*) í tilraun til að draga saman öll fyrirliggjandi gögn um viðfangsefnið.

Helstu niðurstöður eru að; „beit hefur áhrif á uppbyggingu plöntusamfélaga og eykur rof í gróðurþekjunni. Úthaginn verður þar af leiðandi viðkvæmari fyrir jarðvegsrofi.“

Þær fóru í gegnum rúmlega 300 greinar, og eftir að hafa síað út gögn, voru 44 af þeim nothæfar í safngreininguna. Þessar 44 greinar byggja á 16 rannsóknum, að miklu leyti skýrslur kynntar á ráðunautafundum eða óútgefnar samantektir. Þótt safngreiningar sem þessar gefi almennt góða mynd af viðfangsefninu taka höfundar greinarinnar fram að rannsóknirnar séu of fáar til að hægt sé að draga almennar ályktanir út frá þeim. Þær kalla eftir frekari þekkingaröflun; „svo tryggja megi sjálfbæra sauðfjárbeit sem hæfa aðstæðum á hverju svæði fyrir sig.“

Sauðfé margt í sögulegu samhengi

Í rannsóknunum er samhljómur sem bendir til aukins rofs í gróðurþekju og færri æðplantna á beittum svæðum.

Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem hafa verið gerðar á

heimskautasvæðum og er hægt að heimfæra yfir á Ísland.

Sauðfjárbeit veldur rofi í gróðurþekjunni með traðki og beitarvali. Roft sem valdið er af beit getur flýtt fyrir öðru rofi þar sem óvarin moldin er viðkvæmari fyrir vindi og regni. Á freðmýrasvæðum erlendis getur gróðurþekjan verið í hundruð ára að jafna sig, eftir að hafa orðið fyrir rofi. Sauðfjárbeit getur hægt á þessu ferli enn frekar þar sem beitarýrin sækjast sérstaklega eftir græðlingum og ungum plöntum.

Fram kemur að sauðfé sé mjög margt í sögulegu samhengi, en samkvæmt gögnum í mars á þessu ári var ásett fé 366.000 talsins. Fram til miðrar 19 aldarinnar hélt sauðfjárstofninn á milli 50.000 til 300.000 ásettra einstaklinga. Árið 1977 náði stofninn hámarki með 900.000 kindum, en höfundar greinarinnar taka fram að stór hluti gagnanna sem stuðst var við séu frá árunum þar á eftir.

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorið og sumarið.

Sími 570 9090 • frumherji.is



Frumherji



Sauðfé er margt í sögulegu samhengi. Hámarkinu var náð, með 900.000 kindum, árið 1977. Tölur frá þessu ári segja að sauðfé sé færri en 400.000.

Mynd / Jón Eiríksson



Grasplantan þróaðist samhliða grasbitum. Þegar hún er bitin skríður hún ekki, en beinir vextinum til rótanna og í að þetta svörðinn. Mikið kolefni binst jarðvegi graslendis. Myndir / Askell Þórisson



„Ísland er háslétta,“ segir Anna Guðrún, en 75 prósent landsins er 200 metra fyrir ofan sjávarmál. Horft yfir Kaldadal. Mynd / Askell Þórisson

Hófleg beit getur styrkt graslendi

Anna Guðrún Þórhallsdóttir er prófessor við Háskólann á Hólum. Hún lærði úthagafræði, eða *range science*, í Utah Bandaríkjunum á níunda áratugnum og útskrifaðist með doktorspróf árið 1988.

Hún segir beitarfræðina vera sérstaka að því leyti að hún taki til plantanna og beitaráhrifa. „Beit er flókið samspil þessara þátta. Ef einungis er horft á beitina út frá plöntunum, eða út frá skepnunum fæst ekki öll myndin.“

Hún segir að ekki séu til neinar rannsóknir framkvæmdar á Íslandi sem sýni með öyggjandi hætti að beitin sé orsök jarðvegsrofsins. Flestar heimildir um efnið séu afleiddar frá grein Sigurðar Þórarínssonar jarðfræðings í Skógræktartíttinu 1961.

„Það eru hvergi neinar mælingar á beit í þessari grein. Þetta er ekki ritrýnd grein eða rannsókn.“

Í grein í Bændablaðinu í apríl 2021 skrifar Anna Guðrún:

„Við friðun gisnar svörðurinn og mosi, fléttur eða kjarrgróður koma inn. Þessar breytingar má greinilega sjá víða um land, bæði í gömlum títum sem ekki eru lengur slegin og á svæðum sem hafa verið friðuð fyrir beit. Bæði mosi og fléttur eru mjög hægavaxta sem segir líka að framleiðslan, og þar með kolefnisupptakan, minnkar til muna. Þar sem hvorki mosi né fléttur hafa eiginlegar rætur þá veikist einnig svörðurinn sem verður viðkvæmari fyrir rofi af völdum vatns og vinda.“

Grasplöntur og grasbúar þróað samhliða

Anna Guðrún segir grasplöntur hafa þróað samhliða grasbitum. Þegar grasið er bitið hættir það við að mynda punt og fer vöxturinn frekar í ræturnar, fleiri sprota og í að þetta svörðinn. „Þetta er viðbragð náttúrunnar. Ef fólk heldur að beitin sé svona slæm – hjálpi mér hvað Guð hefur gert mikil mistök. Ef beitin er skemmdarvargur, þá eru öll beitaráhrif úti um allan heim alltaf að skemma.“

Anna Guðrún segir að 60–80% grasplöntunnar sé neðanjarðar. Í áðurnefndri Bændablaðsgrein frá 2021 stendur: „Grasræturnar vaxa fram þar sem vatn og næringu er að finna á hverjum tíma, eru skammtlfar og er því umsetning og velta rötarmassans mikil. Dauðar rætur verða eftir sem fæða fyrir niðurbrotsörverur og mynda jarðveginn. Ekki er óalgengt að rætur grasa nái niður á 1–2 m dýpi, jafnvel 3 m á þurrum stöðum á jörðinni [...]. Kolefni sem tekið er upp af plöntunni úr andrúmslofti getur verið komið niður á 2 m dýpi í jarðveginum eftir nokkra klukkutíma. Graslendisjarðvegur er því einstakur þar sem hann er mjög lítið lagskiptur og með hátt hlutfall kolefnis í öllu jarðvegsniðinu.“

Rannsókn á áhrifum friðunar

Anna Guðrún segir að friðuð beitarlönd bindi minna kolefni en þau sem ekki eru friðuð. Í þessu samhengi bendir hún á rannsókn sem er í gangi núna þar sem stendur til að skoða kolefnisupptöku lands á 40 mismunandi stöðum. Nú hafa verið framkvæmdar mælingar á helmingi reitanna. „Við erum að skoða svæði sem hafa verið friðuð í 20 til 70 ár, svo erum við með samburðarsvæði við hliðina á sem hafa verið beitt. Því lengri friðun, því minni kolefnisupptaka verður.“

Hún segir mjög sterkt samband milli tíðra öskugosa og uppblásturs héraðs. Samkvæmt henni glínum við ekki við mikið jarðvegsrof á látglendi, heldur sé uppblásturinn bundinn við hálendið. Í þessu samhengi bendir hún á að 75 prósent landsins sé yfir 200 metrum. „Ísland er háslétta.“ Anna Guðrún segir að uppblásturinn á hálendinu orsakist af lausu efni sem hefur komið frá gosstöðvunum. Hún nefnir sem dæmi gosið í Öskju 1875 sem veldur uppblæstri í Jökuldalnum. Skipulögð beit á svona landi, sem er það lítil þannig að hún viðhaldi grasinu og það dreifi úr sér, sé samkvæmt Önnu Guðrúnu miklu betri aðferð til stöðvunar uppblásturs, en að taka beit alveg af. Þá taki mosi yfir sem er viðkvæmari fyrir náttúruöflunum.

Hvenær er ofbeit?

Anna Guðrún segir mjög erfitt að gefa út skýrar línur á því hvenær land er ofbeitt og hvenær ekki. Mikilvægt er fyrir bændur að kanna ástand gróðurs á afréttum áður en fé er rekið í sumarhagana. „Það er ekki gott að byrja að beita úthaga mjög snemma því að gróðurinn þarf að ná sér á strik. Ég held að það sé frekar dýraverndunarmál en plöntuvandamál að setja ærnar upp á þessa afrétti sem eru með mjög lítið af gróðri. Við vorum án efa að beita landið of mikið þegar við fórum upp í hæstu hæðir með fjárbúskapinn á áttunda og níunda áratugnum.“

Þessi sömu ár voru jafnframt þau köldustu sem hafa verið í hundráð ár og var samspil þessara tveggja þátta stór orsakavaldur í hnignun lands fyrir aldamót. „Þetta er allt önnur veröld í dag. Við erum búin að fækka fénu svo mikið að nú erum við að lenda í vandræðum með vanbeit. Ég sé hvergi uppblástur núna og hef ekki séð hann í hátt í 20 ár. Þessi hugmynd að það taki landið hundruð ár að gróa, held ég að sé einhver mýta. Landið er miklu fljótara að jafna sig. Þú getur bara séð það í vegköntum alls staðar, landið er miklu duglegra en við höldum áður.“

„Þetta er allt önnur veröld í dag. Við erum búin að fækka fénu svo mikið að nú erum við að lenda í vandræðum með vanbeit...“

Anna Guðrún segir að landnámið hafi haft í för með sér miklar gróðurfarsbreytingar, en það hafi ekki verið beitin sem olli þeim, heldur skógarhögg til eldiviðarframleiðslu.

Hæfileg beit í skóglendi

„Það er gott að vera með hæfilega beit inni í skógi. Í friðuðum birkiskógi, sem er mjög gott að hafa á ákveðnum svæðum, er dimmt undir og það er



Anna Guðrún Þórhallsdóttir er einn helsti sérfræðingur Íslands í beitarmálum. Hún segist ekki hafa orðið vör við uppblástur undanfarin tuttugu ár og telur að sum svæði glími við vanbeit.

Mynd / Háskólinn á Hólum

fáar tegundir sem lifa. Ég held að það sé algjör misskilningur að það þurfi að friða þetta allt saman, af því þetta skemmir ekki, heldur eykur hæfileg beit tegundafjölbreytnina, landið verður opnara og það verður meiri birta.“ Anna Guðrún segir nýjar rannsóknir benda til þess að skógrækt sé ekki eina aðferðin til að binda kolefni og að graslendi sé ekki síðra. „Ef þú lest síðustu skýrsluna frá IPCC [Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar], þá er loksins farið að koma inn á að það þurfi að huga að graslendinu.“

Það er mikill munur á kolefni í jarðvegi í skóglendi og graslendi, því skógurinn setur meirihluta kolefnisins ofanjarðar, en grasið neðan jarðar. Ef við erum að tala um

að koma kolefninu á einhvern stað sem er öruggur, þá er miklu betra að setja kolefnið niður í jarðveginn, af því það þarf ekki nema einn bruna í skóginum og þá er allt kolefnið farið.“

Seigt dogma

„Þessar hugmyndir um ofboðslega slæm áhrif beitar eru einhverjar 1950 hugmyndir. Það var verið að hætta að kenna þetta þegar ég var í Bandaríkjunum um 1980. Það er eins og við séum að kenna einhverja pópisku hérna. Þetta dogma er seigt. Þetta er söguskoðun sem ekki stenst þegar nánnar er skoðað,“ segir Anna Guðrún Þórhallsdóttir.

- Framhald á næstu síðu.



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10–17
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.

FRÉTTASKÝRING



Ólafur Arnalds bendir á að samspil nokkurra þátta valdi jarðvegsrofi. Landnýtingin, þar á meðal beitin, er eini þátturinn sem við höfum stjórnað á. Með því að friða viðkvæm svæði eykst viðnámsþol gagnvart náttúrulegum áföllum, á borð við gjóskufall og kuldatíð. Hér sést viðkvæmt svæði skammt frá Þingvallavatni sem nýtt er til sauðfjárbeitar.

Mynd / Áskell Þorisson

Beit á ekki við í viðkvæmum vistkerfum

Ólafur Gestur Arnalds er prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann lærði jarðvegsfræði við Montana State University og útskrifaðist með doktorspróf á því sviði frá Texas A&M University árið 1990.

Á þessu ári kom út eftir hann bókin *Mold ert þú*, rúmlega 500 blaðsíðna ritverk sem gefur glögga mynd af jarðvegi og íslenski náttúru. Hann hefur í gegnum tíðina fengist við greinar tengdar beitarfræðum og ástandi vistkerfa á Íslandi. Ólafur telur of algengt að viðkvæm vistkerfi séu nýtt til sauðfjárbeitar.

Beit viðheldur slæmu ástandi

Hann segir hóflega beit ekki hafa mikil áhrif á vistkerfi sem eru í góðu ástandi og hafa mörg vistkerfi þróast í milljónir ára samhliða ágangi beitarðýra. „Það á ekki við á Íslandi,“

segir Ólafur. Hér á landi sé gríðarlega viðkvæmt vistkerfi, sem hafi verið án spendýra sem bíta gras fyrir landnám. Mörg af þurrlandisvistkerfunum hérlendis höfðu kjarrgróður, þ.e. birki og víði, sem voru ákaft nýtt eða reynt að losna við til að fá beitarhaga.

„Það gerði vistkerfin á þurrlandi mun viðkvæmari en ella fyrir álagi hvers konar, eins og beit, en líka eldgosum og kuldaköstum.“

Fólk á síðmiðöldum upplifði jafnvel tíu stiga frost í júlí einhverja morgna. Þegar þetta allt lagðist saman í landi, þar sem fólksfjöldinn fór eftir því hversu mikla fæðu var hægt að framleiða á hverjum tíma, þá þýðir það að nýtingarstigið var alltaf rosalega hátt, ekki síst þegar fólk fór að fjölga. Beitin er meginþáttur í að valda jarðvegsrofi á undanföllum öldum og beitin er meginþáttur í að viðhalda slæmu ástandi lands,“ segir Ólafur.

Beit raskar viðnámsþoli

Ólafur segir að samspil nokkurra þátta valdi jarðvegsrofi. Hins vegar er landnýtingin, þ.á m. beitin, eini þátturinn sem við höfum stjórnað á. Vistkerfi Íslands verður reglulega fyrir náttúrulegum áföllum, á borð við gjóskufall eða kuldatíð. „Þegar er búið að raska viðnámsþoli vistkerfanna með nýtingunni, þá verða afleiðingar af náttúrulegum áföllum miklu meiri. Þetta eru samverkandi þættir, þar sem landnýtingin er umliggjandi og allt um kring.“

Í sterku vistkerfi segir Ólafur að beit geti styrkt gróðurþekjuna, sé hún hófleg. Einkennist vistkerfið hins vegar af óþéttri gróðurþekju, þar sem lítið er um æðplöntur á borð við grös, þá á beit ekki við. Þar geti kerfið orðið fyrir miklum skakkaföllum við minnstu beit. Ólafur segir oft miklar breytingar verða á vistkerfum við



Ólafur Gestur Arnalds hefur beitt sér fyrir að varlega sé farið í beit í viðkvæmum vistkerfum.

Mynd / Aðsend

minnkaða beit eða friðun. Þau kerfi sem einkennast af lyngtegundunum, sem er mjög víða að finna á hálandum grónum vistkerfum, sé í raun beitarlandslag, því það er búið að beita út þær tegundir sem sauðféð sækist eftir. „Þess vegna erum við búið að búa til mikið af rýrum lyngmóum sem einkenna landið.“

Þeir geta þótt eftirsóttir sem slíkir og eru víða búsvæði viðkvæmra fuglastofna.“

Ódýrast að friða

Ólafur segir viðkvæmstu vistkerfin hérlendis vera meira og minna í mjög hnignuðu ástandi, eða horfin. Það séu hins vegar til vistkerfi í þrýðilegu ástandi þar sem beitarnýting eigi vel við, en Ólafur telur of algengt að alháft sé um mismunandi vistkerfi og þau sett í sama flokk.

„Það sem við þurfum að fókusera á er að bæta ástand þess lands sem er í versta ástandi. Þar sem ástand er slæmt á að friða – skilyrðislaust,“ segir Ólafur og bætir við að sauðfjárbeit geti ekki bætt ástand viðkvæms lands. Ódýrasta og skynsamasta leiðin til að endurheimta hnignað vistkerfi sé að stöðva beit. Ólafur tekur þó fram að bændur séu mjög öflugir í að rækta landið með uppgræðslu og áburðargjöf, en það sé mjög kostnaðarsöm leið. „Það er ekki siðferðilega rétt að niðast á landi sem er í slæmu ástandi. Beitin á ekki alltaf að vera aðalatriðið, heldur ástand landsins. Í þessu samhengi eru til staða önnur sjónarmið sem fara líka ansi hátt í dreifbýlissamfélaginu í dag. Það eru þessi meintu réttindi um að beita megi allt land – að sauðkindin eigi rétt á frjálstri för um allt landið. Eftir úrskurð umboðsmanns Alþingis er orðið ljóst að það er röng túlkun. Það er hugsunarháttur aftan úr öldum og alveg komin tími til að taka á þessu vandamáli.“

Við erum á gatnamótum

Ólafur segir að árið 1998 hafi jarðvegsrof verið kortlagt yfir allt landið. Þar segir hann jarðvegsrofið hafa verið metið mjög mikið á stórum hluta landsins. Í kjölfarið hafi landnýtingarþátturinn í gæða-

Beitin er meginþáttur í að valda jarðvegsrofi á undanföllum öldum og beitin er meginþáttur í að viðhalda slæmu ástandi lands...“

stýringunni í sauðfjarrækt verði þróaður þar sem átti að tryggja að beitin einskoraðist við land í góðu ástandi. Þeir sem það gerðu áttu að fá hærri styrki.

„En kerfið brást fullkomlega og er falskt, í raun ónýtt með öllu, því það fá allir bætur án tillits til beitarháttá. Samkvæmt kerfinu er ekki heimilt að beita á aðra án leyfis. Þeir sem verða hins vegar fyrir slíkri beit fá enga úrlausn og allir fá áfram greitt eins og ekkert hafi í skorist. Það er ekki hægt að benda á neinn farveg í stjórnsýslunni hvernig er hægt að taka á þessum málum. Með þessum nýjustu vendingum og úrskurði umboðsmanns Alþingis og dómsmálaráðuneytisins er ljóst að sveitarfélög stunda fyrir rosalegru dýlemmu. Við erum á gatnamótum. Það er ljóst að það þarf að taka aðra stefnu. Þegar nýr kúrs er tekinn er mjög æskilegt að ástand landsins verði haft að leiðarljósi. Það er hægt! Ég hef ekkert á móti sauðfjárbeit þar sem er fállega gróid land og bóndinn á sannarlega rétt á að nýta það. Landgræðslan og sauðfjárnýting stunda að verkefninu Gróind. Þar eru til upplýsingar, sem batna ár frá ári, um ástand lands, þannig að það er hægt að verða miklu markvissari í stýringu á beitarýtingu á Íslandi.“

Tekur langan tíma

„Þessi kerfi eru oft í afar hnignuðu ástandi, með kolefnisforða sem hefur gengið gríðarlega mikið á. Við friðun breytist þetta, en við megum ekki gleyma því að það tekur mjög langan tíma að endurheimta landkosti.“

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrulegum kælimiðlum



Kælitækni

Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is

Okkur hættir til að hugsa í árum eða áratugum – mannsævin er svo stutt. Þegar við erum komin hátt upp til fjalla þurfum við að hugsa í árhundruðum, því þessi kerfi eru svo svifasein, það er svo kalt og það er svo lítil umsetning.“

Ólafur segir að mosi taki ekkert endilega yfir þegar landsvæði er friðað fyrir beit. Vistkerfin og tegundasetningin taki hins vegar breytingum. „Blómplöntur og grös fara síðan að vera meira áberandi í þessum kerfum, sé ekki búíð að útrýma þeim. Þetta er það sem sést við friðun úti um allt.“

Aðspurður út í rannsóknir á þessu málefni, segir Ólafur að vandamálið í þessum efnun sé tímínn. Fólk sé hins vegar búíð að friða land úti um allt og þar sjást þróunin á landinu. „Þú setur ekki upp girðingu og kemur svo þremur árum, eða jafnvel tíu árum, seinna og dregur einhverjar stórfenglegar ályktanir um hvað er að gerast. Það er hægt að horfa á land sem hefur verið lítið notað um langa hríð og bera það saman við land sem hefur verið mikið notað. Svo eru til eyjar, klettasyllur og annað sem hafa notið algerar friðunar, í landi sem er handónýtt, og þá kemur í ljós að þar vex kannski birkiskógur. Það er engum blöðum um þetta að fletta og ég held að flestir vistfræðingar landsins séu á einu máli, þó það sé ekki allir.“

Þetta er hitamál af því það tengjast þessu hagsmunir, en þetta er ekki hitamál innan vistfræðinnar. Það eru þessir beitarhagsmunir og rómantísk „ítök“ sauðkindarinnar í hugum margra sem gera að verkum að það verða skiptar skoðanir.“

Nýta af skynsemi

„Það eru mörg svæði á Íslandi þar sem beit hefur verið hætt. Eftir því sem beitarálag minnkar á svæðum, þá eykst framleiðni og gróðurhula í landinu. Það er ekki þar með sagt að við eigum að hætta að nýta landið. Við eigum að gera það af skynsemi og ekki nýta land sem er í slæmu ástandi. Það má sjá þessar breytingar, eins og í Þórsmörk, sem stendur þó í nágrenni þriggja eldfjalla. Sé beitin mikil, kemur hún í veg fyrir endurnýjun birkiskóga,“ segir Ólafur.

Viða eru stórar „eyjar“ birkiskóga sem þrífast þrátt fyrir beit, en hún kemur í veg fyrir að þær breiðist út. Þórsmörk hafi verið samansafn birkieyja sem hafa tengst eftir að beit létti. Þar sem fráupspretta er til staðar getur birkið breiðst mjög mikið út. Þetta sést einnig á Skeiðarársandi, þar sem nú vex upp sjálfsáður birkiskógur. Ólafur segir það vera þrátt fyrir beit, en hún er mjög lítil í þessu tilfelli. „Þegar birkiskógar eru í eðlilegu ástandi og vaxinn upp þannig að sauðfé útrými honum ekki með beitinni, þá eru beittir skógar mjög fallegir, frjósamir og opnir. Skilyrðin eru að það þarf að friða birkiskógana af og til, til að tryggja það að þeir deyi ekki út, því teinungur og fræplöntur vaxa ekki upp á beittum svæðum.“

Ólafur nefnir í þessu sambandi skógaeyðingu sem á sér stað í Skyndidal á Lóni, Hekluþyggðum og á Jökuldal. „Það er líka hægt að sjá hvernig birkið kemur aftur þegar beitinni er létt,“ segir Ólafur. Þetta sé til dæmis hægt að sjá á landgræðslusvæðum í Landsveit.

Umhverfiskröfu í styrki og aðgerðir

„Áratugurinn sem nú er að líða er áratugur endurheimtar vistkerfa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt hefur sáttmálinn um líffjölbreytileika beint því til þjóða að við tökum frá vistkerfi og höldum þeim í náttúrulegu ástandi. Við þurfum að endurheimta landgæði á stórum svæðum á Íslandi. Það er hægt, oft og tíðum með að stýra landnýtingunni betur inn á svæði sem þola nýtinguna, en hlífa öðrum. Það þýðir að við eigum að breyta styrkjakerfi landbúnaðarins, sem oft og tíðum styður við ranga landnýtingu,“ segir Ólafur, og tekur fram að það sé vandamál um heim allan.

„Evrópusambandið og fleiri hafa lagt áherslu á að gera miklu ríkari umhverfiskröfu í styrkjum og það hefur miðað töluvert. Við getum notað styrkina til að breyta þessari landnýtingu á ekki löngum tíma. Síðan þarf vitaskuld aðgerðir. Þær aðgerðir geta meðal annars miðast við að endurheimta birkiskóga á landi sem nú er auðn og notað kolefnisbindingu sem fjárhagslegan hvata. Það sem skiptir máli fyrir okkur Íslendinga til framtíðar er að endurheimta þessi náttúrulegu vistkerfi, Re-wilding eða Regeneration er þetta tundum kallað.“

Ólafur hvetur til að gætt sé hófs við notkun á erlendum plöntutegundum og telur að þegar fram líða stundir muni skógrækt og önnur svæði með mjög einsleitri tegundasetningu framandi trjátegunda ekki vera tekin gild til kolefnisjöfnunar.



Ólafur segir að birkiskógur geti vaxið á rýru landi ef beitar nýtur ekki við. Þess sjást dæmi á eyjum og klettasyllum þar sem sauðfé hefur ekki náð til. Hér sést birkihrísla á Héraði.

Mynd / Áskell Þórisson

„Ef umhverfisáhrifin eru mjög neikvæð eða stuðla að miklum breytingum á því sem er náttúrulegt, þá er umhverfisávinningurinn umdeilanlegur. Allt land sem er í framför er hægt að fá til að binda mikið kolefni, sérstaklega það sem hefur

verið í slæmu ástandi. Það er meira kolefni í moldinni á hnattræna vísu en í gróðri og andrúmsloftinu samanlagt. Moldin er langmikilvægasti geymirinn þegar upp er staðið,“ segir Ólafur. Hann nefnir að erlendis finnist graslendi með svartri

mold. Sú jörð bindur mjög mikið kolefni ef hún fær að vera graslendi og er hóflega beitt. Vegna þeirra agna sem myndast við efnaveðrun í moldinni á Íslandi er eðli jarðvegsins sérstakt og getur hann bundið mjög mikið kolefni.

„Efnaveðrun hér er mjög ör. Birkiskógar sem vaxa upp hér á illa grónu landi binda á endanum margfalt meira en frjósöm svartjörð erlendis. Þetta eru mjög sérstök kerfi og þetta gerist annars staðar á eldfjallasvæðum jarðar.“

Það er eðli íslenskrar moldar að binda kolefni. Mikil nýting kemur í veg fyrir að þessi binding verði og það getur gengið á forðann.

Þar sem land er í slæmu ástandi, þar sem mikið er af rofdílum og það er opið, getur það andað frá sér koltvísýringi í stórum stíl,“ segir Ólafur Gestur Arnalds. /AL

Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni



reddot winner 2022



MF 6S



MF 5S



MF 5711M

Í FYRSTA SKIPTI Á ÍSLANDI

Sumargjöf frá Massey Ferguson

MF verksmiðjurnar bjóða €4000 (u.þ.b. 600þ. kr.) afslátt af öllum nýjum dráttarvélum skráðum af Búvélum í júní



MASSEY FERGUSON

Búvélur ehf, Selfossi
Sími 4800080, sala@buvelar.is
www.buvelar.is





Ekki líður á löngu þar til þjóðhátíðardagur Íslendinga, 17. júní, verður haldinn hátíðlegur um land allt. Mynd / Ragnar Th / Höfuðborgarstofa

Á döfinni í júní

Austurland & Austfirðir

22.–25. júní Humarhátíðin á Höfn. Þrjátíu ára afmæli hátíðarinnar í ár og því mikið um skemmtan, gleði og húllumhæ fyrir alla fjölskylduna.
 24. júní Skógardagurinn mikli. Árleg skógarhátíð Félags skógarbænda á Austurlandi, Barra, Héraðs- og Austurlandsskóga, Skógrættarfélag Austurlands og Skógrættar ríkisins verður haldin í Mörkinni í Hallorssstaðaskógi.

23.–25. júní Bakkafjörður Bakkafest, tónlist og allir hressir!
 23.–25. júní Sólstöðuhátíð Kópaskers
 24. júní–1. júlí. Gönguvikan „Á fætur í Fjarðabyggð“. Einn stærsti útivistarviðburður ársins, fjölskylduvænar gönguferðir og afþreying.

Norðurland & Norðausturland

14.–17. júní Bíladagar haldnir á Akureyri. Dagskráin hljómar svo: 14. júní; Auto X, Drift. 15. júní; Rallycross, Græjukeppni, Risa bílahittingur, Bíla Limbo, Hávaðakeppni. 16. júní; Götuspurna. 17. júní; Bílasýning, Burnout.
 23.–25. júní Bæjarhátíðin Hofsóss heim – mikið stuð í gangi. Til dæmis, þann 24. júní mæta Bjartmar og Bergisarnir og syngja vel þekktu smelli á borð við Ég er ekki alkí, Týnda kynslóðin, Fimmtán ára á föstu o.fl.
 22. júní Sólstöðuhátíð Grimseyjar

Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

10. júní Color Run hlaupagleðin haldin í Reykjavík
 23.–25. júní Hvalfjarðardagar
 23.–25. júní Jónsmessuhátíð Eyrarbakka
 30. júní–2. júlí Bryggjuhátíð Stokkseyrar verður haldin

Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

22.–25. júní Danskir dagar á Jónsmessu í Stykkishólmi auk Landsmóts UMFÍ 50+
 23.–25. júní Brákarhátíð, fjölskylduhátíð í Borgarnesi
 29. júní–2. júlí Írskir dagar á Akranesi
 29. júní–2. júlí Ólafsvíkuvaka
 29. júní–2. júlí Fjölskylduhátíð Bildudals grænar baunir

Auðvitað hefur eitthvað ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.



Gleðigangan í Reykjavík, gengið niður Skólavörðustíginn.

Mynd / Ragnar Th / Höfuðborgarstofa

Hátíðir sumarsins:

Sól í hjarta, sól í sinni

Nú þegar dagarnir hafa einkennst aðeins of lengi af gráma og rigningu gefur hver sólarglæta von um heitt og sólríkt sumar. Með það í huga er gott að rýna í dagskrá sumarsins og hlakka til betri tíðar.

Að venju eru sólstöðuhátíðir víðs vegar um landið og einhverjir velta sér í dögginni um Jónsmessuna. Bíladagar á Akureyri kitla aðra, þrjátíu ára afmæli Humarhátíðarinnar á Höfn ætti að verða lengi í manna minnum, Color Run hlaupið gleður marga – a.m.k. ef ekki rignir – og svo auðvitað hátíðir verslunarmannahelgarinnar í bland við allar þær tónlistarhátíðir, Danska eða Franska daga, vökur og þess háttar sem fyrirfinnast.

Eitthvað er um réttindagöngur á borð við Druslugönguna í Reykjavík sem verður í ár haldin þann 23. júlí nk. Stendur Druslugangan fyrir því að færa ábyrgð kynferðisglæpa frá þolendum yfir á gerendur.

Gleðigangan er önnur vel þekkt og vel sótt réttindaganga hinsegin fólks, kröfuganga sem kallar eftir jafnrétti, vitundarvakningu og útrýmingu mismununar, en einnig til að fagna því sem hefur unnist í baráttunni. Er hún haldin í borgum víðs vegar um heim, þó ekki alltaf á sama tíma.

Á Íslandi hefur hún verið gengin í Reykjavík í ágústmánuði frá árinu 2000 sem hluti af Hinsegin dögum sem haldnir eru á sama tíma. Gleðigangan er að jafnaði gengin fyrsta laugardag eftir frídag verslunarmanna og upplagt að taka þátt í henni.

Hér til hliðar er svo örlítið yfirlit þess sem helst er á döfinni í júnímánuði hérlendis. Júlí og ágúst verða eðlilega næstir á dagskrá er líða tekur á sumarið og reynum við að fjalla um það helsta sem er á döfinni þá mánuði.

Þeir sem hafa upplýsingar um skemmtanir eða hátíðarhöld sem þeir vilja deila með öðrum mega hafa samband á netfangið sigrunpeturs@bondi.is. /SP

SUZUKI FJÓRHJÓL

LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG!




KINGQUAD 750AXI 4X4

VERÐ KR. 2.590.000

Suzuki fjórhjól eru með power stýri og 100% driflæsingu. Þau eru létt, lipur og meðfærilegTraust, ódýr í rekstri og þægileg í notkun.

Suzuki á Íslandi
 Skeifunni 17
 Sími 568 5100
www.suzuki.is



Miðnætursólin í Ásbyrgi í allri sinni dýrð.

Mynd / Markaðsstofa Norðurlands

Jónsmessan:

Hátíð töfra og sumarsólar

Miðsumarshátíð norræna manna, Jónsmessan, fagnar sumarsólstöðum, birtu og yl. Sumarsólstaðir, eða lengsti sólargangur ársins, er þó 21. júní en Jónsmessan haldin þann 24. júní, sex mánuðum fyrir aðfangadag vegna tengingar hennar við kristni.

Er nafn Jónsmessunnar dregið af nafni Jóhannesar skírara og þýðir í raun messa Jóhannesar, en eins og við tengjum við hana í dag fyllt náttúrutöfrum og kyrrð, hátíð sumars, sólar og birtu. Hún hefur ætíð haft á sér ævintýrlegan blæ, en aðfaranótt Jónsmessunætur er þekkt sem ein fjögurra náttu ársins sem magnaðastar þykja hvað varðar töfra á einhvern hátt.

Hinar eru jóla-, nýárs- og þrettándanótt. Þær eiga það sameiginlegt að vera í nánd við sólhvörf, sumars eða vetrar og á þeim flestum rætast draumar, dýr tala og allir yfirskilvitlegir hæfileikar og máttar koma í ljós, fólk til gleði eða ama auk þess sem óskasteinar, lausnarsteinar, draumagras, lásagras og huliðssteinar tala til hjörtu trúaðra á Jónsmessunni.

Það er að minnsta kosti víst að þessa messutöfra ættu menn að njóta til fulls, að minnsta kosti innra með sér. /SP

FRÉTTIR

Bretland:

Gasklefar í svínasláturhúsum

Ný myndbönd úr breskum sláturhúsum sýna þjáningarfullan dauðdaga svína sem kæfð eru til dauða.

Áætlað er að 88 prósent breskra svína sé sláttrað á þennan hátt. Guardian greinir frá, en myndirnar eru hluti af heimildamyndinni Pignorant, sem er í vinnslu.

Baráttufólk, sem kom földum myndavélum fyrir, segja myndböndin sýna hversu „gersamlega ómannúðleg“ notkun koltvísýrings er við slátrun. Á móti segja fulltrúar sláturhúsa að umrædd aðferð feli í sér þá mestu dýravelferð sem kostur er á.

Alvarlegt velferðarmál

Samkvæmt vísindalegu álitni Evrópsku matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2020 segir: „Nálægð við koltvísýring í miklu magni er álitnið af stofnuninni alvarlegt velferðarmál þar sem það er mjög ógeðfellt og veldur þjáningum, ótta og sársauka í öndunarvegi.“

Myndirnar sýna hvar svínin fara í litlum hópum í búr fyllt með koltvísýringi. Þar engjast þau um af sársauka og reyna að finna leið til að sleppa út. Þau eru nokkrar mínútur að kafna og sjást sprikla og taka mikil andköf. Síðastnefnda atriðið þykir benda til að sársaukinn sé mikill.

Þegar þau hafa misst meðvitund er þeim sturtað úr klefanum. Myndirnar sýna að sum svínin byrja að vakna úr meðvitundarleysi áður en þau eru endanlega drepin. Aðgerðarsinnarnir á bak við myndatökuna segja þetta sýna fram á að breskum sláturhúsum er meira umhugað um eigin hagnað en velferð dýranna.

Myndböndin voru tekin í sláturhúsi Pilgrim í Ashton-under-Lyne í norðvesturhluta Englands.

Pilgrim er í eigu brasilíska kjötframleiðslurisans JBS. Fulltrúar Pilgrim bera af sér allar sakir og segja ekkert geta tengt myndböndin við sín sláturhús.

Vantar fjárhagslegan hvata

Í álitni frá vísindalegri ráðgjafarnefnd bresku ríkisstjórnarinnar frá 2003 segir að notkun koltvísýrings við slátrun sé óviðunandi aðferð.

Þar var lagt til að aðferðin verði lögð niður á fimm árum.

Síðan þá hefur aðferðin breiðst út og hlóta 88 prósent breskra svína þessar meðferð.

Skoðað hefur verið að nota aðrar gastegundir, eins og argon eða helíum, sem eiga að leiða til kvalaminni dauðdaga. Notkun þeirra er hins vegar talsvert dýrari og þarf að ráðast í kostnaðarsamar breytingar á tækjabúnaði.

Sláturhúsum býðst enginn fjárhagslegur hvati til að breyta sínum háttum.

/ÁL



1. Skeiðháholt 1, Skeiða og Gnúpverjahreppi
2. Ca. 300 ha þar af 200 ha ræktaðir.
3. Blandað bú u.þ.b. 300 nautgripir þar af 70 mjólkurkúr og 15 holdakúr, 50 kindur og 50 hross.
4. Veðurfur.
5. SS rækt.
6. Stendur til að kalka í vor eða milli slátta með Dolomit kalki 3 tonn á ha.
7. Búfjárrækt er virkasta áhugamálið. Storytell og Rás 1 er helsta afþreyingin í dráttarvélinni.



Skeiðháholt

Jón Vilmundarson og Guðrún Helga Þórisdóttir



Dýravernd:

Ríkið þarf ekki að greiða skaðabætur

Máli vegna vörslusviptingar fjár lokið með sýknu. Málshöfðun byggðist á að MAST hefði misbeitt valdheimildum.

Landsréttur staðfesti með dómi 19. maí sl. sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að íslenska ríkið þyrfti ekki að greiða skaða- og miskabætur vegna vörslusviptingar. Landsréttur hafði áður ómerkt dóm héraðsdóms og vísað málinu heim í hérað.

Forsaga málsins er sú að MAST gerði athugasemdir við aðbúnað og ástand fjár á býli en ábúendur brugðust ekki við. Stofnunin ákvað því að vörslusvipta og var féð í kjölfarið flutt í sláturhús haustið 2014. Byggðist málshöfðunin á að MAST hefði misbeitt valdheimildum sínum og aðgerðir stofnunarinnar verið ólögmatar.

Í dómnum kemur meðal annars fram að í gögnum málsins sé getið um bágborið ástand á fénu og að viktarseðlar úr sláturhúsi hafi sýnt fram á að ástand margra gripa hefði verið bágborið.

Jafnframt að talsvert hefði verið um vanmetafé sem ætla mætti að hefði að mestu leyti mátt rekja til lélegrar fóðrunar, brynningar og slæms aðbúnaðar.

/sá

Halldór Sigurðsson og Ágústína S. Konráðsdóttir

Hjartarstaðir



1. Hjartarstaðir, 701 Egilsstaðir.
2. Jörðin er um 5000 ha, ræktað land um 120 ha.
3. Blandað bú. Mjólkurframleiðsla, nautaeldi og sauðfé.
4. Stærsta áskorunin í keppninni er líklega veðurfarið.
5. 80% vallarfoxgras og 20% vallarsveifgras
6. Nei.
7. Skógrækt og ferðalög

Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar og þar af ræktað land?
3. Gerð bús?
4. Hvað telur þú vera stærstu áskorunina í keppninni?
5. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
6. Hefur keppnisspildan verið kölluð? Ef svo er þá með hvaða kalkgjafa og hve mikið?
7. Áhugamál?



UTAN ÚR HEIMI



Örverur gegna lykhillutverki í að binda kolefni í jarðvegi samkvæmt nýrri rannsókn.

Jarðvegsrannsóknir:

Örverur lykillinn að bindingu kolefnis í jarðvegi

Örverur eru langmikilvægasti þátturinn í að ákvarða hversu mikið kolefni geymist í jarðvegi, samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var 24. maí í tímaritinu Nature.

Í grein á vef bandaríska Cornell-háskólans segir að rannsóknin veiti mjög mikilvægar vísbendingar með tilliti til loftslagsbreytinga og bættis jarðvegsheilbrigðis, fyrir m.a. landbúnað og matvælaframleiðslu. Rannsóknin sé hin fyrsta sem mæli hlutfallslegt mikilvægi örveruferla í kolefnishringrás jarðvegs.

Rannsóknin, „Microbial Carbon Use Efficiency Promotes Global Soil Carbon Storage“, setji fram nýja nálgun til að skilja betur gangverk jarðvegscolefnis, með því að keyra saman örverutölvulíkon, gagnaadlögunarkerfi og vélanám til að greina umfangsmikil gögn sem tengjast kolefnishringrásinni.

Niðurstöðurnar séu einkar forvitnilegar m.a. í tengslum við búskaparhætti og aukid fæðuöryggi. Rannsakendur komust að því að geta örvera til að geyma kolefni í jarðvegi er hið minnsta fjórfalt mikilvægari en nokkurt annað ferli, þar á meðal niðurbrot lífefna. Þetta séu markverðar upplýsingar því jarðvegur jarðarinnar geymi þrefalt meira kolefni en andrúmsloftið. Mæld var skilvirkni kolefnisnotkunar



örvera, sem segi annars vegar til um það magn kolefnis sem notað var af örverum til vaxtar og hins vegar hversu mikið var notað til efnaskipta. Þegar kolefni sé notað til vaxtar bindi örverur það í frumum og að lokum í jarðvegi. Notað til efnaskipta losni kolefni sem aukaafurð í andrúmslofti sem koltvísýringur, þar sem það virki sem gróðurhúsalofttegund. Rannsóknin sýni að vöxtur örvera sé mikilvægari en efnaskipti til að ákvarða hversu mikið kolefni geymist í jarðvegi.

Segir í frétt Cornell-háskóla að kolefnisvirkni jarðvegs hafi verið rannsökuð síðustu tvær aldir, en þær rannsóknir aðallega snúist um hversu mikið kolefni berist í jarðveg úr plöntuleifum og rótum og hversu mikið tapist út í andrúmsloftið í formi CO₂ þegar lífrænt efni brotnar niður.

/sá

Dýrasjúkdómar:

Brasilía lýsti yfir neyðarástandi

Brasilísk stjórnvöld lýstu seint í maí yfir neyðarástandi í dýraheilbrigði í 180 daga vegna fuglaflensutílfella í villtum fuglum.

H5N1-veiran er mjög smitandi fyrir margar fuglategundir, þar á meðal alifugla. Brasilía er stærsti útflytjandi kjúklingakjöts á heimsvísu.

Tilfelli H5N1 í villtum fuglum hafa verið staðfest í landinu, einkum á tveimur svæðum um miðbik austurstrandarinnar, og hefur landbúnaðarráðuneyti landsins sett á fót neyðaráðgerðamiðstöð til að samræma og skipuleggja aðgerðir á landsvísu gegn vágestinum. Útflutningur síðasta árs á kjúklingakjöti frá Brasilíu nam um 9,7 milljörðum dollara, segir á fréttaveitu Reuters. Samkvæmt leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) muni Brasilía að svo stöddu ekki fyrirskipa sölubann á alifuglum vegna fuglaflensunnar.



Brasilía hefur lýst yfir neyðarástandi í dýraheilbrigði landsins vegna fuglaflensu.

Mynd / E. Myznik

Mestu kjötframleiðslusvæðin eru í Brasilíu sunnanverðri.

Kína er helsti kaupandi brasilísks kjúklingakjöts og er talið líklegt að fuglaflensutílfellin muni hafa áhrif á innflutning frá Brasilíu. Samkvæmt Alþjóðadýraheilbrigðis-

málastofnuninni (WOAH) hafa nýlega fundist tilfelli fuglaflensu í villtum fuglum og alifuglum á Ítalíu, í Argentínu, Kanada, Tékklandi, Danmörku, Ungverjalandi og Suður-Afríku. Benda greiningar á tilkynningum til WOA um 18.620

Pólland:

Úkraínskur kjúklingur kaffærir innlendan

Pólsk bændasamtök vara við því að mikill innflutningur ódýrs kjúklingakjöts og eggja frá Úkraínu beri innlenda framleiðslu ofurliði.

Fyrir skemmstu fór að bera á andstöðu pólskra bænda við mikinn innflutning á úkraínskum kornvörum, eftir að tollar á innflutningi voru felldir niður í kjölfar innrásar Rússa.

Nú hefur það sama gerst með afurðir eggja- og kjúklingabænda

með þeim afleiðingum að afurðaverð hefur hrunið. Poultry World greinir frá.

Framleiðslukostnaður lægri

Áætlað er að framleiðslukostnaður á eggjum og kjúkling í Úkraínu sé 25 prósent lægri en í Póllandi. Lækkað afurðaverð hefur leitt til að pólskir bændur eiga erfitt með að láta enda ná saman. Nokkrir hafa brugðið til þess ráðs að blanda



kjúklingafóður heima á bæ, en varað hefur verið við að það geti minnkað framleiðslu. Fulltrúar bænda hafa sent pólska landbúnaðarráðuneytinu beiðni um að taka málið til umræðu á vettvangi Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Vilja setja framleiðslukröfur

Pólskir kjúklingaframleiðendur hafa bent á að eina leiðin til að breyta núverandi ástandi sé að framlengja ekki niðurfellingu tolla á innflutningi frá Úkraínu til Evrópusambandsins. Engu breyti ef Pólland eitt og sér taki aftur upp innflutningshömlur, ef úkraínskur varningur kemst óheftur til annarra landa ESB. Innflutningurinn hefur áhrif á markað allra sambandsríkjanna.

Kallað hefur verið eftir að auknar kröfur verði settar á framleiðslu þess kjöts sem flutt er inn, til að jafna stöðu bænda.

Bændurnir bæta við að enginn neiti því að þörf sé á að leggja Úkraínu lið, en nauðsynlegt sé að finna flöt sem kippir ekki stöðunum undan innlendri landbúnaðarframleiðslu.

/ÁL

ORKUSTOFNUN

Orkusjóður

Umsóknarfrestur er til 3. júlí 2023

Orkusjóður auglýsir til umsóknar verkefnastyrki sem ætlað er að stuðla að leit og/eða nýtingu jarðhita til almennrar húshitunar á svæðum þar sem nú er notuð raforka.

Áhersla er lögð á að styðja við verkefni sem hagnýta fyrirbyggjandi rannsóknir, sem gefa vísbendingar um jarðhita og sem nýta má til hitaveitu.

Heildarupphæð úthlutunar til næstu þriggja ára er allt að 450 milljón kr.

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is

Nánari upplýsingar um áherslur og reglur um úthlutun má nálgast á orkusjodur.is

orkusjodur.is

ORKUSTOFNUN

Orkusjóður

Umsóknarfrestur er til 11. júlí 2023

Orkusjóður veitir tækjakaupastyrki fyrir þungaflutningabifreiðar sem ganga að öllu leyti fyrir rafmagni eða endurnýjanlegu eldsneyti.

Styrkur er veittur eftir þyngdarflokki, allt að 1 milljón kr. fyrir hvert tonn tækja á bilinu 5-16 tonn. Fyrir tæki yfir 16 tonn er heildar stuðningur allt að 20 milljón kr.

Heildarupphæð úthlutunar að þessu sinni er allt að 400 milljón kr.

Við mat á umsóknum er horft til árangurs við að draga úr olíunotkun og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar.

orkusjodur.is

Bændablaðið kemur næst út

22. júní

tilfelli fuglaflensu í alifuglum, í 76 löndum á árunum 2005–2019, til að smit séu fátíðust í september, byrji að aukast í október og nái hámarki í febrúar.

Veiran greindist hér innanlands í marslok í stökkönd í Garðabæ og var það fyrsta greining á skæðri fuglaflensu á þessu ári. Síðan hefur borið á fugladauða, einkum hjá ritu og lunda, en öll sýni sem Matvælastofnun hefur rannsakað hafa sýnt að ekki var um fuglaflensu að ræða. Fuglaflensa var skæð í Evrópu síðasta vetur, og þá meðal annars á vetrarstöðvum íslenskra farfugla. Beðið er um að almenningur tilkynni fund á veikum og dauðum villtum fuglum til MAST.

H5N1 er mjög smitandi fyrir fjölda fuglategunda, þar á meðal flestar tegundir alifugla. Ólíkt flestum öðrum fuglaflensuveirum hefur þessi veira einnig sýkt spendýr, þar á meðal ketti, svín og tígrisdýr, og getur borist til manna. Hins vegar er veiran enn illa aðlöguð mönnum og smit frá fuglum til manna er sjaldgæfur atburður samkvæmt Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC). /sá

ESB: Umbreyting matvælaferfa

ESB hleypti nýverið af stokkunum áætluninni Snjöll matvæli (Cleverfood) sem er ætlað að umbreyta evrópskum matvælaferfum til hagsbóta fyrir loftslag, sjálfbærni, líffræðilega fjölbreytni og lýðheilsu.

Markmiðið með þessu yfirgripsmikla verkefni er að vekja Evrópubúa innan ESB, unga sem aldna í öllum þjóðfélagsþópum, til aukinnar neytendavitundar og fá þá til að beita sér í ríkara mæli á þeim vettvangi, stórauka samlegðaráhrif og samvinnu innan ríkja ESB í öllu er lýtur að matvælum og efla lagasetningu og hagsmunagæslu hvað þetta varðar. Kaupmannahafnarháskóli leiðir Snjöll matvæli og er kostnaðaráætlun við áætlunina um 8,1 milljón evra, eða ríflega 1.200 milljónir íslenskra króna.

Til að umbreyting náist er talið nauðsynlegt að breyta bæði löggjöf og meðvitund neytenda gagnvart hollum og sjálfbærum matvælum, sérstaklega úr jurtaríkinu, auk þess að efla samvinnu á m.a. matvælamarkaði og í matvælarannsóknunum. Áætlað er að koma upp nýsköpunarhröðlum í tækni og samfélagi. Eiga þeir að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum sem standi þeim sem koma að matvælaferfum Evrópu fyrir þrífum og hindri mögulega meðal annars bændur og frumkvöðla í matvælaframleiðslu í að tileinka sér nýja tækni og starfshætti. Kallað verður eftir samvinnu ríkisstofnana, háskóla, atvinnugreina, samtaka og hagsmunahópa innan ESB-ríkjanna. Verkefnið tengist matvælastefnu ESB til ársins 2030 og fleiri stefnumarkandi aðgerðaáætlunum.

Matvælaferfi Evrópu eru talin valda allt að þriðjungi losunar gróðurhúsalofttegunda í álfunni og brýnt að snúa þeirri þróun við. „Núverandi- og framtíðarkreppur, þar á meðal loftslagskreppa, matarkreppa, kreppa líffræðilegs fjölbreytileika og heilsukreppa, eru órjúfanlega tengdar því hvernig við framleiðum matvæli,“ segir Christian Bugge Henriksen, dósent við plöntu- og umhverfsvísindadeild Kaupmannahafnarháskóla í frétt á vef háskólans. „Þannig er kominn tími til að gera róttækar breytingar, þar sem öll ESB-ríki gera samstillt átak til að umbreyta matvælaferfi okkar með því að gera það sanngjarnara, sjálfbærara, hringlaga og plöntumiðað,“ segir Christian. Hann mun næstu fjögur árin stýra Cleverfood ásamt teymi úr loftslags- og fæðuöryggishóp við plöntu- og umhverfsvísindadeild háskólans. /sá

Bretland:

Breskir bændur stynja undan verðhækkunum



Bændur á Bretlandseyjum eiga erfitt uppdráttar vegna hækkana.

Mynd / M&S

Bretar glíma við miklar verðhækkningar á matvöru, rúm 19% að jafnaði á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, að því er kemur fram á fréttavef BBC.

Hefur það leitt af sér ýmis vandkvæði fyrir bændur á Bretlandseyjum, ekki síður en neytendur. Jafn skörp hækkun hefur ekki sést í tæp 45 ár og valda henni margir samverkandi þættir, svo sem afleiðingar Covid-19 faraldursins, breytingar í kjölfar Brexit og innrásarstríð Rússa í Úkraínu. Útsæði og áburður hefur hækkað umtalsvert í verði í Bretlandi eins og annars staðar og segjast bændur þar verða varir við nærfellt daglega hækkun á aðföngum til landbúnaðar. Svo tekið sé dæmi hefur kostnaður kartöflubónda í Pembrokeshire vegna áburðarkaupa farið úr 290 pundum í 900 á örfáum misserum, úr 50 þúsund íslenskum krónum í 158 þúsund krónum.

Hvað varðar hækkun á landbúnaðarvörum til breskra neytenda má nefna að agúrkur hafa til dæmis hækkað um 54%, gerilsneydd mjólk um 33% og kartöflur og smjör um 28%. /sá

VALTRA

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI



reddot winner 2023



305 hö.

Frumskýnum verðlaunavélina VALTRA Q305

TIL AFGREIÐSLU

- ✓ VALTRA A115H4
- ✓ VALTRA A135LH
- ✓ VALTRA G135V
- ✓ VALTRA N175D
- ✓ VALTRA T195A
- ✓ VALTRA Q305

Valtra dagurinn 14. júní á Selfossi



AKUREYRI
Hrafn Hrafnson
hrafn@afvelar.is
4800408



SELFOSSI
Helgi J Jóhannsson
hjj@afvelar.is
4800405

AFLVÉLAR




TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.afvelar.is

MENNING



Svifþörungur eru agnarsmáir einfrumungur. 9,5 milljónir af þessum agnarlitlu verum kæmust fyrir í litlum gosflöskutappa.



Sá vængjaði / Megaptera. Fullorðnir hnúfubakar eru 14–16 metrar að lengd, tvöfalt lengri en þetta myndverk Ingu Lísu Middleton er í raun.

Umhverfisvá:

Hafið á öld mannsins

– „Vísindi uppgötva, listir melta,“ segir Inga Lísu Middleton

Hvalir og svifþörungur eru viðfangsefni myndlistar- og kvikmyndagerðarmannsins Ingu Lísu Middleton, sem opnaði sýningu á verkum sínum í Listasafninu á Akureyri 2. júní.

Svifþörungur eru smæstu lífverur hafsins. Þeir framleiða allt að 50% alls súrefnis auk þess að binda um 40% af öllum koltvísýringi sem leystur er úr læðingi. Þar sem hvalir fyrirfinnst er einnig að finna þéttustu breiður svifþörungur því úrgangur hvala inniheldur það járn og nítrat sem þörungarnir þrífast á. Þetta merkilega samspil á milli smæstu og stærstu lífvera jarðar er ein af aðferðum náttúrunnar til að viðhalda jafnvægi og leggur nú lóð á vogarskálur í baráttunni við loftslagsvána.

„Ég hef lengi haft mikinn áhuga á umhverfismálum og þá sérstaklega á áhrifum mengunar og loftslagsbreytinganna á lífið á

jörðinni. Þetta hefur fléttast inn í myndlist mína og kvikmyndagerð,“ segir Inga Lísu, aðspurð hvaðan hugmyndin að fjalla um hvali og svifþörungur spretti. Hún er fædd árið 1964 og stundaði nám í ljósmyndun og kvikmyndagerð við University for the Creative Arts og Royal College of Art í Bretlandi, þar sem hún hefur verið búsett undanfarna áratugi. Ljósmyndaverk hennar hafa verið sýnd víða á síðustu árum, þar á meðal í London, París, Tókýó, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Hún hefur skrifað, leikstýrt og framleitt sjónvarpsþætti, stuttmyndir, auglýsingar og myndbönd.

Form og myndur

Fyrir utan að vera öflugur súrefnisframleiðendur hafa svifþörungur, og þá sérstaklega kísilþörungur, að geyma undraverðan fjölbreytileika

rúmfræðilegra forma og samhverfa mynstra. „Ég rakst einu sinni á ríkulega myndskreytta bók, Art forms in nature, eftir þýska fjölfræðinginn og prófessorinn Ernst Haeckel en bókinn var fyrst gefin út árið 1899. Þessar teikningar heilluðu mig þó svo ég vissi ekki mikið um tilgang svifþörungur í hafinu og hverslags ofurhetjur þeir eru.

Nýlega enduruppgötvaði ég svifþörungana þegar ég kynntist sjávarlíffræðingnum Chiōru Lapucci sem stundar rannsóknir á þeim í Miðjarðarhafinu, fyrir ítölsku hafrannsóknastofnunina LaMMA Consortium og hefur hún verið ráðgjafi við þetta verkefni.

Inga Lísu fékk leyfi til að nota smásjármyndir teknar af Rick Van Enden og teymi hans hjá The Australian Antarctic Division. Þörungarnir eru á stanslausri hreyfingu og vegna ljóstillifunar er erfitt að ná

skýrum myndum af skelinni. „Þau hjá Australian Antarctic þurrfrystu sýnin og tóku myndirnar með smásjá sem kallast Field Emission Scanning Electron Microscope (FESEM) en innbyggður geisli skannar einfrumunginn og byggir upp þessar myndir í hárru upplausn,“ segir hún. Einnig hefur hún verið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun Íslands og Gísli Pálsson mannfræðing.

Samruni lista og vísinda og vistfræðileg listsköpun er að sögn Ingu Lísu í miklum vexti og það sé mikið til að þakka auknu samstarfi milli listamanna og vísindafólks og stofnana. Hún vitnar í orð tónlistarmannsins Brians Eno sem sagði: „Rétt eins og við þurfum á loftslagsvísindamönnum að halda til að kynna okkur staðreyndir, þurfum við listir og menningu til að hjálpa okkur að hugsa, finna fyrir og tala um loftslagsvána. Þetta samtal þarfnast vísindamanna – jafnt sem listamanna. Vísindin uppgötva, listir melta.“

Lífverur fullar af plasti

Eftir að Inga Lísu hafði einbeitt sér að minnstu lífverum sjávar beindist athyglin að þeim stærstu: hvölnum sem gegna einnig mikilvægu hlutverki í vistkerfi hafsins.

„Eitt stórhveli bindur ekki einungis allt að 33 tonn af kolefni á lífsleiðinni heldur finnast þéttustu breiður svifþörungur þar sem hvalir halda sig því úrgangur þeirra inniheldur járn og nítrat sem þörungarnir þrífast á,“ bendir hún á.

„Síðan er það plastið. Um átta

milljónir tonna af plasti enda árlega í hafinu. Það hefur skaðleg áhrif á meðal annars hvali sem gleypa það í æ meira magni,“ segir Inga Lísu. Sem dæmi nefnir hún að fundist hafi nýlega 40 kg af plastpokum í iðrum 7 metra langs gáshalls (svínhvals) sem rak á land á Filippseyjum. Fréttir berist æ oftar af hvöllum sem reki á land nær dauða en lífi með allt að 150 kg af plasti, netadræsum og öðru rusli í iðrunum. „Örplast getur hamlað ljóstillífun og vexti þörungur. Ef þörungur og hvalir hverfa, þá er hætt við að mannkynið hverfi líka,“ segir Inga Lísu og jafnframt að hún hafi fullan hug á að vinna áfram að verkefnum sem tengjast sjálfbærni og líffræðilegum fjölbreytileika í samvinnu við vísindafólk, með sérstakri áherslu á hafið. „Ég er byrjuð að taka smásjármyndir á mismunandi smásjár, af þangi og öðrum sjávargróðri, og er að gera tilraunir með gamlar formúlur að ljósnæmum upplausnum til að skapa ný myndverk.“

Inga Lísu segir mikinn heiður að fá að sýna í hinu stórkostlega Listasafni á Akureyri, í heimabæ móður sinnar heitinnar, Þorbjargar Jónsdóttur. Sýningin, sem ber heitið Hafið á öld mannsins, stendur til 13. ágúst. Auk mynda af svifþörungum og hnúfubak er sýnt myndbandsverk um samspil svifþörungur, hvala og plastmengunar og til glöggvunar eru 40 kíló af hvítu plasti á miðju gólfi í sýningarrýminu.

Verk Ingu Lísu má m.a. skoða á vefnum ingalissamiddleton.com.

/sá

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagsskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



Inga Lísu Middleton notar cyanotype-prenttækni frá 1842 til að gera myndir sínar, en aðferðin er einnig kölluð blue prints eða sólarmyndir.

vfs.is

Milwaukee

ALVÖRU VERKFAERI

Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 25. JÚNÍ 2023

KAUPAUKAR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Bitasett með FASTBACK hníf • Peysa • 100 lm vasaljós

HAPPDRÆTTI STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!

Borðtennisborð • Heitur pottur • Fjallahjól

Milwaukee

BÍLLINN

Á ferðinni um landið.
Prufaðu allt það nýjasta
þegar hann er nálægt þér.
Sjáðu dagskrána á vfs.is

VERKFAERA SALAN

Sjáðu öll
tilboðin á
vfs.is

VERKFAERASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400

Gólfisög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX

Sláttuorf - 3 heðstöfl



Husqvarna 535RX

Sláttuorf - 2,2 heðstöfl



Husqvarna Traktor TC238T

Sláttutraktor - 18 heðstöfl



Husqvarna Rider 320X AWD

Sláttutraktor - 20 heðstöfl



Husqvarna LF75LAT

Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770

Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970

Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II

Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring

Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII

Keðjusög - 4,2 heðstöfl



Husqvarna AM310 MK II

Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



Husqvarna AM415X

Slátturóbot - 1500m2 - 40% halli



Husqvarna AM430X

Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



Husqvarna AM450X

Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



Husqvarna AM305

Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN

Víkurbær 8

203 Kópavogur

Sími 544 4656

www.mhg.is

Alþjóðasamband dreifbýliskvenna:

Raddir þeirra heyrast hátt

– Loftslagssnjall landbúnaður, heilsa kvenna og menntun í brennidepli

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



ACWW var haldið í Kuala Lumpur í Malasíu 17.–25. maí sl. og sóttu það um 450 manns.

Samtökin beita sér fyrir hagsmunum dreifbýliskvenna um heim allan og bættari stöðu þeirra innan eigin samfélaga. Ellefu Íslendingar sóttu þingið undir merkjum Kvenfélagasambands Íslands (KÍ) og var markmiðið að kynna betur starfi ACWW, sem KÍ hefur verið aðili að síðan 1980. Um 10 milljónir kvenna í 80 löndum eru meðlimir samtakanna sem hafa staðið að mörgum þörfum og merkjum verkefnum, meðal annar að stuðningi við konur í þróunarríkjum. Áherslur verkefna ACWW til næstu þriggja ára beinast að loftslagssnjöllum landbúnaði (Climate-Smart Agriculture), heilsu og menntun kvenna í dreifbýli og samfélagsþróun í öllum kjarnaverkefnum samtakanna.

Jenny Jóakimsdóttir, starfsmaður KÍ, var ein þeirra sem sóttu þingið og fór með atkvæði KÍ sem fulltrúi stjórnar á þinginu. Hún segir yfirskrift þess hafa verið „Fjölbreytileikinn er okkar styrkur“ og það verið grundvöllur þinghaldsins. „Kvenfélagið í Pahang í Malasíu var gestgjafi þingsins og skipulögðu konurnar ótrúlega flotta og glæsilega dagskrá í kringum hina hefðbundnu þingfundir,“ segir Jenny. „Skemmtanir voru á hverju kvöldi, skoðunarferðir og menningu landsins var gerð góð skil. Hápunkturinn hjá þeim í dagskránni var gala-hátíðarkvöldverður í Konungshöllinni í Malasíu, en drottning þeirra, Queen Azizah, er formaður félagsins í Pahang og var gestgjafi kvöldsins,“ segir Jenny.

Valdefling undir forystu kvenna

Aðspurð um hvað íslensku þátttakendurnir taki með sér heim,



Íslenskir fulltrúar á 30. heimspingi Alþjóðasambands dreifbýliskvenna. Sitjandi f.v.: Guðrún Þórðardóttir, Drífa Hjartardóttir og Helga Guðmundsdóttir. Efri röð f.v.: Sólveig Ólafsdóttir, Guðrún Finnbjarnardóttir, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, Þórunn Drífa Oddsdóttir, Áslaug Birna Ólafsdóttir, Linda B. Sverrisdóttir og Jenny Jóakimsdóttir.

Myndir / Jenny Jóakimsdóttir



Glaðbeittar konur á þingfundi. F.v.: Ólína Hulda Guðmundsdóttir, Áslaug Birna Ólafsdóttir, Guðrún Finnbjarnardóttir og Helga Guðmundsdóttir.

íslenskum dreifbýliskonum til handa, segir Jenny áherslu þingsins hafa verið á konur í dreifbýli í fátækustu löndum heims.

„Í stefnu ACWW segir: „Til að ná fram sjálfbærnum breytingum er nauðsynlegt að byggja upp víðtækt net dreifbýliskvenna og stuðla að valdeflingarverkefnum undir forystu kvenna. Hlusta þarf á raddir þeirra og þeirra þarfir,“ segir Jenny og heldur áfram:

„Þó svo að við hér á Íslandi séum með ansi mikil forrétindi miðað við konur í fátækari ríkjum heims þá er sama sagan hér; raddir kvenna í dreifbýli þurfa að heyrast. Þarfir kvenna á Íslandi eru mikið til þær sömu. Sem dæmi þá er ekki nóg að byggja stór og flott sjúkrahús ef konur komast síðan ekki þangað þegar á reynir. Á þinginu heyrðum við meðal annars sögur frá Afríku þar sem konum blæðir út

í vegkantinum og deyta þar vegna þess að þær þurfa að fara langan veg til að komast í fæðingarhjálp. Stærstur hluti kvenfélaga innan KÍ eru í dreifbýli og við þurfum að tryggja að raddir þeirra kvenna heyrast hátt,“ segir hún.

Rödd innan SP og UNESCO

KÍ mun, að sögn Jennyjar, koma upplýsingum um hvað fram fór á þinginu til sinna félagskvenna. „Kynna þarf betur starf ACWW og athuga hvaða leiðir við getum farið til að styrkja samstarfið og styðja við verkefni ACWW. Það er mikið horft til Íslands í jafnréttismálum og við getum vonandi lagt þar okkar af mörkum. Það er dýrmtætt að eiga aðgang að neti yfir 10 milljóna kvenna um allan heim og það eykur okkur víðsýni. Við sem fórum á þingið lögðum mikla áherslu á kynna okkur betur starf ACWW og að kynna konum á þinginu og því sem þær eru að fást við. Næsta alheimsping verður svo í Ottawa í Kanada í apríl 2026 og við munum kynna það fyrir okkar konum og vonandi náum við stærra hóp frá Íslandi þangað. Heimforseti ACWW, Magdie de Kock frá Suður-Afríku, hefur mikinn áhuga á að koma til Íslands og vonandi tekst okkur að finna tíma og stund fyrir þá heimsókn,“ segir Jenny jafnframt.

Alþjóðasamband dreifbýliskvenna hefur ráðgefandi stöðu við margar af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. „Á þinginu var sagt frá því að undanfarið hefur mikið verið unnið í því að styrkja þá stöðu enn frekar, til að raddir kvenna í dreifbýli nái eyrum þeirra sem taka ákvarðanir er varða líf þeirra. Einn af starfsmönnum ACWW var nýlega kosinn formaður landsnefnda félagasamtaka við UNESCO og mun í haust stjórna málstofu á þeirra vegum sem fengið hefur vinnuheitið „Breyting hugarfars fyrir jafnrétti kynjanna“. Þessi staða setur ACWW við ákvörðunarborð innan UNESCO og felur í sér tækifæri til að koma á framfæri röddum dreifbýliskvenna,“ segir Jenny að endingu.

Helstu ályktanir heimspings ACWW 2023

Stofnun aðgerðaáætlana um atvinnu kvenna í dreifbýli

ACWW hvetur allar ríkisstjórnir til að sinna sérstökum þörfum dreifbýliskvenna með því að vinna með fulltrúum kvennahópa til að koma á, innleiða og fylgjast reglulega með aðgerðaáætlun um atvinnumál kvenna sem tryggir aðgang þeirra að þjálfun og menntun; sanngjarna og örugga starfshætti; vinnuskilyrði þeirra og laun; aðgang að auðlindum eins og fjármagni, efni, tækni og land/eignum og; þar á meðal en ekki takmarkað við ráðgjöf varðandi starfsferil, viðskipti og frumkvöðlastarfsemi.

Að taka á matarsóun

ACWW leggur áherslu á að taka á matarsóun í öllum sínum verkefnum, aðgerðum og málflutningi með því að viðurkenna að matarsóun á sér stað um alla alþjóðlegu fæðuframboðskehjuna og að samræmdar aðgerðir eru nauðsynlegar til að draga úr matartapi og matarsóun á hverju stigi.

Kynjaáhrifgreining á landsbyggðinni

ACWW hvetur ríkisstjórnir til að greina áhrif þess á öll kyn að búa í dreifbýli þegar hugað er að áætlana- og stefnugerð. Tryggja þarf að skoðuð verði áhrif þessara tveggja breytna, að vera kona og að búa í dreifbýli. Lögð er áhersla á að tekið verði fullt tillit til kynjabreytunnar í dreifbýli þannig að dregið verði úr skaðlegum áhrifum fyrirhugaðra áætlana og stefnu um landsbyggðina er varða konur.



ÖFLUGIR UTANBORÐSMÓTORAR FRÁ SUZUKI

Það liggur þrotlaus ransóknar- og prófunarvinna á bakvið utanborðsmótora Suzuki sem skilar sér í krafti, sparneytni, áreiðanleika og endingu. Komdu við og kynntu þér úrvalið og möguleikana. Við tökum vel á móti þér

VERÐ FRÁ KR. 809.000

Suzuki á Íslandi
Skeifunni 17
Sími 568 5100
www.suzuki.is

• Nánari upplýsingar á suzuki.is

Þú finnur Bændablaðið
á www.bbl.is,
Facebook & Instagram

FUGLASPILIÐ ER KOMIÐ Í VERSLANIR

FUGLASPILIÐ

Fuglaspilið er í anda spilsins „Veiðimaður“ þar sem markmiðið er að safna fjögurra spila samstæðum. Í stað hefðbundinna spila er spilað með íslenskar fuglategundir. Á spilunum eru upplýsingar um þjóðtrú tegundanna, latínuheiti, búsvæði og ætt. Spilið er hugsað til fróðleiks og skemmtunar.

Spilin eru stærri en hefðbundin spil 14,8 x 10,5 cm.

Spilið er einnig fánlegt á ensku.




LITLA FUGLASPILIÐ

Litla fuglaspilið er minni útgáfa af Fuglaspilinu en þá er spilað samstæðuspil. Litla fuglaspilið er fyrir yngri aldurshópinn, einfaldari útgáfa þar sem einungis nöfn tegundanna er á spilinu með myndinni. Nöfn tegundanna eru á íslensku, ensku, pólsku og latínu í sama stökki.

Spilið er í stærðinni 8 x 8 cm.


PANTANIR INNI Á HESPA.IS



GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegg húsa og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!



BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Bjóðum mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



Í DEIGLUNNI

Eftirmál riðuveiki



Á liðlega 40 árum hafa rúmlega 850 hjarðir verið skornar niður á Íslandi, með meira en 200 þúsund fjár. Mörkuð var stefna af hálfu stjórnvalda árið 1986, þegar vitað var um riðu á um 100 bæjum, að freista þess að útrýma veikinni úr landinu með skipulögðum niðurskurði á öllum bæjum þar sem riðan var staðfest. Þessari stefnu hefur verið fylgt síðan.

Árið 2020 voru staðfest riðutilfelli á sex bæjum, annars vegar í Húna- og Skagahólfi og hins vegar í Tröllaskagahólfi. Síðan bættust við tilfelli á þremur bæjum í Vatnsneshólfi og Húna- og Skagahólfi árið 2021 – og nú nýjast í tveimur hjörðum í Miðfjarðarhólfi. Samtals hefur verið skorið niður um 6.500 fjár á þeim tíma.

Í kjölfar tilfellanna á Norðurlandi árið 2020 var Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir fengin til að ráðast í endurskoðun á reglum sem varða viðbrögð við riðuveiki. Hún skilað drögum til matvælaráðuneytisins í desember 2021 og nú nýlega tilkynnti matvælaráðherra um breytta nálgun við útrýmingu á riðuveiki með því að beita riðupólum arfgerðum.

Ákall bænda er nú hávært um nauðsyn þess að breyta ekki aðeins nálgun við útrýmingu á riðuveiki í sauðfé heldur einnig þeim bótaréttindum sem bændum standa til boða við þær aðstæður þegar þeir eru sviptir sínum bústofni, ævistarfi og ástríðu. Reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar er að stofni til frá 2001 og er samdóma álit þeirra bænda sem hér er rætt við á næstu síðum – og lentu í niðurskurði á árunum 2020 til 2023 – að hún sé úrelt.

Bergsstaðir í Miðfirði er fyrsti bærinn í Miðfjarðarhólfi þar sem riða í sauðfé greinist.

Myndir / smh

Mikil vonbrigði en ekki vonleysi

– Vonast til að niðurskurðurinn á Urriðaá hafi verið síðasti niðurskurðurinn

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is



Fyrsta tilfellið um riðuveiki í sauðfé í Miðfjarðarhólfi var staðfest á Bergsstöðum í Miðfirði í byrjun apríl. Þar með var ljóst að rúmlega 26 ára markviss og metnaðarfull ræktun bændanna var komin á leiðarenda.

Ábúendurnir, þau Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson, keyptu jörðina um áramótin 1996–1997. „Ég er uppalin hérna og við tókum við af foreldrum mínum sem voru með blandað bú, það er kýr, kindur og hross,“ segir Elín.

Tvöföldun á fjárfjöldu

„Þá voru hér einhverjar 320–330 kindur og við ákváðum strax að ráðast í breytingar og stækka hjörðina, það fyrsta sem við gerðum var að innrétta hlöðuna sem fjárhús svo við gætum fjölgað. Svo byggjum við fjárhús árið 2001 og nýjasta byggingin er frá 2020. Við lögðum mikinn metnað og vinnu í ræktunarstarfið og reyndum að keppast við að gera betur frá ári til árs.

Við vorum komin í um 700 fjár þegar riðutilfelli var staðfest hér með þeim afleiðingum að það þurfti að skera allt niður núna í byrjun apríl. Það má segja að aðstæður hafi verið orðnar nokkuð þægilegar, það er góður bústofn, góð vinnuástanda og búin að endurrækta öll tún og bæta við mikilli ræktun,“ segir Ari.

Vonuðust eftir að um fjárkláða væri að ræða

Þau segjast hafa tekið eftir einkennum hjá einni kind fyrst, en svo fljótlega í öðrum tveimur. Þetta hafi gerst á um



Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson voru afar farsæl í sinni ræktun á Bergsstöðum en sáu á eftir hjörðinni sinni í byrjun apríl til förgunar.

10 dögum að riðuveiki var svo staðfest. „Þá fór nú um okkur þegar við gerðum okkur grein fyrir því hverju við gætum verið að lenda í.

Maður gerði sér alls ekki grein fyrir því til að byrja með að þetta væri riða, þetta var mikill kláði, þannig að við vorum að vona að þetta væri bara þessi fjárkláði því þær voru spikfeitar og heilbrigðar að sjá, ekki þessi einkenni sem maður hefði lesið og heyrt um. En eitthvað fannst okkur einkennilegt við þetta og höfðum því samband við héraðsdýralækni,“ segir Elín.

Gjafirnar erfiðar um páskana

Þau segja að fjölskyldan hafi verið alveg dofin fyrstu dagana eftir að þetta var staðfest og þau áttuðu sig ekki strax á því hvað þetta var mikill skellur – ekki bara fyrir þau heldur Miðfjarðarhólfið í heild sinni. „Auðvitað hefur þetta ferli allt verið mjög erfitt, en þó var líðanin verst þessa páskadaga sem við þurftum að gefa fénu sem eftir var – vitandi að það væri að fara. Fyrri hópurinn fór á

föstudaginn langa og sá síðari annan í páskaum. Og enn verra var reyndar að horfa á eftir fénu frá nágrönnum okkar á Urriðaá,“ segir Ari.

Þar var svo einnig ráðist í niðurskurð skömmu síðar eftir að riðuveiki var staðfest í einni á sem bændurnir á Bergsstöðum höfðu gefið heimasætunni á Urriðaá árið 2020.

Samstaða í sveitinni

Þau segjast hafa fundið fyrir mikilli samstöðu í sveitinni, bæði með þeim og bændunum á Urriðaá. „Við höfðum í raun vonast eftir að það væri hægt að hlífa þeim við niðurskurðinum þar sem við töldum að það væri jafnvel ekki fleira fé þar smitað en bara þessi sem kom frá okkur,“ segir Elín.

„Í bréfi sem var sent héðan úr sveitinni til yfirdýralæknis, sem sveitungar okkar skrifuðu undir, var óskað eftir því að það yrði ekki skorið niður þar – því við óttuðumst ekki að um fleiri riðusmit væri að ræða þar, sem komið hefur svo á daginn.“

Það var þá bæði af því að ljóst var að þessi niðurskurðaraðferð skilaði ekki almennilegum árangri og svo að það var vitað að nú væri farið að rækta upp fjárstofna með verndandi arfgerðir. „Það hefði vel verið hægt að stíga inn í ferlið og breyta reglum – það hefði verið hægt að prófa ýmsar aðrar leiðir þarna á Urriðaá, og teljum við að vinnureglur sem farið er eftir í dag séu barns síns tíma.

Fjárstofninn á Urriðaá var einn sá flottasti á landinu og vildu allir bændur fá að sjá hann og eignast gripi frá þeim – enda voru gripir frá þeim eftirsóknarverðir,“ bætir hún við.

Gerð, frjósemi og mjólkurlagni

Þau telja að sig hafa náð ágætum árangri í ræktunarstarfinu, en Bergsstaðir hafa verið ofarlega á flestum uppgjörslistum skýrsluhaldrans í sauðfjárrækt á undan- förum árum. „Við höfum reynt að vanda okkur og einbeitt okkur að tilteknum þáttum ræktunarinnar til að ná árangri; gerð, frjósemi og mjólkurlagni. Við vorum komin á nokkuð góðan stað í flestum þáttum ræktunar nema í ullargæðum.

Svo eru það atriði í búskapnum sem ekki má vanmeta, eins og að vera með góð hey á álagstímum sem eru fengitími og sauðburður, eins er mjög mikilvægt að hafa gott pláss og góða vinnuástöðu, enda ekki vanþörf á verandi með 100 til 140 fleirlembur á hverju ári að meðaltali og það tekur pláss,“ segir Ari. Elín tekur undir þetta og leggur áherslu á að þetta sé þeirra vinna. „Viljum við ekki öll hafa snyrtilegt, þægilegt og gaman í vinnunni? Við eyðum mest öllum okkar tíma í fjárhúsunum og við búskaparstörf sem er dásamlegt – og lífið snýst allt árið um að gera og klára

” Það lítur út fyrir okkur að þetta sé bara leið til að fækka fé í landinu og bændum, því þetta er ekki bændum bjóðandi ...“

fyrir sauðburð og fyrir smalamennskur. Við viljum ekki trúna því að ráðamenn og landsmenn vilji ekki hafa íslenskan sauðfjárstofn í landinu.“

Tilfinningalegt uppnám

Þau segjast ekki hafa fyllst vonleysi við þessi ótíðindi um riðusmit í hjörðinni þeirra, þó vonbrigðin hafi vissulega verið mikil. Að sögn Ara töluðu þau um að taka ekki einhverjar skyndiákvæðanir í tilfinningalegu uppnámi. „Það var hræðilega erfitt að sjá á eftir kindunum sínum sem áttu nokkrar vikur í burð, hlaupa upp á sláturbílinn. Flestar þeirra voru einstakir karakterar og miklir vinir okkar og maður sá í augum þeirra hvað þær voru óttaslegnar á þessari ringulreið. Við urðum reið og það kom upp uppgjafartónn í okkur eftir að við fengum fyrstu drög að afurðatjónsbótum.

Eins þegar gámarnir með bústofninum frá Urriðaá voru keyrðir um sveitina fram og til baka meðan verið var að finna urðunarstað – og svo þegar við heyrðum upphæðina sem var borguð fyrir það. Það lítur út fyrir okkur að þetta sé bara leið til að fækka fé í landinu og bændum, því þetta er ekki bændum bjóðandi,“ segir Elín.

Vonandi síðasti niðurskurðurinn í landinu

Þau standa enn í samningsferli við ríkið um bætur en gera ráð fyrir að það vanti helmingi meira en þeim er boðið miðað við núverandi forsendur. Þau telja það vera dapurlega stöðu að bjóðast ekki fullar bætur fyrir það sem þau hafa misst og var tekið af þeim, til að geta byggt upp sambærilegan stofn. Ari telur að með árunum verði svo enn dýrara að byggja upp stofn.

„Þessir gripir með verndandi arfgerðir verða auðvitað bara dýrari. Maður skilur þara ekki hvað allt gengur hægt í að breyta þessum áherslum varðandi riðunniðurskurð og hvernig á að ná árangri í baráttunni við hana. Þetta virkar núna bara eins og starfslokasamningur ríkisins við bændur,“ segir hann.

Ágætu félagar Bændasamtakanna

Við minnum góðfúslega á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2023, en greiðsluseðla má finna í heimabanka.

Þar má einnig greiða inn á og skipta greiðslum, þér að kostnaðarlausu.

Þín aðild tryggir öflugri samtök

Draga aðrir vagninn fyrir þig?



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Ungu bændurnir á Urriðaá með sjálfbæran rekstur

– Treysta sér ekki í frekari lántökur og fjárfestingar til að geta byrjað upp á nýtt

Bærinn Urriðaá í Miðfirði er í landi Syðri-Urriðaá. Þessi bæjarheiti hafa borið á góma að undanförunu í umræðu um nýlegt riðutilfelli í hjörðinni á bænum og niðurskurð í kjölfarið. Á Urriðaá búa þau Ólafur Rúnar Ólafsson og Dagbjört Diljá Einþórsdóttir en þau keyptu jörðina árið 2015.

Þau höfðu á fremur stuttum tíma náð mjög góðum árangri í sinni ræktun, fjölgað fé um rúmlega tvö hundruð á vetrarfóðrum og komin í þá stöðu að þurfa í raun ekki að vinna utan bú. Að hafa fengið þennan úrskurð um staðfest riðusmit í hjörðinni var því sérstaklega erfitt, þar sem þau voru loksins komin í þá stöðu að vera með stöðugan og sjálfbæran búrekstur.

Urðunarmálin erfið

„Þetta var allt mjög sorglegt, líka þegar blandaðist inn í niðurskurðar- og bótaferlið þetta fát varðandi urðunina. Reynt var að fá okkur til að samþykka urðun á jörðinni okkar, en við vildum að gripirnir yrðu urðaðir fjarri okkur, helst á „opnum“ urðunarstað,“ segir Ólafur þegar þau eru spurð um líðanina eftir niðurskurðinn og urðunina.

„Við urðum vitni að því, þegar allt varð stopp með urðunarstaði og hraein voru búin að vera um sólarhring við slátruhúsið á Hvammstanga, að allt í einu sjáum við að það er verið að flytja rollurnar okkar í gámum að Flugvellinum á Krókstöðum í Miðfirði. Sá bær blasir við okkur út um stofugluggann. Þá hafði verið ákveðið í skyni að urða hraein þar án þess að skoða aðstæður almennilega. Sem betur fer gekk það þó ekki eftir, enda hefði það verið óþægileg tilhugsun að hafa þetta í næsta nágrenni við okkur ef við næðum að hefja búskap aftur,“ bætir Dagbjört við.

„Við náðum einhvern veginn aldrei að syrgja rollurnar fyrr en nokkru seinna. Við vorum undir miklu álagi og áreitni vegna þessara urðunarmála af hendi Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Á ákveðnum tímamarki hætti ég að svara símtölunum og vísaði öllum erindum á lögfræðinginn okkar, en við höfum fengið góðan andlegan stuðning bæði frá sveitarfélaginu okkar og eins frá Bændasamtökunum. Sveitarstjórn okkar, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, á sérstakar þakkir skildar fyrir hjálpsemina,“ segir Ólafur.

Hálfgærd tilviljun að enda á Urriðaá

Dagbjört er búfræðingur frá Hvanneyri en Ólafur vélvirki að mennt. Ólafur er alinn upp á sauðfjár- og kúabúinu Þaravöllum í Hvalfjarðarsveit en Dagbjört er frá Egilsstöðum og ekki sveitastelpan að upplagi. Hálfgærd tilviljun réði því að þau enduðu á Urriðaá, þar sem fyrir var fyrirmýndar búrekstur. „Við komum reyndar hér við á ferðalagi okkar eftir að ég útskrifaðist frá Hvanneyri um vorið 2014, sem endar með að við erum hér allt sumarið og haustið 2014 með fyrri ábúendum,“ segir Dagbjört um forsöguna. „Jörðin var í raun ekki til sölu en tengdapabbi hafði keypt folöld hér af bæ í sveitinni og fór að spyrjast fyrir um lausar jarðir, bara um það leyti sem útskrifaðist frá Hvanneyri.

Honum var bent á að hringja í Sigvalda Sigurjónsson og Þóru F. Ólafsdóttur, sem höfðu búið hér í áratugi, og það endaði með að þau buðu okkur að koma og vera þetta sumar hjá sér til að veita þetta og meta. Enda tók fjármögnunarferlið sinn tíma,“ segir Ólafur.

Sigvaldi hjálpaði mikið í byrjun

Dagbjört segir að þetta hafi verið mjög skemmtileg ábúendaskipti. „Þetta gekk svo vel upp þrátt fyrir að við þekktum



Dagbjört Diljá Einþórsdóttir og Ólafur Rúnar Ólafsson í tómu fjárhúsum heima á Urriðaá. Þau standa í erfiðum samningaviðræðum við ríkið um réttlátar bætur fyrir verðmætan bústofn sinn.

þau ekkert fyrir. Við fluttum í raun inn til þeirra í október og svo bjuggum við með þeim alveg að júlum – þegar þau flytja suður,“ segir hún.

Sigvaldi hjálpaði þeim mjög mikið í byrjun, alveg fyrstu árin, og svo kom hann til þeirra á hverjum sauðburði og líka á haustin í smalamennsku. „Við tókum við allri hjörðinni og auðvitað alveg toppbúi. Það voru ekki allir bjartsýnir á að við næðum að halda ræktuninni jafn góðri, en held við getum alveg sagt að við höfum náð því og jafnvel náð að bæta það þó nokkuð með góðri hjálpi Sigvalda. Við höfum til dæmis náð frjóseminni vel upp og hækkað gerð og þyngd og í raun allt saman – auk þess að fjölga úr 470 fjár í yfir 700,“ segir Ólafur. „Sigvaldi var hins vegar alltaf með okkur, sérstaklega í byrjun, í allri ákvörðunartöku um ásetning og slíkt,“ bætir Dagbjört við.

Úrvals hrútar

„Síðasta ár var algjört toppár hjá okkur,“ segir Dagbjört. „Gerðin rauk upp og við vorum svakalega ánægð með ganginn í þessu hjá okkur.“ Ólafur segir að þau hafi verið einstaklega heppin með hrúta, fengið alveg sértaklega góða einstaklinga. „Sigvaldi átti góðan hrút sem hét Runni undan Laufa og í grunninn er eiginlega megnið af fénu undan honum. Svo vorum við komin með svaka góða línu undan hrútnum Dracula sem var undan Dreka frá Hriflu og Gaursdóttir, og einnig syni Dracula, Demant. Þetta er ræktunarlína sem við sjáum sérstaklega mikið eftir.“

Þau segja að þetta hafi verið alveg einstök ræktun og mjög erfitt að sjá á eftir henni. „Þetta var eitthvað sem við vorum búin að rækta og kom svona svakalega vel út, gripir sem báru af og allt undan þeim,“ segir Ólafur.

Voru lömuð í nokkra daga

„Við vorum svo á kafi í þessu ræktunarstarfi að það er erfitt að útskýra hvað það hafði mikil áhrif á okkur að lenda í þessu – höfðum legið yfir skýrsluhaldinu í Fjárvis til að móta okkar eigin línur í ræktuninni sem hefur tekið allan okkar tíma hér þótt stuttur sé,“ segir Ólafur. „Svo áttu krakkarnir okkar, Ingunn Bára, 5 ára og Einþór Logi, 3 ára, líka kindur sem hefur verið mjög erfitt fyrir okkur öll að takast á við að þau hafi misst.

Áfallið var mikið þegar fréttirnar berast frá Bergstöðum um að staðfest smit væri þar. Við vorum í raun alveg lömuð í nokkra daga á eftir en ætluðum svo að fara að bólusetja og hugsa ekkert um möguleikann á því að það gæti verið smit hjá okkur, þegar það er svo staðfest í

kindinni frá Bergstöðum. Við fórum auðvitað strax að hugsa um stöðuna og framtíðina og ekki síst um allt söluféð á undanförunum árum sem er bysna margt,“ segir Ólafur. Þau segja að þessar undanfarnar vikur hafi verið sérstaklega erfiðar, líka í því ljósi að þau væru búin að vera frekar stuttan tíma á Urriðaá – og höfðu skuldsett sig nokkuð í byrjun við kaupin á jörðinni. „Við tókum svo síðar allt í gegn í gömlu fjárhúsunum og réðumst síðan í að byggja ný fjárhús, auk þess að hafa nýlega keypt nýjan traktor. Þetta var auðvitað allt saman mjög kostnaðarsamt,“ segir Ólafur.

Góður búrekstur

Búið gekk vel og það rak sig. Allt útlit var fyrir að fjárfestingarnar myndu ganga vel upp. „Við höfum áhyggjur af því hvernig muni ganga að reka búið á þessum bótum sem við fáum – og líka þegar og ef við tókum aftur fé, því miðað við þær forsendur sem eru uppi núna í samningum við ríkið um bætur þá getum við aldrei keypt nema brot af þeim bústofni sem við vorum með,“ segir Dagbjört.

„Það segja okkur allir að fyrstu árin eftir fjárskiptin séu erfiðust – því þá þarf að taka gemlinga og það þarf alltaf

að setja þá á – og það skilar miklu minna. Maður verður nokkuð lengi að byggja upp fulla framleiðslu – jafnvel alveg fimm ár,“ bætir hún við.

Langt í frá að vera fullar bætur

Ólafur segir með áhersluþunga að staða bænda sem lenda í þessu sé mjög veik. „Þetta eru auðvitað langt í frá að vera fullar bætur. Þegar við létum féð af hendi til slátrunar þá datt okkur aldrei í hug annað en við fengjum bætur til að kaupa sama fjárfjölda í lok fjárleysistímabilsins. Við vissum að okkar góðu hjörð fengjum við aldrei aftur en hitt að okkur standi ekki til boða að fá aftur sama fjárfjölda er bara fáránlegt – að við þurfum aftur að fara að fjárfesta til að komast í full afköst.“

„Við vissum að okkar góðu hjörð fengjum við aldrei aftur en hitt, að okkur standi ekki til boða að fá aftur sama fjárfjölda er bara fáránlegt ...“

Dagbjört tekur undir og segir að ýmislegt vanti í reglugerðina um bætur til að hún geti talist réttlát. „Til dæmis að ekki sé gert ráð fyrir greiðslum fyrir hreinsunarstarf sem við þurfum sjálf að fara í, rífa þetta allt niður og svo að byggja aftur upp. Þetta eru mikil hús og innréttingar. Afurðatjónsgreiðslurnar geta heldur aldrei staðið undir launakostnaði, rekstrarkostnaði af húsum og heimili og afborgunum af lánnum. Þarna vantar margar milljónir upp á svo þetta geti gengið upp,“ segir hún.

Ótrúlega tímafrek yfirferð

Þau segja bæði að þau hefðu viljað sjá drög að samningi áður en þau létu féð af hendi, það væri eðlilegra ferli. „Það er heldur vonlítið fyrir okkur núna að standa í einhverju stríði um að fá sómasamlegan samning um réttlátar greiðslur fyrir okkar bústofn. Þetta tekur virkilega á, bæði andlega og svo fer alveg ótrúlegur tími í það líka að yfirfara öll smáatriðin í okkar stöðu,“ segir Dagbjört.

Þau vilji hins vegar helst af öllu byrja aftur upp á nýtt, en til þess að það geti gengið eftir þurfi þau að sjá betri samning en núna er á borðinu. Ekki sé raunhæft að taka fleiri lán til þess að koma sér aftur af stað.

– Framhald á næstu opnu.



Dagbjört og Ólafur keyptu Urriðaá árið 2015, en þar var fyrirmýndarbúskapur.

Mikið úrval af Kubota heyvinnuvélum á lager.

Til afhendingar STRAX



PÓR

thor.is

Í DEIGLUNNI

Eftirmál riðuveiki:

Breyttu gömlu fjárhúsunum í gróðurhús

– Bændurnir á Stóru-Ökrum segja að niðurskurður haustið 2020 sé enn opið sár en ætla að taka arfgerðagreint fé á næsta ári

Stóru-Akrar 1 eru í Blönduhlíð í Skagafirði og þar kom upp riða haustið 2020. Það var í fyrsta sinn í langan tíma sem hún greindist og var staðfest á þessu svæði. Þar búa Svanhildur Pálsdóttir og Gunnar Sigurðsson með kúr og voru áður með um 520 kindur. Þau ákváðu strax að þau munu taka aftur fé haustið 2024 og eru að breyta gömlu fjárhúsunum í gróðurhús með ávaxtatrjáaræktun.

Blaðamaður settist niður með þeim í eldhúsinu á Stóru-Ökrum og þau rifjuðu upp þann tíma þegar riðutilfelli voru staðfest í þeirra hjörð og eftirmál þess. „Ef við byrjum á því að ræða fyrst þessi bótamál, þessar reglur sem gilda um ferlið af hálfu ríkisins, þá er staðreyndin sú að þetta eru mjög gamlar reglugerðir sem endurspeglar gamla tíma. Þær eru settar við þær aðstæður að það er offramleiðsla á lambakjöti og þetta þótti bara frekar þægileg leið til að fækka sauðfé í landinu. Borga bændum bara þokkalega fyrir, þannig að þeir kæmu ekkert aftur inn í greinina,“ segir Gunnar.

Getur ekki byrjað á sama stað

„Eins og ljóst má vera af nýlegum málum, til dæmis í Miðfirði, þá er staðreyndin sú að maður getur ekki byrjað á sama stað og maður var á þegar niðurskurðurinn varð. Þú þarft alltaf að borga dálítið mikið með þér,“ segir Gunnar og er mikið niðri fyrir. „Nú heyrir ég líka talað um að það sé eðlilegt að teknir séu inn ARR-gripir – og það verður hér hjá okkur – en þeir verða mun dýrari í verði en aðrir gripir. Þegar ekki er farið heildstætt í endurskoðun á reglugerðinni þá endar allt saman uppi á einhverju flæðiskeri. Reyndar var ráðin manneskja til verksins, sem þótti færust til þess, um það leyti sem skorið var niður hér hjá okkur, en það hefur ekki bólað á



Niðurskurðurinn snerti fjölskylduna á Stóru-Ökrum djúpt en hún settist niður saman og ræddi sig í gegnum sorgina þar sem nýjar hugmyndir vöknudu.



Fjárhúsum hefur verið breytt í gróðurhús og verið var að planta ávaxtatrjá inn þegar blaðamaður bar að garði. Myndir / smh

þessum breytingum enn þá. Það voru reyndar hugmyndir um allt sem lýtur að riðuvörnum skilst mér og reyndar hefur aðeins upp á síðkastið farið að örla á þeim breytingum. Bótahlutinn er hins vegar enn alveg óbreyttur og ekkert hefur frétt af breytingum á honum. Við enduðum á því að semja af okkur enda var ekkert annað í stöðunni,“ segir hann.

Ómakleg gagnrýni

Gunnari finnst að gagnrýnin beinist oft ómaklega að fólkinu sem er falið að fylgja regluverkinu eftir. „Við gagnrýnum oft atriði sem okkur finnst ekki vera í lagi í þessum málum, en gjarnan beinist gagnrýnin

ekki að réttum aðila. Í þessum niðurskurðarmálum ætti gagnrýnin að beinast að sökudólginum sem í þessu tilviki er sjálft regluverkið. Ef við lesum reglurnar þá er það alveg augljóst að þær ganga ekki upp. Ef við tökum dæmi af manneskju í fyrirtækjarekstri sem er gert að hætta starfsemi af stjórnvöldum og fær ekki fullar bætur fyrir, verður sá hinn sami aldrei sáttur. Við eigum að beina kröftum okkar að þessu óréttlæti, en ekki að fólkinu sem vinnur að því að framfylgja þessum reglugerðum.“

Magrar þriggja vetra ær

Riðutilfelli á Stóru-Ökrum upp-götvaðist þegar Gunnar verður var við það í fyrstu göngum um haustið að allnokkrar þriggja vetra ær eru óeðlilegar magrar. „Ég fékk því nágranna minn til að lóga þeim fimm beint úr réttinni og setja á hræbilinn. Vel að merkja voru lömbin undir þeim alveg drekaölmb, en þær virtust hafa horast niður á mjög skömmum tíma. Það var svo ekki fyrr en mánuði síðar þegar aftur var komið að smalamennsku sem ég geng fram á kind sem er greinilega veik. Hún er þá bæði glithoruð fyrir það fyrsta, en með alveg rígvæn lömb með sér.“

Það tók mig svolitla stund að átta mig á því að þetta gæti verið riða af því að þessi einkenni höfðu aldrei

verið mikið í umræðunni fannst mér, þessi skyndilega og mikla aflögn. Áherslan hafði mest verið á þessi taugaeinkenni; að þær væru hræddar, í ójafnvægi og gangurinn órásvís – en þessi einkenni birtust ekki í neinum af þessum kindum. Ég var kannski ekki alveg nógu fljótur að kveikja á þerunni, en svo lét ég taka sýni úr þessari sem ég fann í göngum og þá var riðutilfellið staðfest. Þetta var mjög mikið áfall fyrir okkur og auðvitað börnin okkar líka,“ segir Gunnar, en á Stóru-Ökrum voru 520 fjár þegar skorið var.

Bændur hættu að tala saman

„Það var skorið niður hér vegna mæðuveiki 1949, minnir mig,“ rifjar Gunnar upp þegar hann er spurður um sögu riðuveiki á bænum. „Fram að þeim tíma var riða hér á svæðinu öllu eins og annars staðar, en auðvitað áður en opinberar niðurskurðaragerðir hófust. Ég man eftir því að afi minn, sem þá var ábúandi hér, sagðist hafa bara sjálfur hreinsað út út hjörðinni þær ættarlínur sem virtust vera viðkvæmari fyrir riðunni. Hann hafði sjálfur ekki orðið var við riðu í mörg ár hér þegar kom að þessum niðurskurði vegna mæðuveikinnar og ekkert síðan, hvorki hér né á nágrannabæjum. Áfallið hjá mér var fyrst og fremst samfélagslegt, því við vorum á hreinu svæði þar sem hægt var að eiga í viðskiptum með gripi, samgangur var opin, það voru hrútasýningar og heilmikill félagskapur í kringum sauðféð. Nú skall allt í lás og ég sá fyrir mér að þetta yrði mikið áfall – sem auðvitað kom á daginn. Ég upplifði þetta þannig að við bændur hættum bara að tala saman.“

„Það urðu allir hræddir sem eðlilegt var,“ skýtur Svanhildur inn í sem situr með þrjónana. „Við höfðum selt hrúta og ær frá okkur sem var auðvitað mjög erfitt þegar farið var að rekja féð alveg fimm ár aftur tímamann.“

Riða greind úr fé frá Stóru-Ökrum

„Á þessum bæjum var allt tekið út og öllu slátrað sem rekja mátti hingað,“ segir Gunnar. „Það skipti tugum féð sem hafði farið frá okkur á þessum tíma og stundum hafði það áhrif út fyrir okkar fé, ég get ímyndað mér að þetta hafi haft áhrif á hundruð fjár sem var lógað. Hjá sumum kom aldrei fram riða, en á þremur bæjum var hún greind úr fé frá okkur. Þetta er enn opið sár hjá okkur og erfitt að setta sig við.“

Gunnar segist strax hafa farið að spá meira í arfgerðir þegar hugað var að því að taka fé aftur.

„Við enduðum á því að semja af okkur enda var ekkert annað í stöðunni ...“

„Já, ég fór strax árið eftir til vina minna vestur á Heydalsá á Ströndum og samdi við þau um að arfgerðagreina allt féð og kaupa svo í kjölfarið af þeim – sem við höfum þegar gert, þó við tökum það ekki hingað fyrr en á næsta ári. Við tökum ákvörðun um það strax að taka aftur fé, en ákváðum líka að vera fjárlaus í fjóra vetur. Okkur fannst það bara vera hæfilegur tími að láta líða frá niðurskurðinum. Við munum fyrstu fimm til tíu árin fyrst og fremst einbeita okkur að arfgerðum – og síðan öðrum kynbótum.“

Kúabóndi með brennandi áhuga á sauðfjárrækt

Gunnar er þriðju kynslóðar ábúandi á Stóru-Ökrum, þar sem kúabúskapur er rekin auk sauðfjárræktar.

„Ég hef alltaf lagt aðaláherslu á mjólkurframleiðslu. Ég væri ekki hér talandi við þig ef við værum ekki með mjólkurframleiðslu. Af þeim bótagreiðslum sem ég þigg fyrir niðurskurðinum borga ég 45 prósent til baka í sköttum. En ég hafði líka brennandi áhuga á sauðfjárrækt, en ekki rekstrarlega. Við gátum stíllt sauðfjárræktinni dálítið upp eftir okkar heyleng hverju sinni. Settum kannski meira á þegar við áttum mikil hey, þannig að hjá okkur hafa verið svona ákveðin samlegðaráhrif.“

Svanhildur starfar við Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi og kunn fyrir áhuga sinn á íslensku ull. Hún hefur alltaf starfað utan bú, átti um tíma og rak Hótel Varmahlíð til að mynda. „Ég hef verið alveg á hliðarlínunni í búskapnum en reynt að taka virkan þátt á álagstímum. Eftir niðurskurðinn hef ég þó stundum hugsað til þess hvað það hefði verið gaman að eiga sitt eigið þrjónaband úr ullinni af fénu sem við misstum, þar sem nú er hægt að láta vinna fyrir sig úr eigin ull í þeim smáspunaverksmiðjum sem eru komnar á fullt.“

Fjárhús verða að gróðurhúsi

Svanhildur segir að niðurskurðurinn hafi snert þau mjög djúpt og börnin þeirra líka. „Við settumst niður, fjölskyldan, tveimur dögum eftir niðurskurðinn, og ræddum þetta allt saman. Veltum fyrir okkur hvað tæki nú við og hvað svo. Þá kom upp sú hugmynd að breyta fjárhúsunum í gróðurhús og það má segja að núna sé það í raun að gerast því við erum að planta inn í húsið fyrstu berja- og ávaxtaplöntunum. Fjárhúsin eru sem sé að breytast í ávaxtahús. Þessi hugmynd hafði strax mjög góð áhrif á okkur – það að við ákváðum að við ætluðum að prófa að rækta eitthvað nýtt og skemmtilegt í þessu húsi varð spennandi áskorun. Við höfum líka rætt ýmislegt annað, eins og að fara að rækta hafra til manneldis eða eitthvað slíkt. Dóttir okkar var einmitt að útskrifast úr Listaháskólanum og lokaverkefni hennar gekk út á hvernig við getum aukið matvælaframleiðslu á Íslandi og gert hana fjölbreyttari og það er einmitt það sem við höfum áhuga á að reyna hérna í gömlu fjárhúsunum okkar.“

/smh

– Framhald á næstu opnu.

**Lífrcænt
hreinisvirkni!**

— NÚTÍMA ROTÞRÓ —

Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónuæiningar

HVAMMŞHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAEMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMŞHOLAR.IS

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði
Husqvarna byggingavörum
á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði
og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfsg
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsg
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



TOYOTA HILUX MEÐ SNJÓPLÓG



Snjóplógur og saltdreifari á 4.294.600 kr. ákomið.
Hilux Double Cab LX á 8.350.000 kr.

Saman á 12.644.600 kr.

Bíllinn er með aukalega álfelgur, sílsarör, kvoðu í pall,
þverboga og blikkljós að andvirði 595.000 kr.

Bíll á mynd

13.239.600 kr.

Í DEIGLUNNI

Eftirmál riðuveiki:

Afurðatjónsbætur langt undir meðalafurðum og bústofnsbætur duga skammt

– Hjónin á Syðra-Skörðugili misstu 30 ára gjöfula ræktun sína í niðurskurði árið 2021

Hrina riðutilfella varð á Norð-vesturlandi á árunum 2018–2021, þar sem skorið var niður á 11 bæjum. Á Syðra-Skörðugili í Skagafirði var skorið niður alls um 1.500 fjár haustið 2021.

„Við megum taka fé aftur haustið 2024, en það eru ákvæði í samningnum um að við getum framlengt um eitt ár. Við kláruðum að þrifa á árinu 2022, sem er þá fyrsta fjárleysisárið og síðan þetta ár. Nú erum við að hugsa um hvað við gerum,“ segir Fjóra Viktorsdóttir á Syðra-Skörðugili í Skagafirði.

„Það þarf hins vegar líklega engan viðskiptafræðing til að segja okkur það að líklega er hagkvæmara fyrir okkur að fá bæturnar í eitt ár enn, heldur en að byrja haustið 2024,“ segir Elvar Einarsson, en þau Fjóra, kona hans, stunda hrossarækt, hestaleigu, hestaferðir og ferðaþjónustu á sinni jörð ásamt því að reka þar tamningastöð. Auk þess sinnir Elvar reiðkennslu og Fjóra rekur bókhaldsstofu. Þau eru afar þakklát fyrir að hafa haft önnur störf til að sinna eftir að skorið var niður.

Afurðatjónsbætur langt undir meðalafurðum

Þegar þau eru spurð hvort þau hafi samið strax um bætur eftir niðurskurð og verið sátt við þær, segja þau að líklega hafi þau verið of fljót á sér en viljað klára þetta eins fljótt og hægt væri. „Við vildum bara fá þetta mál frá. En það voru auðvitað ýmis atriði í samningnum sem við vorum kannski ekki sátt við. En það má taka það fram að við nutum góðs af allri þeirri vinnu sem bændurnir í Blönduhlíðinni voru búnir að leggja í breytingar á samningnum árið áður. Eins

og bæturnar eru reiknaðar í dag – og voru þegar við lentum í niðurskurðinum – þá er gert ráð fyrir afurðatjónsgreislum sem eru svo langt undir okkar meðalafurðum. Reyndar held ég að það eigi við um flest búin sem hafa lent í þessu á undanförunum árum. Þeir eru varla orðnir nokkrir sauðfjárbændur eftir, sem eru í þessu af fullum hug, sem eru með 16 kílóa meðalvigt eins og reglugerðin gerir ráð fyrir til viðmiðunar á bótagreiðslunum,“ segir Elvar.

„Þegar við lögðum síðast inn var meðalvigtin 19,8 kíló, það munar því verulega um mismuninn. Þegar reglugerðin er gefin út árið 2001, þá fannst manni mikið að vera með 17 kílóa meðalvigt,“ bætir Fjóra við.

Bústofnsbætur duga ekki

Að þeirra sögn dekkja bústofnsbæturnar engan veginn kaupin á nýjum bústofni. „Ef þú ætlar að kaupa þér sambærilegan fjölda og þú varst með er það vonlaust miðað við þær bætur sem eru í boði. Við vorum komin með um 600 hausa og sáum því strax að miðað við forsendurnar sem voru gefnar í samningnum gætum við aldrei keypt þann fjölda til baka,“ segir Fjóra.

Elvar segir að þau hafi reynt að semja um einhverjar hækkningar, eins og bændurnir í Blönduhlíðinni höfðu gert, en það var án árangurs. „Við reyndum líka að fá ríkið til að leggja til fjármagn við hreinsun upp úr skurðum hér, því við töldum að þar gæti smitefni leynst. Við fengum engan hljómgrunn við því. Það var lítið hægt að bæta við eða breyta því sem stendur í reglugerðinni. Þannig að við skrifuðum bara undir og héldum lífinu áfram.“



Fokheld fjárhús. Fjóra og Elvar hafa ekki ákveðið hvað verður gert við húsin eða hvort byggt verður upp. Ýmsar hugmyndir eru uppi, meðal annars um smærri sauðfjársbúskap eða að hluti verði hesthús og hluti fjárhús.

Að vissu leyti í svipaðri stöðu og Miðfjarðarbændur

„Við vorum kannski að vissu leyti í svipaðri stöðu og þau á Bergsstöðum og Urriðaá eru núna, nema að hjá þeim var komið að sauðburði en við vorum komin með allt fé heim að hausti,“ segir Elvar. „Hér voru um þúsund lömb úti á túnnum og ef við hefðum sett okkur í þær stellingar að vera með einhvern mótþróa við afhendingu á fénu þá hefðum við lent í vandræðum, því aðstæður buðu einfaldlega ekki upp á að málið yrði tafið.“

„Okkur sýnist að allir lendi í því sama, bændur hafa í raun ekkert val og skulu gjöra svo vel að undirgangast ákvæði

reglugerðarinnar eins og lög gera ráð fyrir. Þegar við lentum í niðurskurðinum er Sigríður Björnsdóttir starfandi yfirdýralæknir og hún reyndist okkur afar vel sem og allt starfsfólk Matvælastofnunar sem kom að okkar málum,“ bætir Fjóra við.

Þakklát fyrir afurðatjónsbæturnar

Þau segja bæði að auðvitað beri að þakka fyrir afurðatjónsbæturnar þrátt fyrir allt. „Við erum á „launum“, fáum greitt eins og við værum með fulla framleiðslu, þ.e. bæði beingreiðslur og innlegg, það má ekki gleyma því. Reglugerðin gerir ráð fyrir að þessar greiðslur eigi að standa straum af vinnu og að byggja upp nýjan stofn, en því miður þá duga ekki þessar greiðslur til að standa straum af þeim kostnaði sem verður við niðurrif sem og uppbyggingu fjárhúsa að nýju og kaup á nýjum bústofni, þannig að bóndinn verður alltaf fyrir fjárhagslegu tjóni,“ segir Fjóra.

„Það er hluti af samningnum líka að viðhalda jörðinni, túnnum og það þarf að heyja, líka sinna viðhaldi á girðingum svo annað fé komi ekki inn á þitt land. En það sem ég hef verið huginn um varðandi þennan vinnukostnað er að það er í raun ekkert mál að rífa niður og hreinsa – en þegar kemur að því að byggja upp þá er það ekkert á færi allra að gera það. Eg er til dæmis ekki menntaður smiður og kostnaður við að ráða iðnaðarmann í slík verk getur verið talsverður. Ég hef sjálfur áætlað að kostnaður við að standsetja fjárhúsin aftur verði aldrei undir 15 milljónum. Síðan ef við ætlum að taka fé aftur þá myndi ekki hvarfla að okkur annað en að taka fé með verndandi arfgerðir gegn riðu. Það er alveg ljóst að næstu kannski tíu árin þá verður þetta fé mun dýrara en annað – sem ásamt auðvitað verðlagsþróuninni verður mikill kostnaðarauki við kaup á nýjum bústofni,“ segir Elvar.

Þrjátíu ár á milli niðurskurða

Þau Elvar og Fjóra segja að líklega hafi þau verið meðvitund um það í fjöldamörgum árum að riðan væri einhvern veginn alltaf yfirvofandi. „Það er búið að skera niður hér á bæjum allt

” Við vorum búin að vera allan þann dag í fjárhúsunum kófsveitt við að vigta til slátrunar og velja líflömb þegar okkur er tilkynnt þetta ...“

í kring og svo auðvitað hér á þessum bæ fyrir akkúrat 30 árum. Við vorum oft búin að tala um þetta okkar á milli, sum sé að það væri ekki hvort heldur hvenær riðan kæmi. Auðvitað var sjokkið mikið og þá fyrst og fremst eftirsjá eftir bústofninum, því við vorum með alveg gríðarlega gott fé. Árið fyrir niðurskurð sem og mörg sl. ár hefur búið hlotið mörg verðlaun fyrir afurðir,“ segir Elvar.

Fjóra bætir því við að þau hafi notið þess að hafa byggt á gjöfulem grunni frá föðrum Elvars, Einaris Gíslasonar, en þau hafi tekið við búinu af foreldrum Elvars árið 1997.

„Við fengum í gegnum árin margs konar viðurkenningar fyrir ræktun. Og er fyrst og fremst þessi merka ræktunarsaga á bænum sem maður fær ekki aftur. Það tekur þig fjöldamörgum árum að rækta þetta aftur upp, sem ekki er endilega víst að takist. En svo var þetta líka þannig að við hugsuðum með okkur þegar tilkynningin barst, jaja, þá er komið að þessu,“ segir Fjóra.

Að sögn Elvars hafði faðir hans gríðarlegan áhuga á ræktun sauðfjár, virtur sem slíkur og starfaði sem ráðunautur í mörgum árum.

„Hann var lengi bústjóri á tilraunabúinu Hesti í Borgarfirði á yngri árum og kom að innleiðingu að því byggingarlagi sem er í lömbum í dag, lágfættara fé, með betri læri og betra bak. Hann fékk skammir fyrir þetta í byrjun því menn höfðu efasemdir um að féð gæti gengið í snjó og væri of lítið til að geta náð upp á garðana.“

Ofboðslegt tilfinningalegt tjón

Fjóra segir að margir utan sauðfjársræktarinnar átti sig ekki á því að

VARAHLUTIR Í KERRUR






QUALITY FOR LIFE



Bílabúðin Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is





Hestamaðurinn og reiðkennarinn Elvar Einarsson.

kind er ekki það sama og kind. Sumum tengist maður meiri tilfinningaböndum o.s.frv.

„Maður upplifir svo mikið varnarleysi, þú hefur ekkert val þegar þú lendir í riðuniðurskurði, þú verður bara að fara að lögum og sitja hljóð hjá þegar bústofninn þinn er sóttur og drepinn – allt það sem þú hefur byggt upp. Þetta er alveg ofboðslegt tilfinningalegt tjón og hrikalegt að lenda í! Við eigum þrjár dætur sem tóku þetta allar mjög nærri sér og við vorum öll afar beygð daginn sem bústofninn var sóttur og keyrður burt í síðasta sinn enda áttu allir sínar upphaldskindur. Þarna voru í hópnun m.a. Blíða gamla, Flekka, Eik, Bolla & Dísu – bara bless, og við sjáum ykkur ekki aftur.

Síðan taka við þessi ár þegar enginn sauðburður er og svo fyrstu göngurnar þegar við eigum enga kind í fjöllumunum, það var mjög erfitt – auðvitað er sauðfjárrækt búin að vera stór þáttur í lífi okkar og lífsstíll, ásamt því að vera auðvitað hluti af atvinnurekstrinum. Fyrst og fremst er fólk sauðfjárbændur ánægjunnar vegna, ekki af því það græðir svo mikið á því,“ segir Fjóla.

Elvar bætir við að hann gruni að þegar riðutilfelli sé staðfest á bæjum sé það í raun starfslokasamningur fyrir um 80 prósent bændanna.

Þrettán tonnum sóað af góðu lambakjöti

„Í okkar tilfelli fannst kind frá okkur í heimalandasmölun fyrir fyrstu göngur sem var með riðueinkenni. Hún var sótt, aflífud og tekið úr henni sýni. Svo leið og beið eitthvað. Við vorum svo að vigta og taka frá til slátrunar þegar símtalið kom um að riða væri staðfest í þessari kind.

Við vorum búin að vera allan þann dag í fjárhúsunum kófsveitt við að vigta til slátrunar og velja líflömb þegar okkur er tilkynnt þetta – og sagt að við mætum ekki senda í slátruhús. Það er líka eitt í þessu sem er svo skrýtið að það skuli vera

bannað að senda lömbin í slátruhús að hausti í þessum tilfellum; nú hefur veikin aldrei greinst í lambi og er ekki hættuleg fólki. Frekar skal hafa féð í biðstöðu úti á túni, drepa þegar kallið kemur og keyra svo suður til förgunar,“ segir Elvar. „Þrettán tonnum af góðu lambakjöti – sem er í raun alveg fáránleg matarsóun,“ segir Fjóla.

Góður gangur í ræktun með verndandi arfgerðir

„Ég er alveg afskaplega ánægður með að það skuli nú vera komið svona margt nýtt í ljós varðandi verndandi arfgerð í sauðfé. Þegar við skárum niður voru þessar rannsóknir komnar af stað en staðfest tilfelli á verndandi arfgerð er ekki staðfest fyrr en eftir niðurskurðinn hjá okkur.

Ég kallaði mjög eftir því þegar við lendum í þessu að setja meiri þunga í þessar rannsóknir og það er alveg frábært hvernig staðan er allt önnur í þessum málum í dag. Þess vegna gremst manni nú þegar komin er fram stefna um hvernig eigi að standa að þessum málum að ekki skuli vera komið fram í reglum að verndandi og áhættulitlar arfgerðir skuli vera verndaðar. Það er alveg möguleiki að gripir með slíkar arfgerðir í Miðfirði hafi verið drepnir þar,“ segir Elvar.

„Við tókum aldrei 600 kindur aftur,“ segir Fjóla. Elvar tekur undir með henni og segir að núna séu þau bara að velta fyrir sér hvort skynsamlegt sé að fara út í þennan kostnað í uppbyggingu á fjárhúsunum. „Það þýddi að við þyrftum að skuldsetja okkur um einhverjar milljónir með þessa óvissu um framtíðina – til dæmis bara varðandi afkomuna í þessu og svo erum við að eldast og spurming hvort einhver myndi taka við,“ bætir Elvar við. „Yngsta dóttir okkar er tíu ára, segist nú ætla að verða sauðfjárbóndi – en við skulum spyrja að leikslokum,“ segir Fjóla að lokum. /smh



SERES 3

Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
4.900.000,-

Við auglýsum svo sannarlega ekki „verð frá“.

RAG

import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

Rafmögnuð gæði



KLETTUR

REYKJAVÍK

AKUREYRI

590 5100

klettur.is



Magnaðir ferðafélagar

Hjá Olís finnurðu úrval traustra og áreiðanlegra rafgeyma fyrir allar tegundir bíla og landbúðartækja, frá Exide og öðrum framleiðendum. Einnig rafgeyma sem henta vel fyrir fellihýsi og hjólhýsi og tryggja stuð í útilegunni.

Pantaðu á olis.is eða hafðu samband í síma 515 1100

olis

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP



Snorri Hjartarson við skriftir úti í náttúrunni.

„Blessað veri grasið“

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Snorra Hjartarsyni sem sagði að flest væri hægt að segja í ljóði en margt ekki hægt að segja öðruvísi en í ljóði.

„Það er svo með mig að

kvæðið kemur til mín og heimtar að það sé ort; ég kemst ekki undan því að yrkja það,“ sagði Snorri, og einnig: „Það yrkja náttúrlega allir fyrir sjálfa sig, að minnsta kosti sönn skáld.“ Snorri var fæddur árið 1906 á Hvanneyri í Borgarfirði en ólst upp í Arnarholti í Stafholtstungum frá níu ára aldri. Eftir menntaskóla lagði hann stund á listnám í Kaupmannahöfn og Ósló og fékkst einkum við málalílist.

Hann sendi frá sér skáldsöguna Høit flyver ravnin í Ósló 1934 og hafði þá jafnframt birt fyrstu ljóð sín. Hann flutti svo heim og starfaði m.a. sem borgarbókavörður, auk þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir samtök listamanna. Ljóðabækur Snorra urðu fjórar talsins: Kvæði (1944), Á Gnitahæði (1952), Lauf og stjörnur (1966) og Hausrökkrið yfir mér (1979). Fyrir þá síðastnefndu hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981.

Árið 1986 sæmði heimspeki-deild Háskóla Íslands hann heiðursdoktorsnafnbót og er hann einn örfárra skálda sem hana hafa fengið. Snorri Hjartarson andaðist 1986.

/sá Heimild: Landsbókasafn

*Vor
Blessað veri grasið
sem grær kringum húsin
bóndans og les mér
ljóð hans,
þrá og sigur
hins þögula manns.
Blessað veri grasið
sem grær yfir leiðin,
felur hina dáu
friði og von.
Blessað veri grasið
sem blíðkar reiði sandsins,
grasið
sem græðir jarðar mein.
Blessað veri grasið,
blessað vor landsins.*

*Landslag
Í einum fossi
hendist áin niður
morgunhlíð dalsins
undir mjúku sólskýi:
ungur smali
ofan úr heiði
með ljóð á vör,
lamb á herðum.*

Á Gnitahæði, 1957.

LÍF & STARF



Hér er saman kominn hópurinn frá Rimmugýgi, starfsmenn Eiríksstaða, sveitarstjóri Dalabyggðar og nokkrir ferðamenn. Myndir / Eiríksstaðir



Við skylmingar var Bjarni víkingur orðinn fáklæddur og mjög ákafur í einvigi sínu við saklausan ferðamann sem freistaðist til að reyna sig við hann.

Haukadalur:

Nýtt tilgátuhús rís

Hátíðin Torf og trefjar á Eiríksstöðum í Haukadal var haldin helgina 20. og 21. maí sl. Þar mættu víkingar úr félaginu Rimmugýgi, unnið var með handverk af ýmsu tagi, blásið var til leikja og bardagar og glímubrögð sýnd.

„Ungir iðkendur glímu í Dalabyggð komu og kenndu víkingum handbrögðin, en fengu líka til baka smá leiðsögn í að berjast með sverðum. Dagskráin riðlaðist allnokkuð vegna veðurs og var laugardeginum varið að miklu leyti í að verja búnað og fólk fyrir ágangi veðurguðanna. Haft var á orði að þrumuguðinn Þór hafi ekki fengið nógu spennandi fórnir fyrir hátíðina,“ segir í tilkynningu frá Eiríksstöðum.

Þá tók Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar, fyrstu skóflustungu að nýju tilgátuhúsi með tréþáli sem var algengasta moksturs-ferkfærið á landnámsöld. Tilgátuhús þetta er jarðhúsi sem byggir á rannsókn Þjóðminjasafns Íslands í aldarlok 20. aldar. „Þau Atli Freyr Guðmundsson og Rain Mason,



Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar, tekur fyrstu skóflustungu að nýju tilgátuhúsi.

sem eru hluti eigendateymisins á Eiríksstöðum, unnu á árinu 2022 rannsókn á jarðhúsum og undirbjuggu framkvæmdina, en til stendur að reisa húsið á þessu ári og verður það svokölluð dyngja, eða vefhús, um 9 fermetrar, rétt eins og fyrimyndin.“ Verkefnið hefur hlotið styrk frá Skógræktinni í formi timburs og einnig 700.000 kr. frá DalaAuði, verkefni Bygðastofnunar, SSV og Dalabyggðar. Segir í tilkynningu að margir sjálfbodaliðar hafi boðið fram aðstoð við framkvæmdina sjálfa.

„Verkefnið er í sjálfu sér vettvangur svokallaðrar tilraunaformleifafræði, þar sem hægt verður að rannsaka hvernig svona hús verður til, hvernig eldstæðið virkar í því, hvernig lýsingin er, því ekki var hægt að vefa í myrkri og svo má lengi telja.

Sérstaklega verður reynd kenning fornleifafræðinga um að við eldstæði slíkra húsa hafi verið loftop, neðst við vegg, til að veita fersku lofti beint að eldinni og auka þannig streymi reyks beint út um loftop á þaki,“ segir í tilkynningu frá Eiríksstöðum.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



GÆÐI
I YFIR
40 ÁR

HONDA
GARÐVERKFÆRI
FAST Í BYKO
FAGVERSLUN
SELHELLU 1

honda@byko.is | 515-4018



Þeir Þórarinn og Benoný leiðbeindu víkingum um rétt glímütök og brögð.



Það var óvenju mannmargt af víkingum innandyra þegar leið á laugardag, þar sem orðið var ansi napurt.

Sauðfjársetrið á Ströndum:

Erlendum gestum safnsins fjölgar

Mikið verður um að vera á Sauðfjársetrinu á Ströndum í sumar en auk fastasýningar um sauðfjárbúskap og sveitafólk á Ströndum verða þrjár sérsýningar inni í húsinu.

Úti er listaverka-, náttúruskoðunar- og söguslóð eftir göngustíg út á Orrustutangann. Einnig verða tvær stórhátíðir í sumar; dagana 14.–16. júlí verður Náttúrubarnahátíð með alls konar listviðburðum, smíðjum og útivist. Þar er ókeypis aðgangur og alltaf mikið líf og fjör. Svo er Íslandsmeistaramót í hrútaðómum þann 20. ágúst en þangað koma bændur og búalið af öllu landinu til að keppa og horfa á.

Mikið verður um dýrdir þann dag, enda eru núna tuttugu ár síðan Strandamenn fundu þessa íþrótt upp og hófu að keppa í hrútaþukli.

Guðrún frá Lundi

Esther Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Sauðfjársetursins í Sævangi, segir sérsýningarnar í sumar mjög spennandi. „Við erum til dæmis með sýningu um rithöfundinn Guðrúnu frá Lundi uppi í kaffistofunni hjá okkur.

Þetta er sýning sem hefur verið á flakki um landið og höfundar hennar eru Kristín Sigurrós Einarsdóttir og Marín Hrafnisdóttir, sem er barnabarnabarn skáldsins. Guðrún skrifaði Dalalíf og ótal aðrar bækur og hefur alltaf verið feikivinsæl, hvað svo sem bókmenntafræðingar hafa sagt um hennar verk.

Aðrar sérsýningar á safninu í sumar eru um hvítabjarnakomur til Vestfjarða og á Strandir og svo er lítil sýning um förufolk fyrri alda, kynlega kvisti sem flökkuðu bæ



Regnbogakindin, sem tekur á móti gestum þegar komið er í Sævang þar sem Sauðfjársetrið á Ströndum er til húsa.

Myndir /Aðsendar

af bæ og þáðu mat og húsaskjól,“ segir Esther.

Rabarbarapæ hefur slegið í gegn

Esther segir að gestir séu almennt mjög sáttir og glaðir eftir heimsókn sína á Sauðfjársetrið. Hún segir að erlendum gestum hafi fjölgað mjög mikið. „Enda erum við með sýningartexta á ensku og þýsku, auk íslenskunnar.

Nú eru sýningartextar á frönsku líka að bætast við, sem er gott því það kemur þónokkuð af Frökkum sem eru reyndar sérlega áhugasamir um rabarbarapæ sem er til sölu í kaffistofunni. Það hefur ratað í einhverja vinsæla ferðahandbók að langbesta rabarbarakaka landsins fáiast á Sauðfjársetrinu. Við skildum ekkert í þessu fyrst, þegar þeir komu einn af öðrum að kaupa af okkur koku,“ segir Esther hlæjandi.

/MHH



Náttúrusmiðja með Ástu Þórisdóttur á einni Náttúrubarnahátíð Sauðfjársetursins, en önnur slík hátíð verður haldin í sumar dagana 14. til 16. júlí.

Húsabakki Svarfaðardal



Hótel/gistihús til leigu til lengri tíma - Framtíðarráðstöfun - Tilbúið til rekstrar strax í sumar

- ✓ Allur búnaður til staðar, bókanir sumarsins og bókunarkerfi tengt við Booking.com og Expedia.com.
- ✓ Áður skóli og heimavist. Náttúruperla mitt í fuglafriðlandi Svarfdælinga.
- ✓ Tvö hús, samtals um 1300 fermetrar.
- ✓ Ný vönduð rúm og sængurfatnaður, þvottavélar og góð aðstaða.
- ✓ Möguleiki á heilsársrekstri og búsetu.
- ✓ Framtíðartækifæri fyrir fagaðila og áhugasama með metnað í hótél og gististarfsemi.

Fasteignamarkaðurinn ehf. – Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík – www.fastmark.is -fastmark@fastmark.is

Valhöll Fasteignasala ehf. - Síðumúla 27, 108 Reykjavík - www.valholl.is



Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

© 2023 WPL

Wendel

ÖFLUG VÖKVADRIFIN VERKFÆRI FRÁ HYCON


DÖNSK GÆÐASMÍÐI OG ÁRATUGA REYNSLA



Brothamrar



Kjarnaborvélar



Steypusagir



Niðurrekstarhamrar



Vatnsdælur



Glussadælur

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

MENNING



Aðskilnaður í Héraði.

Myndir / Stephan Stephensen

Menning:

Vinnur með englanna urt

– Hvannir Loðmundarfjarðar og æviskeið hreindýrsins á skotsvæði átta í linsunni

Stephan Stephensen, ljósmyndari, myndlistar- og tónlistarmaður, undirbýr sýningar á verkum sínum annars vegar á Borgarfirði eystra nú í júní og á Höfn í Hornafirði á næsta ári. Hvannir og hreindýr eru meðal viðfangsefna. Hann langar í kjölfarið að fara um landið og ljósmynda bændur.

En hver er maðurinn? „Hann er Hafnfirðingur, Parísarbúi, Lónmaður (nei, ekki Lónsmaður) og tilfinningasmiður,“ svarar Stephan sem segist hafa lært til stúdents í Verslunarskólanum og síðan farið hina hefðbundnu leið til Parísar í ljósmyndanám. „Eftir gjöful ár Parísar stefndi hugurinn í kvikmyndatöku við Den Danske Filmskole, en þar gripu örlögin í taumana, björguðu mér frá kónginum og fleygðu mér ósyndum út í ólgusjó Gusgus-hópsins og tónlistarbransans. Tuttugu ár úti um allan heim samfleytt var skemmtilegur tími en ég er meira fyrir lífræna heimaslátrun, svo ég sé alveg hreinskilinn.“

Aðspurður um helstu hugðarefni Stephans í tilverunni segist hann hugsa stanslaust um sjóinn og siglingar, Lónið, Fjallabakið og ekki síst Borgarfjörð eystri. „Svo ég minnst ekki á Hafnarfjörð ógrátandi. Ljósmyndun og tónlist eiga svo

afganginn sem kjarnast núna í „Les Aventures de President Bongo“, þessu tíu ára myndlistarverkefni mínu til heiðurs Tinna-bókunum tuttugu og fjórum.

Hvönn og hreindýr

Sýning Stephans á Borgarfirði eystra verður í sýningarrýminu Glettu í Hafnarhúsinu við smábátahöfnina, opnar á þjóðhátíðardaginn 17. júní og stendur fram í miðjan ágúst. Titill hennar er „True Believer“ en hún felur í sér 12 ljósmyndir af hvönninni í Loðmundarfirði, sem Stephan segir vera rammgöldrótta. „Þetta vissu allir, nema ég auðvitað, en konan hans Kalla Sveins, sem ég man ekki alveg hvað heitir, sagði mér þetta í fyrra,“ segir Stephan og bætir við að hann skuldi reyndar Kalla enn þá kryppling fyrir hálfu horn. „Á sýningunni gefur þó að líta eina mynd og eina flösku sem breyta öllu og útskýra allt, og texta eftir Ófeig Sigurðsson rithöfund sem feykir manni um aldingarða og alla leið til Ameríku.“ Stephan dvaldi í Loðmundarfirði í þrjá daga við ljósmyndun hvannanna.

Hvað fyrirhugaða sýningu hans í Listasafni Svavars Guðnasonar á Höfn í Hornafirði næsta sumar varðar er það enn umræddur krypplingur

(lítil brennivínsflaska) sem þar kemur við sögu. „Krypplingurinn sem ég skulda Kalla Sveins er teppið sem límur þessa sýningu saman; „100 hjörtu á svæði 8“. Sýningin er óður til Austurlands fremur en

„100 hjörtu á svæði 8“, Höfn 2024

Trauðla raknar tryggðarband treyst í raunum mínum aldrei gleymist Austurland útlaganum sínum.

(Á Hreindýraslóðum; Bókautgáfan Norðri H.F.)



Stephan Stephensen.

heimildarljósmyndasýning, sem fer yfir æviskeið hreindýrsins á skotsvæði 8 (Lónsöræfin) en þessi titill er góður. Ég hef verið að mynda og hugsa í þrjú ár en núna er ár í sýninguna og ég kominn með nokkuð fallega sýn á endanlegt verk. Hér verður vínylplata nr. 12 (af 24) í langtímaverkefni „Les Aventures de President Bongo“ kynnt ásamt ljósmyndum, kvikmynd, skúlptúr og innsetningu. Nema þetta breytist

allt?“ spyr Stephan sjálfan sig og segir verkstæði tilfinningasmiðsins opna snemma og loka seint. „Við vinnum mikið, eins og bændur; alltaf á vakt,“ hnýtir hann við.

Langar að ljósmynda bændur

Stephan langar að gera svarthvíta myndaseríu um íslenska bændur. „Það er allt Richard Avedon að kenna.



Vestrahorn úr Lóni.

Árin 1979-1984 ferðaðist hann um Bandaríkin og myndaði alls konar fólk,“ segir Stephan. „Richard tók það úr sínu daglega amstri og smelli af mynd. Síðan kom bókin út og ekki síst; fyrir mig – inn í mitt líf. Það var í París 1991. Ég hvet alla til að skoða þetta meistaraverk.

Kannski ég taki eintak með mér til að sannfæra bændurna um ágæti þessarar hugmyndar en í kjölinn er þetta hrein heimild um mannskepnuna; og hver vill ekki vera með í því gúmmelaði?“

Um það hvað Stephan ætlast fyrir að öðru leyti segist hann staddur í miðjunni á margumtöluðu langtímaverkefni sínu, LAPB. „Tólf plötur (vínýlplata, ljósmyndasería, texti, kvikmynd og hugmynd) af 24 eru tilbúnar og ég er á tíma miðað við að sú fyrsta kom út 2018. Ætli ég stefni ekki á lokasýninguna 2031 um heim allan og tengi við hátíðarhöldin á 60 ára afmæli forsetans? Annars bara mæta á verkstæðið snemma í fyrramálið, eins og alla daga ársins,“ segir Stephan að lokum. /sá



Sveinn skotmaður.

„True Believer“, Borgarfirði eystra, 17. júní 2023

Englanna urt

Ég sá borg englanna um nótt í gleymdum draumi. Ég leit Los Angeles liggjandi í aftursætinu á þaklausum bíl sem ók eftir yfirgefnu breiðstræti og horfði upp á brunninn pálmatrén og sá að þetta voru hvannir úr öðru lífi. Urtir englanna sem sendiboði Guðs kom með um nótt til verndar og lækningar gegn plágunni. Síðan kom dygð urtarinnar úr höndum sendiboðans þessu villta blómstri í allfesta aldingarða sem mér sýndust brunninn pálmatré. Þeir aldingarðar eru að vísu horfnir og aðeins til í hverfulum draumum og frjósömu minnisleysi í yfirgefnum firði þar sem veröldin hefur snúist á hvolf. Glötuð þekking segir tempran hennar heita og sæta og safinn mótstriði öllum þeim meinum sem mönnum er á móti skapi. Sigtar burt eitrið með hita líkamans og leysir blóðið úr læðingi kvillanna. Frelsar andann, frelsar fegurðina, gerist sjálf sendiboði og verndarengill.

Þessar dygðir drógu mig að henni, harðneskju hennar og sætleika. Hún birtist mér sem frummynd okkar sjálfra, spegill og tilgangur. Ég sá inn um gyllta hliðið inn í raunvæða vitund mannsins, inn í náttúruna, drauminn, frjögunguna og framlag aldingarðsins til festingarinnar sem er bæði villt og stjórnláus. Ég sá að plægð og mannvit kemur þar hvergi nærri eða herfuð slétta og sáning nema þá sem brunninn pálmatré.

Ég sá að urtin teiknaði upp af innra táknæi togstreituna á milli nautnar og geldingar í blómunum en í rótinni togaðist á merkingin og röddin í lakanískum skilningi á jarðplógastarfsemi í sundurgreiningu sálarinnar. Ég sá að rótin var styrkur, stöngullinn þekking, laufin vernd og blómið var innblástur. Ég sá að hvert fræ var ósagt orð. Svo vaknaði ég.

Ófeigur Sigurðsson



Blóðhöndin.

KÄRCHER

Hreinsibúnaður og vélar

K háþrýstidælur

HD háþrýstidælur

HDS háþrýsti/hitadælur

PGG rafstöðvar

NT ryksugur

RAFVER
rafver.is - S: 581 2333 - rafver@rafver.is

Jörðin Hallgilsstaðir 1 í Langanesbyggð er til leigu.

Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur með um 400 fjár. Tún og ræktarlönd eru um 35 ha, beitoland gott og húsakostur ágætur. Leigutími er frá 1. ágúst nk. en getur verið samkomulagsatriði.

Nánari upplýsingar fást hjá Jónasi Pétri Bóassyni formanni Jarðasjóðs Langanesbyggðar s. 844 0752 og á netfanginu jpb@centrum.is Þeir sem hafa áhuga á því að leigja jörðina eru vinsamlegast beðnir að skila inn tilboði á skrifstofu Langanesbyggðar eða á netfangið bjorn@langanesbyggd.is. **Umsóknarfrestur framlengdur til 20.júní.**

Jarðasjóður Langanesbyggðar.

LESENDARÝNI



Nemendur í Hallormsstaðaskóla tina hamp í Gautavík á námskeiðinu Sjálfbærnilausnir úr iðnaðarhampi. Hampinn nýttu þau í fjölbreytt þróunarverkefni um veturinn. Myndir / Aðsendar



Fráfarandi stjórn Hampfélagsins. Frá vinstri: Logi Unnarson Jónsson, Oddný Anna Björnsdóttir, Þórunn Þórs Jónsdóttir, Gísli Ragnar Bjarnason og Sigurður Hólmur Jóhannesson.

Fráfarandi stjórn Hampfélagsins fer yfir farinn veg

Á aðalfundi Hampfélagsins þann 28. maí sl. komu sex nýir einstaklingar inn í stjórn sem nú er skipuð sjö stjórnarmönnum í stað fjögurra.

Sigurður Hólmur Jóhannesson, sem hefur verið formaður frá stofnun, Oddný Anna Björnsdóttir og Logi Unnarson Jónsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu því þau töldu mikilvægt, eftir tæplega fjögurra ára baráttu, að nýtt fólk með nýjar hugmyndir og eldmód kæmist að og tæki næstu skref.

Þórunn Þórs Jónsdóttir, sem hefur verið varaformaður frá stofnun, mun halda áfram í nýrri stjórn og bæði Sigurður og Oddný verða nýrri stjórn innan handar í nýstofnuðu ráðgjafaráði Hampfélagsins. Ný stjórn mun funda á næstunni og skipta með sér verkum.

Hampfélagið hefur verið óþreytandi við að fræða þjóðina um notagildi hampsins, bæði í fjölmíðlum og á samfélagsmíðlum, fundum með stjórnsmála- og embættismönnum og fulltrúum félagsamtaka, en einnig með stuðningi við gerð

heimildarmyndarinnar Græna Byltingin – hampur á Íslandi; að ógleymdri ráðstefnunni Hampur til framtíðar, haustið 2019, sem var einstaklega vel sótt og má segja að hafi hleypt félaginu formlega af stokkunum.

Stærstu sigurnir voru þegar reglugerð var breytt vorið 2020 og svo lögum 2021 sem tók af allan vafa að löglegt væri að flytja inn hampfræ af sáðvörulista ESB á sama hátt og önnur lögleg fræ sem skilgreind eru sem sáðvara, rækta hamp án sérstaks leyfis og vinna úr honum. CBD hefur verið mikið í fjölmíðlum síðustu árin en lagaleg staða kannabínóða sem matvöru er enn óljós. Matvælaráðuneytið vill ekki taka afstöðu til málsins fyrr en ESB hefur gefið út sinn úrskurð sem er bagalegt, því á meðan eru stofnanir ekki með fulla vissu og leiðbeiningar um það hvernig þau eigi að vinna. Sú staða er að valda því að innflutningur á löglegum vörum er stöðvaður og stofnanir eins og Matvælastofnun, Tollurinn og Lögreglan taka handahófskenndar ákvarðanir í hvert skipti, sem skaðar bæði fyrirtæki og einstaklinga.

Í dag er þó fjölbreytt úrval hampvara, bæði innlendra og erlendra selt í verslunum hér á landi. Íslenskt hampte, heil hampblóm, húðsmýrsl og fleira er sem dæmi selt í tugum matvöru- og sérvöruverslana og innfluttar vörur í enn fleiri.

Hampfélagið hefur svarað óteljandi fyrirspurnum sem koma í gegnum Facebook-síðuna og aðra miðla og leitast við að beina fólki í réttar áttir; ekki síst frá nemendum á öllum skólastigum og þeim jafnvel útvegaðar afurðir hampsins til að gera tilraunir með.

Hampfræðsla hefur verið hluti af námi nokkurra skóla, þ.m.t. Hallormsstaðaskóla sem hefur nú verið með námskeið Pálma í Gautavík, Sjálfbærnilausnir úr iðnaðarhampi, í fjóra vetur. En betur má ef duga skal, því ef hampur á að verða sjálfsagður hluti af fjölbreyttum iðnaði hér á landi þarf menntakerfið að taka hann upp á sína arma.

Facebook-síða Hampfélagsins er mikilvægur vettvangur til að halda áhugamönnum um hampinn upplýstum um gang mála og

hópur Hampfélagsins, Hamp-ræktendur og markaðstorg, mikilvægur samskiptavettvangur.

Það markverðasta sem hefur gerst hér á landi síðastliðið hálf tannað ár er eftirfarandi:

- Hampurinn prýddi bakgrunninn í hinum geysivinsæla skemmtiþætti Það er kominn Helgi á RÚV í Covidinu.
- Lúdika arkitektar upplýstu í fjölmíðlum að til stæði að reisa tilraunahús úr hampsteypu úr íslenskum hampi, í samvinnu við Hampfélagið. Kastljós fjallaði um verkefnið í nóvember og mun fylgja því eftir þar til húsið hefur verið byggt.
- Bókin Illgresi andskotans eftir Þorstein Úlfar Björnsson kom út, en hún fjallar um nytjaplöntuna hamp í sinni víðustu mynd.
- Félagið Hampfirma ehf. upplýsir í fjölmíðlum að þau hyggist byggja fyrsta hampsteypuhúsið á Íslandi.
- Hjólin Pálmi og Oddný á bænum Gautavík í Berufirði, Geislar Gautavík ehf., fengu viðurkenningu og verðlaun frá Verðlaunasjóði iðnaðarins fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar vegna tilraunarektunar á iðnaðarhampi og úrvinnslu vara úr honum, sem voru veitt af formanni Samtaka iðnaðarins í Húsi atvinnulífsins.
- Ræktun iðnaðarhamps fimmfaldadist milli ársins 2020 (30 ha) og 2021 (150 ha) en dróst eilíftíð saman árið 2022. Enn vantar tölur fyrir árið í ár. Samdrátturinn var viðbúinn enda komu margir sem fóru af stað 2021 uppskerunni ekki í not og/eða verð, þar sem tækjabúnaður og markaður var ekki orðinn nægilega þróaður.
- Hjólin Sigríður og Bergsteinn á bænum Hrúti í Ásahreppi gáfu almenningi færi á að koma og tina hampblóm af akrinum þeirra gegn greiðslu sem var nýlunda hér á landi og kom töluverður hópur fólks til að tina.
- Lúdika arkitektastofa, í samstarfi við Hampfélagið, stóð fyrir vinnustofum um hampsteypugerð rétt fyrir utan Selfoss. Uppselt og biðlisti var á bæði námskeiðin sem voru afar vel heppnuð.
- Hampfélagið varð meðlimur í European Industrial Hemp Association (EIHA) og einn stofnfélagi fyrsta Alþjóðasambands hampfélaga í gegnum EIHA.
- Iðnaðarhampur stöðvaður í tolli og fór þá Hampfélagið, ásamt Hauki Erni lögmanni og Gunnari Sigurðssyni frá Samtökum iðnaðarins, á fund með sérfræðingum matvælaráðuneytisins til að fá það á hreint að hrár hampur væri löglegur til innflutnings. Sá fundur varð til

þess að MAST samþykkti að leyfa innflutning á hráum hampi.

- Frumkvöðlaverkefnið Bio-Building fékk styrk frá Íslandsbanka. Verkefnið nýst um að þróa aðferðir til að nota innlent ræktaðan iðnaðarhamp og nýta hann sem byggingarefni aðlagð að íslensku loftslagi og aðstæðum og stuðla þannig að sjálfbærnum og umhverfisvænum byggingariðnaði.
- Fyrsti þáttur Hampkastsins, umræðuþáttaráðar Hampfélagsins í hljóði og mynd, fór í loftið í byrjun desember, en þættirnir eru nú orðnir sjö talsins. Gunnar Dan Wium skrifar frétt um hvern þátt sem er birt á vef Mannlífs.
- Heimildarmyndin Græna Byltingin - Hampur á Íslandi sem framleidd var af Hókus Fókus Iceland ehf. í samvinnu við Hampfélagið kom út; sýnd í Sjónvarpi Símans Premium. Myndin fjallar um fyrstu löglegu skrefin í ræktun á iðnaðarhampi hér á landi.
- Þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson mælir aftur fyrir þingsályktunartillögu um þróunar-áætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni. Hampfélagið sendi inn umsögn um málið.
- Tollurinn fer aftur að stöðva sendingar á hráum hampi og einnig á CBD olíum sem eru fluttar inn sem húðvörur. Unnið er að því að fá rétta aðila að borðinu til að lausn náist sem fyrst.

Við teljum okkur hafa sýnt fram á að hampurinn sé góð viðbót við aðrar iðngreinar og mikilvægur hlekkur í að stuðla að aukinni sjálfbærni hér á landi. En til að það verði fjárhagslega hagkvæmt að stunda hampæktun þarf til dæmis stórvirkar vinnsluvélar þar sem bændur geta farið með uppskeruna til vinnslu.

Viðurkenning Verðlaunasjóðs iðnaðarins gaf væntingar um að iðnaðurinn væri búinn að opna augum fyrir notagildi hampsins og þeim tækifærum sem felast í nýtingu hans, enda sagði m.a. í tilkynningu: „Stjórn sjóðsins vill með þessu vali beina sjónum að þeim tækifærum sem geta fylgt hampframleiðslu á Íslandi þar sem jákvæðir eiginleikar nytjaplöntunnar geta meðal annars gagnast í byggingariðnaði, matvælaframleiðslu og húsgagnaframleiðslu.“

Við trúum því að framtíðin sé björt fyrir hampæktun og hampiðnað á Íslandi, en það þarf sannarlega að halda stjórnvöldum og stofnunum við efnið og stöðugt minna bæði almenning og forsvarsmenn fyrirtækja á mikilvægi hampsins fyrir sjálfbæra framtíð.

Fráfarandi stjórn Hampfélagsins.

Vesturröst

FLUGUVEIÐISETT
Frí heimsending

38.900kr. Orvis Encounter

19.900kr. Airflo

68.900kr. Orvis Clearwater

39.900kr. Airflo DC2

Vesturröst ehf Laugavegur 178, 105 Reykjavík. S 5516770



Vetnisstöð Orkunnar. Vetni verður ein helsta tegund rafeldsneytis þegar fram í sækir. Enn eru mjög fáar áfyllingarstöðvar á landinu. Við Vesturlandsveg er vetnisstöð þar sem vatn er rafgreint og vetni afgreitt. Mynd / ATG

Innsýn í efni til orkuskipta

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti – 9. hluti

Ýmis frumefni og efnasambönd eiga við orkuskipti. Hvað er skylt með vetni og ammoníaki?

Vetni

Vetni (H) er einfaldasta og léttasta frumefni alheimsins (um 75% alls efnis sem sjá má). Tvær vetnisfrumeindir mynda sameind (mólikúl) og þannig er efnið að finna í náttúru jarðar á loftkenndu formi (sem gas). Vetni er einnig í fjölda sameinda með öðrum frumefnum, t.d. í vatni með súrefni (O) eða með kolefni (C) sem metan og sem flókin blanda af sameindum með kolefni og vetni sem óhreinsuð jarðolía. Vetni má framleiða t.d. úr jarðgasi eða vatni. Í því tilviki er vatn klofið í vetni og súrefni með raforku (kallast rafgreining) og vetninu safnað á geymi. Vegna umhverfisverndar er mikilvægt að raforkan sé framleidd með vistvænum hætti. Vetni er lit- og lyktarlaust, mjög eldfimt og hættulegt lífverum.

Ammoníak

Ammoníak er gulbrún og biturlega súr lofttegund. Hún er efnasamband vetnis (H) og niturs (N). Gasið er kæfandi og eitrað. Ammoníak hefur verið framleitt m.a. til áburðarframleiðslu. Þá er nitur unnið úr andrúmsloftinu og bundið vetni sem búið er til dæmis með rafgreiningu vatns eins og gert var í Áburðarverksmiðjunni.

Víðar er ammoníak þó framleitt með bruna metans sem losar vetnið (um leið myndast koldíoxíð – koltvíldi) sem unnt er að tengja við nitur. Ammoníak er nothæfur vetnisberi fyrir vetnisvélar vegna þess að unnt er að kljúfa efnið í vetni, til nota á vélina, og nitur sem skilað er út í loftið, þaðan sem það var unnið.

Alkóhól

Alkóhól eru efnahópur samsettur úr vetni, kolefni og súrefni. Þekktust eru metanól (tréspíri) og etanól (vínandi).

Báðar tegundirnar eru rok gjarnar, eldfimar og eittraðar en metanólið sýnu verra (einnig blandað). Etanól (ásamt vatni) er vímugjafi áfengra drykkja, algengast á bilinu um 4% til 60% að stykleika. Alkóhóli er blandað í jarðefnaeldsneyti (3 til 5%, sums staðar meira) til þess að minnka umhverfisáhrif útblásturs. Vélar geta gengið á alls konar blöndum alkóhóls og annarra efna og á hreinu alkóhóli.

Metanól er t.d. framleitt úr metani í jarðgasi eða úr koldíoxíði sem er fylgigas vinnslu á háhitavæðum (sbr. framleiðslu Carbon Recycling í Svartsengi). Etanól er t.d. framleitt úr gerjuðum sykurtegundum en líka er unnt að nota hitakærar örverur og plöntulífsmassa (sbr. verkefni við Háskólann á Akureyri).

Lífeldsneyti

Repjuolía og sojabaunaolía eru dæmigert lífeldsneyti og fyrrnefnda tegundin er framleidd í smáum stíl á Íslandi (repjufræ pressuð og olían hreinsuð). Fita úr plöntum eða dýrum er grunnur lífeldsneytisólíu (sbr. unnið eldsneyti úr húsdýrafitu eða lýsi) en alkóhól eða skyld efni þarf til framleiðslu sumra tegunda hennar.

Lífólíu er gjarnan blandað í dísilólíu en hann er líka notaður hreinn og er orkuinnihald hans heldur lægra en dísilólíunnar.

Metan

Metan eða hauggas (samband vetnis og kolefnis) verður m.a. til við rotnun lífrænna leifa. Þjappað og hreinsað metan úr úrgangshaugum (landfyllingum) er nýtt víða um lönd sem vélaldsneyti. Einng er metan framleitt í þessu skyni úr jarðgasi og líka úr koldíoxíði (koltvíldi) sem losnar við málmframleiðslu (t.d. á áli) eða finnst í eldfjallagasi í útblæstri háhitavirkjana. Mikið af metan er bundið í sífrera á heimskautasvæðum og í háfjöllum. Metan er mjög virkt gróðurhúsagas. /ATG



Gurrý í garðinum og 500 síður um fjölærar plöntur!





BETRI ÁRANGUR MEÐ JOSILAC íblöndunarefni

Athugið!
Afsláttur er veittur þegar keyptur er kassi - 10 bréfi!



9.390 kr. pr./bréf



10.190 kr. pr./bréf

Öll verð eru án vsk

Eygur fódurgæði | Betri inntaka | Meiri meltanleiki | Heilbrigðari kúr | Betri afkoma

Verð frá: 41.614 kr.



Stæðuplast
12*50m - 14*50m - 16*50m

Brettatilboð



17.450 kr.

SilaWRAP rúlluplast
75cm*1500m
Hvít - Svart - Grænt



LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

ÆÐARBÆNDUR!

Hreinsun er komin í fullan gang!

Getum bætt við okkur æðardúni í hreinsun og sölu. Greiðum flutningskostnað.



ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN
Traust og örugg viðskipti í yfir 30 ár
Dúnhreinsun - Nesvegur 13 - 340 Stykkishólmi



Allar nánari upplýsingar veitir:
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369
& erla@kingeider.is



LESENDARÝNI



Börnin spreyta sig í grænmetis- og blómaræktun á útikennslusvæði leikskólans Álfheima.

Myndir / Aðsendar

Íslenskt grænmeti – við vitum hvaðan það kemur

Í leikskólanum Álfheimum á Selfossi var nýverið unnið með þemað íslenskt grænmeti.

Áður en farið var að skoða íslenskt grænmeti fengu krakkarnir, sem eru fæddir 2019, fræðslu um loftslagsbreytingar. Rætt var um hvernig t.d. mengun frá býlum hefur áhrif á hitastig jarðar og veldur því að ísinn á norðurlandinu bráðnar. Og hvað verður þá um ísbirmina? Velt var upp hugmyndum um hvað við gætum gert til að minnka umhverfisáhrif okkar. Eitt af því var að borða íslenskt grænmeti í staðinn fyrir influtt grænmeti sem þarf að fara langar leiðir með skipum eða flugvélum til Íslands.

Börnin kynntu sér framboð á íslensku grænmeti, máluðu gúrkur, paprikur, gulrætur og fleira og merktu það með límmiðum frá Sölufélagi garðyrkjumanna. Þau smökkuðu alls konar grænmeti og lærðu að þekkja íslenskt grænmeti á umbúðum í verslunum.

Í leikskólanum Álfheimum á Selfossi eru umhverfismál stór þáttur í daglegu starfi. Lögð er áhersla á að kenna börnum frá unga aldri



Börnin máluðu gúrkur, paprikur og gulrætur og merktu það með límmiðum frá Sölufélagi garðyrkjumanna.

ad bera virðingu fyrir umhverfinu. Rusl er flokkað á öllum deildum og reynt er að endurnýta alls konar efni fyrir listsköpun. Lífrænn úrgangur fer í moltutunna þar sem moltuormar búa til kraftmikinn áburð. Á útikennslusvæðinu eru fjórir gróðurkassar þar sem börnin spreyta sig í grænmetis- og blómaræktun. Draumurinn væri að fá gróðurhús á leikskólalóðina svo hægt væri að rækta kryddjurtir og fleiri grænmetistegundir með börnunum. Um þessar mundir er leikskólinn

ad leita styrkja til að láta drauminn verða að veruleika. Þó kominn sé smá upphæð í sjóðinn vonast starfsfólk og börnin á Leikskólanum Álfheimum að fleiri styrktaraðilar sýni áhuga á að styðja þetta verkefni. Það er hagar okkar allra að fræða börn um ræktun og sýna þeim að grænmeti sem er ræktað í okkar heimalandi er best því við vitum hvaðan það kemur.

Brigitte Bjarnason,
leiðbeinandi í leikskólanum
Álfheimum á Selfossi.

Sextug er hún og líka þúsund ára

Í sumar eru liðin sextú ár frá því Skálholtsdómkirkja var vígð og hefur verið unnið að afmælisárinu árum saman.



Sr. Kristján Björnsson.

Það verður ekki sagt að vígsluafmælið beri brátt að. Núna þegar viðgerðum er óðum að ljúka með endurnýjun á öllu ytra byrði guðshússins og innandyrna stendur kirkjan öllum opin til að koma og njóta. Það á sérstaklega við um helgihaldið en það má einnig leggja áherslu á að kirkjuverðir opna kirkjuna alla daga og taka á móti fólki yfir daginn, einstaklingum og hópum. Hægt er að panta fyrir hóp og einnig að fá veitingar á nýja veitingastaðnum Hvönn og gistingu á Hótel Skálholti sem er hvort tveggja í húsinu sem lengi hefur verið kallað Skálholtskóli. Þótt sagan sé mikil og gömul er þjónustan ljúf og aðstaðan nútímaleg. Endurnýjunin er að innan sem utan og má segja að nýjasta skeiðið hafi byrjað með gjörbreyttu skipulagi og nýju rekstrarformi rétt fyrir Covid. Ekkert kom af sjálfu sér en margar hendur vinna létt verk ef þær vinna saman. Og þær hendur bjóða núna alla velkomna til að skoða, rifja upp og njóta.

Dómkirkja okkar tíma er sextug en hún stendur á sama grunni og fyrri kirkjur. Kirkja á staðnum er meira en þúsund ára því Gissur hvíti

reisti þá fyrstu árið þúsund sumarið sem allir íbúar Íslands tóku kristna trú eftir ákvörðun Alþingis og með úrskurði Þorgeirs Ljósveitningagoða. Er sonur hans, Ísleifur, varð biskup 1056 og þau Dalla Þorvaldsdóttir settust hér að varð kirkja Gissurar að dómkirkju biskupsins sem þjónaði þá bæði Íslandi og Grænlandi.

Tíminn fram að afmælinu hefur verið vel nýttur til að safna fyrir og gera upp mikla dýrgripi kirkjunnar. Listgluggar Gerðar Helgadóttur voru að skemmast og sprungur voru komnar í mósaíkmynd Nínu Tryggvadóttur. Þeim viðgerðum lauk árið 2018 og hafði Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju þá safnað á fjórða tug milljóna í verkið. En næstu verkefni biðu því kirkjan hélt áfram að leka og klukkurnar voru að þagna hver af annarri. Danska klukkan hafði fallið niður og brotnað og mótorar annarra hættir að virka. Bókasafnið í turni kirkjunnar var í hættu og niðri gerðu kórfelegar grein fyrir ástandi kirkjunnar með því að tenórinn þyrfti að hafa með sér regnhlíf á æfingar. Hann sat næstur bununni niður vegginn. Margir lögðust hér á eitt og var ákveðið að endurnýja alveg þakið með nýjum steinskífum og nýjum þakrennum, gera við veggina og laga drenið en að lokum að mála kirkjuna. Lauk því í fyrri langt á undan áætlun. Næsta stóra ákvörðunin var að taka allt í gegn að innan og lauk því í maí. Bókhláðan gæti farið í nýtt húsnæði Gestastofunnar á þessu ári með Prentstöguþetri Íslands.



Frá veitingastaðnum Hvönn.

Líf og fjör á handverks- hátíð í Árskógum


Dagana 11.–12. maí var haldin vegleg og skemmtileg menningar- og handverkshátíð að Árskógum í Seljahverfi í Breiðholti þar sem hannyrða- og smíðalistaverk eldri borgara voru til sýnis. Fjölmargin lögðu leið sína til að líta á herlegheitin en til viðbótar við sýninguna var einnig menningardagskrá í boði fyrir gesti og gangandi. /ehg



Ómar Arason gerði þetta glæsilega skjaldarmerki.

Þessi fallegi útskurður er eftirmynd af stytta sem finna má í Brussel í Belgíu en þar stendur hún sem lögregluáður í dulargervi sem gömul kona sem var raunin á tíma í borginni þegar lögreglan réðst í aðgerðir gegn vasapjófum.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is




Skálholtsdómkirkja.

Mynd / Aðsend

Í sumar verður hitaveitan endurnýjuð sem kemur úr Þorlákshver. Það er stöðugt eitthvað nýtt að gerast í gömlum stað. Allt er nú sem orðið nýtt og núna er lag að fylla það innihaldi og njóta vel.

Fram undan eru Sumartónleikarnir í Skálholti 28. júní til 9. júlí með tónleikum og kantötu-messum. Það er áratuga löng og merkileg tónlistarhátíð með barokki og nútímatónlist. Þá tekur við Skálholtshátíð sem stendur frá Þorláksmessu á sumar, 20. júlí, til hátíðarmessu og hátíðardagskrár sunnudaginn 23. júlí. Þar mun Sigríður Hagalín Björnsdóttir flytja hátíðarræðuna. Þá verður vígsluafmælinu fagnað veglega og boðið í kirkjukaffi. Á dagskrá Skálholtshátíðar eru tónleikar og helgihold en líka pílagrímagöngur og sögugöngur, útimessa og morguntíðir. Á hátíðinni verða tvö námskeið sem verða öllum opin. Annað er um gervigreind og trú í stafrænni byltingu. Hitt um 12. aldar síðbótina sem Þorlákur innleiddi í Skálholti. Þá verður útgáfumálþing um nýja bók um Skálholt og Tyrkjaránið. Það er af mörgu að taka í þúsund ára sögu Skálholts og



Altaristafla í Skálholtsdómkirkju.

líka þess sem er að breyta tilveru mannsins og umhverfi á okkar dögum. Horfir þar vonandi allt til hins betra.

Sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti.



Séð inn í Skálholtsdómkirkju.

VINNUVÉL, VINNUBÍLL, VÖRUBÍLL, SÉRHÆFT IÐNAÐARTÆKI?
VIÐ FINNUM RÉTTA TÆKIÐ EÐA KAUPANDANN FYRIR ÞIG.

UMBOÐSAÐILI LIDER VAGNA OG LARK HÚSA Á ÍSLANDI

Scanice
www.scanice.is

CFMOTO
CFORCE 625 Touring

Tilboðsverð m/vsk
Kr. 1.599.000,-

Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogur
Sími 557 4848 / www.nitro.is

NITRO



Á setningu handverkshátíðarinnar spilaði Steinunn Dís Órjörð Sævars dóttir, nemandi í Suzuki-tónlistarskólanum, á fiðlu sem Gunnar Guðmundsson smíðaði.




Einar Jónasson, leiðbeinandi í smíðastofu Árskóga sýnir hér sniðugan stól sem hægt er að breyta í tröppu sem Hafsteinn Ársælsson smíðaði.



Hvað ertu að suða?

Finnska undrið í rafsuðunni. Rafsuðuvélar, öryggisvörur og suðuvír.





Nokkur atriði tengd slætti

Það er alltaf mikilvægt að vanda val sláttutíma, ekki síst við fyrsta slátt sem yfirleitt er að gefa verðmætasta gróffóðrið.

Þar ræður mestu fyrir hvaða gripi er verið að heyja og hvaða væntingar eru um magn heyja og gæði þeirra. Hey fyrir mjólkurkúr þurfa að hafa hátt orkugildi og vera hæfilega próteinrík en innihalda jafnframt nægilega mikið af tréni til að tryggja gott vambarheilbrigði kúnna. Miða má við til að fá gott hey fyrir mjólkurkúr að slá vallarfoxgras þegar það byrjar að skriða. Viðmið eins og þetta þurfa bændur að læra á með því að taka heysýni og bera saman milli ára. Munur á árferði og ólíkur sprettuferill grasanna gerir það að verkum að niðurstaðan verður ekki alltaf sú sama. Eins ræðst besti tíminn til sláttar mikið af samsetningu gróðursins og veðri.

Við skrið og aukinn þroska grasanna eykst tréni í þeim, meltanleiki lækkar og orkan verður minni. Jafnframt lækkar prótein og magn annarra næringarefna.

Sláttuhæð

Það er mikilvægt að stilla sláttuvélina ekki of nærri. Fyrir nýlega ræktað tún er mælt með að sláttuhæð sé ekki minni en um 10 cm. Með sláttuhæð er átt við hver stubbhæð grasanna er eftir slátt. Samanburður sem gerður var á 5 og 10 cm sláttuhæð sýnir eins og vænta mátti að magn uppskeru verður meiri við lægri sláttuhæðina en heygæðin verða minni. Hærrí sláttuhæðin skilar hærri meltanleika (hærra orkugildi) og próteini í fóðrinu og minna tréni. Við hana liggur grasið einnig á hærri stubb og fjær jörðu sem leiðir til þess að það þornar hraðar og verkun þess verður betri.

Þegar jarðvegur eða ryk blandast í hey getur það haft óæskileg áhrif á verkun þess og valdið skemmdum í geymslu. Hættan á þessu er meiri við litla sláttuhæð m.a. vegna þess að heyvinnutæki eru þá að vinna nær yfirborði jarðvegs og rífa því frekar upp jarðveg og önnur óhreinindi sem menga heyið.




Samanturður sem gerður var á 5 og 10 cm sláttuhæð sýnir eins og vænta mátti að magn uppskeru verður meiri við lægri sláttuhæðina en heygæðin verða minni. Hærrí sláttuhæðin skilar hærri meltanleika (hærra orkugildi) og próteini í fóðrinu og minna tréni.

Mynd / Eiríkur Loftsson

Þegar sláttuhæð er lítil seinkar það endurvexti grasa og hvenær taka megi seinni slátt. Vallarfoxgras er sérstaklega viðkvæmt fyrir því að vera slegið nærri.

Forþurrkun

Það er mikilvægt fyrir góða verkun heyja og lystugleika þeirra að þau þorni hratt eftir slátt. Því þarf að snúa og dreifa úr sláttuskárum strax eftir slátt til að flýta því ferli og hindra öndun plöntufruma og niðurbrot orku sem þá á sér stað meðan raki í grasinu er nægur. Það þarf að vanda fyrsta snúning, aka á móti sláttustefnu til að dreifa vel úr sláttuskárunum. Í tuggum sem ekki hefur tekist að ná til og fara blautar saman við þurrara hey við hirðingur eru aðstæður fyrir óæskilega gerjun sem síðan getur breitt út frá sér og spilt fóðrinu, hvort sem það er í rúllum eða stæðum. Þegar forþurrkun gengur hægt ætti ekki að hafa hana lengur en í tvo sólarhringa og taka heyið frekar saman ef þess er kostur.



Við slátt er þurrfnisinnihald í grasi aðeins um 15-20% og ræðst m.a. af veðurfari, grastegundum og þroskastigi plantnanna. Til að hindra

tap næringarefna vegna frárennslis plöntusafa þarf að forþurka að 30% þurrfnis. Við þurrkun á einu tonni af grasi úr 15% þurrfnis í 30% eru fjarlægð 500 kg af vatni sem minnkar kostnað og léttir vinnu við heyskapinn.

Forþurrkun hefur áhrif á heymagn í rúllum. Mælingar sýna að magn þurrfnis af heyi í rúllum (rúmþyngd kg þe/m³) eykst þar til um 55% þurrfnis er náð. Við meiri þurrkun virðist heymagnið ekki aukast nema heyið sé mikið skorið. Við mikla þurrkun er líklegur að rúmþyngdin í rúllum verði heldur minni en við þurrfnisstig 55-65%. Við forþurrkun að 55% þurrfnis rúma því færri rúllur það heymagn sem spildan gefur sem þýðir að það þarf minna plast utan um það og meðhöndla þarf færri rúllur.

Við mikla þurrkun heyja á velli eykst tap næringarefna vegna molnunar verðmættra plöntuhluta s.s. blaða sem þorna hraðar en stönglar. Þessu veldur m.a. notkun heyvinnuvéla og þarf að beita þeim af meiri varúð eftir því sem heyið verður þurrara.

Áhrif þurrkstigs heyja á lystugleika og át gripa eru ólík eftir tegundum búfjár. Fyrir mjólkurkúr virðist ekki vera hagar af því að þurka hey meira en í um 40% þe. Fyrir hross er sennilega betra að forþurka meira m.a. vegna þess að blautt hey fyrir hross á húsi kallar á meiri undirburð. Almennit má segja að fyrir sauðfé aukist lystugleikinn eftir því sem heyið er þurrara.

Sláttur í múga eða dreifða sláttuskára

Eins og áður er nefnt er mikilvægt að grasi sé vel dreift eftir slátt til að það

byrji strax að þorna og þorni hratt. Því er mikilvægt að snúa strax eftir slátt og dreifa úr sláttuskárunum.

Það er reyndar misjafnt hvernig skárum sláttuvélar skila. Sláttuvélar með knosara skila frá sér skárum sem loftar betur um en vélar án knosara og veldur það hraðari þornun. Stönglar þorna hægar en blöð og á knosarinn einnig að flýta þornun stöngla með því að merja eða hrufla þá og opna þannig vaxhúð þeirra. Best er að grasið leggist í dreifðan skára aftur úr sláttuvélinni. Þannig þornar það hraðar en ef það liggur í þykkari múga.

Íblöndunarefni

Notkun íblöndunarefna getur verið breytileg milli ára, m.a. háð veðurfari. Í sumum árum eru þau nauðsynleg til að tryggja næg fóðurgæði. Virkni efna er mismunandi og mikilvægt að velja efni sem henta aðstæðum hverju sinni. Sum henta best í blautt fóður meðan önnur eru betri í forþurkað hey. Séu skilyrði til verkunar ákjósanleg, slegið á góðum tíma og ekki óhreinindi í heynu eða annað sem spilt getur verkun þess er ekki ástæða til að nota íblöndunarefni.

Lífræn íblöndunarefni innihalda gjarnan mjólkursýrugerla sem ætlað er að hraða æskilegri gerjun. Til að gerjunin verði hröð þurfa aðstæður fyrir mjólkursýrugerlana að vera góðar og þurrkstig heysins komið í a.m.k. 30%. Við krefjandi aðstæður, t.d. ef rakastig í heynu er lágt eða lítið af sykri í því, henta kemísk efni eins og sýrur og sölt betur. Þau lækka sýrustig í heynu hratt og koma þannig í veg fyrir að óæskileg gerjun nái sér á strik. Sumum efnum er ætlað að hindra myglu í heynu



GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA



331830
SsangYong Rexton '17, sjálfskiptur, ekinn 102 þús. km. Verð: 3.990.000 kr.



800978
Porsche Cayenne S E-Hybrid, 4x4, '21, sjálfsk., ekinn 39 þús. km. Verð: 7.990.000 kr.



591595
SsangYong Tivoli Xlv Dlx, '18, 4x4, sjálfsk., ekinn 100 þ.km. Verð: 2.790.000 kr.



404821
Opel Grandland X '19, sjálfskiptur, ekinn 89 þús. km. Verð: 3.190.000 kr.



527247
Nissan Juke '20, sjálfskiptur, ekinn 60 þús. km. Verð: 3.490.000 kr.



340050
Jeep Compass S Plug-In '21, sjálfsk., ekinn 47 þ.km., Verð: 6.490.000 kr.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá!

Sjáðu fleiri bíla á notadir.benni.is

Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035



Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl



Til að nýta vélarnar sem best þarf að huga að akstri, hafa hann jafnan og halda góðum hraða.

Mynd / Heimir Sigurpáll Arnason

og önnur auka geymsluþol á heyi eftir að stæða er opnuð.

Dæmi um aðstæður sem kalla á notkun íblöndunarefna eru óhreinindi eða jarðvegsmengun í heyinu, áberandi magn af illgresi s.s. arfa saman við heyið og ef búast má við að heyin séu mjög próteinrík sem getur leitt til þess að nítrat verði hátt. Við val á íblöndunarefnum þarf að vera ljóst hvaða markmiði ætlunin er að ná með notkun þeirra.

Mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum um notkun íblöndunarefna og nota þá skammta sem mælt er með. Efnin verða aðeins að fullu gagni ef þau blandast jafnt og vel saman við heyið.

Gleymum ekki viðhaldi véla

Koppafeitin er góður vinur allt sumarið og er gott að hafa í huga að smyrja þarf vélar eftir og við notkun. Vel smurð vél skilar betri afköstum, endist lengur og þarf minna viðhald þegar upp er staðið. Það getur sparað mikinn kostnað.

Til að nýta vélarnar sem best þarf að huga að akstri, hafa hann jafnan og halda góðum hraða. Oftar en ekki á það við að stilla aflúttak á ECO-PTO og spara þannig eldsneyti. Rétt stillir hnifar og vel brýndir geta aukið afkastagetu allt að 20%. Er hugsanlega komið að því að endurnýja hnifa?

Rétt aksturstaekni gefur betri árangur

Breiðir og jafnir múgar gefa betri innmötun þegar rúllað er, akstur verður minni en ef þeir væru mjóir og ójafnir og heymagn verður jafnara og þéttara í rúllunni. Það skilar sér einnig í minni notkun á olíu og plasti þegar upp er staðið.

Vandvirkni við akstur þannig að vinnslubreidd tækja nýtist sem best minnkar vinnslutíma og notkun véla og minnkar olíunotkun. Akstur um tún þarf að skipuleggja þannig að hann valdi sem minnstri þjöppun jarðvegs. Nútímatækni eins og akstur eftir GPS hjálpar gríðarlega í þessum efnum.

Rétt stilltar vélar róta minna í sverði túnsins og virka á allan hátt betur, slit verður minna og ending vélanna betri.

Pökkun og geymsla rúllubagga

Til að rúllubaggar séu sem best varðir eru 6 lög af plasti gott viðmið. Þannig má tryggja að stærri og þyngri baggar geymist vel og standi af sér erfið veður. Með því að pakka fjórfalt má spara plast og má gera við hey sem vitað er að gefa á fljótlega en sé það geymt lengi er hættu á fódurtapi. Sé ætlunin að fyrna hey í rúllum eða gefa seint að vetri, að vori (verðmætt sauðburðarhey) eða jafnvel fram á sumar gæti verið skynsamlegt að pakka áttfalt.

Frágangur enda er mikilvægur, lausir endar valda því að plastið losnar frá, bæði vond geymsla og sóðaleg. Best er að koma hefynd sem fyrst heim af túni og heim í stæðu. Rannsóknir sýna að best er að flytja hey sem fyrst eftir pökkun og koma því þannig fyrir að ekki þurfi að hreyfa við því fyrr en það er gefið.

Velja þarf góðan stað þar sem er skjólsælt og ekki verður ágangur af skepnum. Aðgengi að stæðunni sé gott allan veturinn. Taka mið af þurfnisinnihaldi þegar er raðað í stæður. Til viðmiðunar mætti hafa í huga:

20-25% þurrrefni = ein hæð
25-35% þurrrefni = 2 hæðir
35-45% þurrrefni = þrjár hæðir
45-85% þurrrefni = fjórar hæðir

Af hverjum bagga fellur til um 1 kg af plasti og endurvinnsla er heppilegasta aðferð til förgunar þess. Fyrir endurvinnslu er góður hreinleiki plasticsins skilyrði og að netbönd og hey sé skilið frá. Plastið er þá unnið í kúlur sem síðan eru notaðar til að framleiða nýjar plastafurðir.

Eiríkur Loftsson, Elena Westerhoff og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir ráðunautar.



Trésmiðjan Akur

AKURShús - timbureiningahús

Afhent uppsett á byggingarstað eða í einingum

- Við allra hæfi -



islensk hönnun & framleiðsla



Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt Margar gerðir og stærðir



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

BÍLXTRA

KERRUR Á HAGSTÆÐUM VERÐUM!

BILXTRA.IS



kr1,450,000



kr425,000



kr950,000

STEINHELLA 4, HAFNARFJÖRÐUR SÍMI: 837 7750 INFO@BILXTRA.IS

BRENDERUP KERRUR



Skoðuðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

FYRIR FÓLK Á FERÐINI

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



GARDYRKJA



Matjurtagarður.

Mynd / Guðrífur Helgadóttir

Grænmetið í heimilisgarðinum:

Alls ekki of seint að hefjast handa

Það hefur gengið á ýmsu í veðurfarinu undanfarnar vikur. Lofthiti lágur, mikil hvassviðri víða og jörð blaut og köld. Þegar þannig háttar til verða oft tafir á garðvinnunni og sáning og gróðursetning dregst á langinn.

Við skulum samt muna að slíkt ástand er fjarri því að vera undantekning hjá íslenskum ræktendum og þeir hafa þurft að takast á við óþlíð náttúruöfl í sinni matjurtaræktun.



Ingólfur Guðnason.

Sáning og gróðursetning

Þegar vel vorar er hægt að hefja gróðursetningu matjurtu um eða upp úr miðjum maímánuði en margir garðyrkjubændur hafa fyrir venju að biða fram undir mánaðamótin maí-júní, einmitt til að tryggja að plönturnar lendi ekki í síðbúnum vorhretum. Það tekur líka nokkurn tíma að koma öllum plöntunum í jörð. Gulrótasáningu er oftast hægt að hefja enn fyrr, en þó er alls ekki öll von úti enn. Þótt nú sé nokkuð liðið á júnímánuð og veður hefur tekið stakkaskiptum frá okkar kalda maímánuði er vel hægt að gróðursetja og sá til matjurtu í heimilisgarðinum. Þá er um að gera að vanda til verka, þannig að gróðurinn taki sem fyrst við sér.

Gulrótafræ er hægt að láta spíra í nokkra daga í röku ílátu við stofuhita, en gæta þarf þess að skipta oft um vatn og sá um leið og sést í fyrstu spírurnar á fyrstu fræjunum. Þannig er hægt að vinna upp glataðan tíma. Matjurtaplöntur fást tilbúnar til gróðursetningar í flestöldum garðplöntustöðvum. Nú er kjörið að sá til næpna, gulrófna, radísa, salats og sumra kryddjurtu. Alls ekki er of seint að gróðursetja matjurtir eins og hvítkál, blómkál, spergilkál rauðkál, toppkál og skyldrar tegundir. Jafnvel kartöflur er ekki of seint að setja niður núna.

Veðurfarsbættandi aðgerðir fyrir unglönturnar

Skjól er grundvallaratriði í allri

ræktun og jörð skal vera farin að hlýna nokkuð vel. Víðast hvar ætti það ekki að vera hamlandi lengur. Verka þarf plöntunæringuna vel ofan í matjurtabeðin þannig að hún fari að nýtast sem allra fyrst. Upphækkun beði í körmum tókast mikið nú orðið og fer vel um matjurtirnar í þess háttar reitum. Í mörgum tilvikum eru gluggahlarar á reitunum eða bogalaga þak klætt plasti og það gefur ræktuninni aukinn yl og skjól.

Ein einfaldasta og árangursríkasta leiðin til að auka lofthita í matjurtabeðunum er að breiða yfir þau þunna ræktunardúk sem fæst í metratali í garðyrkjuværslunum. Dúkurinn er settur yfir matjurtirnar strax að lokinni sáningu eða gróðursetningu og fyrstu vökvum. Hann veitir skjól, dregur úr ágangi meindýra, loft- og jarðvegshiti undir dúkunum verður töluvert hærra en utan hans. Hann hefur einnig þann kost að rignir í gegnum hann og hægt er að vökva plönturnar án þess að fjarlægja dúkinn. Dúkurinn er hafður yfir plöntunum þangað til þær eru orðnar vel stálpaðar en ekki svo lengi að hann fari að sliga þær. 4-6 vikur henta í mörgum tilvikum ágætlega. Festa þarf dúkinn vel með jöðrunum til að hann virki vel gegn meindýrum. Illgresi þrífst líka ágætlega undir dúkunum en auðvelt ætti að vera að taka dúkinn af meðan unnið er við illgresishreinsun, hreykingu og aðra umönnun.

Gefumst ekki upp þótt móti blási

Þótt margir garðeigendur hafi þurft að horfa upp á tré, berjarunna, skrautrunna og annan garðagróður verða fyrir talsverðum útlitsskaða í vor munu allflestir tegundirnar nú hafa náð sér nokkurn veginn og verða glæsilegar eins og venjulega. Í tilviki matjurtanna er skaðinn tæpast jafn mikill, það er einna helst að nokkur seinkun á sáningu og gróðursetningu hafi sett strik í þann reikning. Við vitum öll að sumarið verður gott og getum farið að hlakka til uppskeru síðsumars og í haust.

Ingólfur Guðnason, fagbrautarstjóri garðyrkjuframléidslu, Garðyrkjuskólanum Reykjum/FSU

Á FAGLEGUM NÓTUM



Í gæðakerfinu Arlagården eiga allir nautgripir að vera hreinir, allt árið.

Gæðavottun kúabúa

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Fyrir nokkrum árum fór af stað á Íslandi einkar áhugavert þróunarverkefni, sem reyndar var svo hætt með, sem sneri að því að setja auknar gæðakröfur á íslensk kúabú, þ.e. meiri kröfur en hið opinbera gerir.

Með þessu var verið að fylgja að hluta til eftir því sem hefur verið að gerast erlendis og þá sérstaklega í norðurhluta Evrópu en fullyrða má að flest kúabúin þar lúti einhvers konar gæðavottunarkerfum.

Þessi kerfi eru mörg og breytileg en eiga það sameiginlegt að þau eru ekki háð opinberum eftirlitsaðilum heldur hefur verið komið á koppinn annaðhvort af afurðafyrirtækjum, vottunarfyrirtækjum eða verslunarkeðjum. Öll þessi kerfi miða að því að efla traust neytenda á gæðum framleiðslunnar og um leið að efla ímynd framleiðslunnar og/eða söluaðila varanna. Nú er meira að segja svo komið að margar erlendar verslunarkeðjur gera kröfu á alla framleiðendur landbúnaðarvара að þeir séu með svona gæðakerfi og ef ekki er um slíkt að ræða þá fá vörurnar einfaldlega ekki hillupláss í verslunum. Ekki er ólíklegt að slíkar kröfur rati einnig einn daginn til Íslands.

Af hverju gæðakerfi?

Það er eðlilegt að spurt sé um tilgang þess að setja upp sérstök kerfi, þegar nú þegar eru til lög og reglugerðir sem varða þær leiðir sem eigendur skepna eiga að fara. Skýringuna er þó að finna í þeirri staðreynd að hið opinbera gerir fyrst og fremst lágmarkskröfur um hitt og þetta, þ.e. að ekki sé gengið skemur en með ákveðnum hætti og þá er oftar en

ekki haft að leiðarljósi dýravelferð og matvælaöryggi. Hægt væri að nefna mörg dæmi um þetta en nærtækast fyrir Íslendinga er líklega lágmarks stústærð hjá hrossum, sem hérlend reglugerð segir að eigi ekki að vera minni en 4 m

svo lágmarks dýravelferð sé uppfyllt. Hér er nefnilega talað um lágmarks stærð, þ.e. svo nóg sé gert svo hrossum líði ekki illa, en líklegt má telja að flestir byggji nú stærri aðstöðu en það fyrir hrossin sín svo dæmi sé tekið.

Annað dæmi mætti nefna sem er lyfjaleifar í matvælum. Tilfellið er nefnilega að matvæli mega innihalda örflítið magn mælanlegra lyfja- eða varnarefnaleifa, þ.e. sé „magnið“ innan tiltekinnna marka sem yfirvöld segja að sé óskaðlegt neytendum. Það er þó e.t.v. eitthvað sem afurðastöð getur einfaldlega ákveðið að vilja ekki, þrátt fyrir að það megi í raun samkvæmt hinu opinbera.

Þannig hafa sumar verslunarkeðjur, afurðafélög og -fyrirtæki ákveðið að ganga lengra í þeim tilgangi að ná ákveðnu markaðslegu forskoti t.d. á samkeppnisaðilana. Gæðakerfin eru því hluti af ímynd varanna. Nærtækt dæmi er ákvörðun þýsku verslunarkeðjanna Aldi og Lidl sem ákváðu fyrir nokkrum árum að selja eingöngu drykkjarmjólk frá fyrirtækjum sem tryggja að mjólkinn komi einungis frá bændum sem hafa ekki notað erfðabreytt fóður. Þessar verslunarkeðjur gengu þarna mun lengra en opinberar kröfur gera í Evrópu og voru einfaldlega að svara ákveðnu kalli frá neytendum í Þýskalandi og náðu um leið samkeppnislegu forskoti á aðra söluaðila mjólkur vegna sérstöðu.

Bændur og fræðimenn höfðu eðlilega sína skoðun á þessu útspili verslunarkeðjanna enda er erfðabreytt korn ódýrara og ekkert sem bendir til þess að

” Nærtækt dæmi er ákvörðun þýsku verslunarkeðjanna Aldi og Lidl sem ákváðu fyrir nokkrum árum að selja eingöngu drykkjarmjólk frá fyrirtækjum sem tryggja að mjólkinn komi einungis frá bændum sem hafa ekki notað erfðabreytt fóður ...“

slíkt fóður hafi neikvæð áhrif á afurðirnar. Sú staðreynd kom bara þessu máli hreinlega ekki við! Hér voru verslunarkeðjur að marka sér sérstöðu og kölluðu eftir áhugasömum bændum og fyrirtækjum til samstarfs.

Kallinu var svarað og gott betur því neytendur tóku þessu svo vel að fleiri verslunarkeðjur fylgdu í kjölfarið, til að svara samkeppninni. Nú er svo komið að þetta gæðakerfi er erfið fyrir neytendur í raun að fá mjólk frá kúm sem hafa fengið erfðabreytt fóður, a.m.k. í norðurhluta meginlands Evrópu!

Arlagården

Hægt væri að taka dæmi af mörgum ólíkum gæðakerfum fyrir mjólkurframleiðslu en nærtækast er fyrir greinarhöfund að taka fyrir Arlagården®, enda gæðakerfi norður evrópska afurðafélagsins Arla Foods sem hann starfar hjá. Óhætt er að fullyrða að þetta gæðakerfi er eitt það strangasta sem er til í dag í heiminum en kerfið leit fyrst dagsins ljós árið 2005 og var í upphafi einungis notað í Svíþjóð og Danmörku. Kerfinu var komið á til þess að gera sérstöðu þarlendrar mjólkurvaru aðra og sterkari en innfluttra.

Á þessum árum var mikið sótt inn á þessa markaði með mjólkurvörur annarra landa Evrópusambandsins, enda verðlag hátt í bæði Danmörku og Svíþjóð og því eftirsóknarvert að ná til neytenda þar.

Til þess að svara samkeppninni, en á þessum árum var Arla Foods ekki orðið jafn stórt og öflugt og það er í dag, þá var sem sagt brugðið á það ráð að setja auknar kröfur á herðar þeim kúabændum sem eiga félagið. Bændurnir sjálfir ákváðu sem sagt að setja auknar kröfur á sig sjálfa! Þessar kröfur sneru í fyrstu einungis að mjólkurgæðum, þar sem gengið var lengra en opinberu kröfurnar sögðu til um.



Öll kúabú hjá Arla eru metin árlega af hlutlausum fagaðilum sem starfa ekki hjá Arla.

Mynd / Arla

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Síðan bættust við fleiri atriði og nær gæðakerfið í dag til allra þátta búskaparins. Þannig ná kröfur Arlagården® nú til mjólkurgæða, dýravelferðar, meðferðar á lyfjum og varnarefnum, umhverfismála, sjálfbærni, ásynðar búa og fleira mætti nefna.

Dæmi um kröfur

Nefna má ótal dæmi um kröfur sem afurðafyrirtæki gera, sem ganga lengra en opinberar kröfur. Þannig er t.d. ekki skylda í öllum löndum að setja kýr út á sumrin, en þrátt fyrir það setja sum afurðafyrirtæki það sem skyldu.

Þá eru t.d. flest lönd með kröfu um ákveðið lágmarksrými í m² á hvern grip en afurðafyrirtækin geta hæglega ákveðið að ganga lengra og krefjast aukins rýmis.

Varðandi ímynd framleiðslunnar gera sum fyrirtæki t.d. kröfu um að allri gripir séu tándurhreinir öllum stundum. Þannig fá bændur frávik frá gæðaúttekt ef t.d. óhrein læri á gripum finnast í fjósum þeirra.

Einnig, séð frá nærliggjandi vegi, gera sumar afurðastöðvar kröfu um að kúabúid beri með sér það yfirbragð og ásynð að þarna sé stunduð matvælaframleiðsla í fyrsta flokki.

Fleiri dæmi má nefna eins og að ekki megi finnast hárlausir blettir á kúm, svo sem vegna nudds eða legu. Að allir básar eigi að vera þurrir og

með undirburði. Að enginn nautgripur megi liggja á rimlum óháð aldri. Að mjólkurgæðin eigi að vera helmingi betri en opinberar kröfur segja til um. Að allar klaufir séu vel hirtar. Að allir nautgripir geti valið úr a.m.k. tveimur stöðum til að drekka o.s.frv.

Valfrjálst í upphafi

Í fyrstu, þegar Arlagården® gæða - kerfinu var komið á koppinn, gátu bændur valið að taka þátt og fengu þeir þá bónusgreiðslu ef þeir stöðust gæðakröfurnar.

Jafnt og þétt jókst þátttakan í kerfinu, enda eftir töluverðum fjármunum að slægjast, og svo kom að því að stjórn félagsins ákvað einfaldlega að allir þyrftu að uppfylla kröfurnar og var þar með gæðaálagið fjarlægt í raun þ.e. allir fengu þar með fyrrgreindan bónus. Þeir sem ekki treystu sér til að uppfylla gæðakröfurnar urðu hreinlega að hætta búskap eða finna sér annan kaupanda að mjólkinni, þrátt fyrir að vera mögulega með framleiðsluleyfi þarrendra matvælastofnana.

Reyndar er það svo í Danmörku að vegna stærðar Arla þar í landi er félagið með svokallaða kaupskyldu á mjólk, þ.e. verður að taka við allri umframmið mjólk frá öðrum á markaðinum. Þannig geta aðrar afurðastöðvar keypt mjólk af kúabændum, en ef þær fá einn daginn of mikið af mjólk inn þá geta þær skilað umframagninu

til Arla! Það gátu þær a.m.k. þar til krafan um Arlagården® var sett á öll bú innan Arla. Þá gat Arla hafnað mjólkinni á þeim forsendum að hún uppfyllti ekki kröfur félagsins. Það tók því ekki langan tíma fyrir alla kaupendur á mjólk í Danmörku að setja á gæðakerfi.

Í dag er það svo að flest afurðafélög í Evrópu hafa tekið upp gæðakerfi og hafa þar með fylgt í fótspor Arla.

Framtíðin?

Fyrsta atrenna að gæðakerfi fyrir kúabú á Íslandi gekk ekki upp, en það er brýn ástæða til að halda áfram. Gæðakerfin eru komin til að vera í mjólkurframleiðslu heimsins og kröfurnar fara nánast vaxandi ár frá ári, enda orðið hluti af markaðsstarfi fyrirtækja sem selja mjólkurvörur víða um heim.

Í dag geta t.d. félög eins og Arla og fleiri félög og fyrirtæki sem eru á alþjóðlegum markaði, gefið neytendum ákveðna tryggingu fyrir því að ef þeir kaupa vörur fyrirtækjanna þá eru neytendurnir að stuðla að aukinni dýravelferð, ábyrgri lyfjameðferð, sjálfbærni o.fl. mætti nefna. Þetta er einfaldlega staðreynd sem þarf að horfast í augu við, og takast á við, áður en erlendar mjólkurafurðir ná hér fótfestu á grunni gæðakerfa sem skáka hraustlega lágmarkskröfum hins opinbera á Íslandi.



**FRAMLENGING Á TILBOÐI
25% AFSLÁTTUR Í JÚNÍ**

25% afsláttur af kerrum á tveimur öxlum sem eru á lager, á meðan birgðir endast. Ýmsar breiddir, lengdir og burðargeta. Gæðakerrur – Góð reynsla.

**Brimco ehf. Efribraut 6, Mosfellsbæ. s.894-5111
Opíð 13-16.30 www.brimco.is**

TIMBUR EININGAHÚS
Sími: 893 3022 einingar@einingar.is
www.einingar.is

ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt. gleraugu
39.900 kr.
Margskipt. gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

SKRALLI™ INNFLUTNINGUR RÁÐGGJÖF

Örvar S. Haraldsson
Sölustjóri
+354 862 4046

5 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ Til á Lager

GW-100 Sturtuvagn
Pallur 100x150x35cm
Verð 580.000 án vsk eða 719.200 m/vsk

GW-120 Sturtuvagn
Pallur 120x180x35cm
Verð 660.000 án vsk eða 814.400 m/vsk

Gigant eru hágæða sturtuvagnar hannaðir fyrir norskar aðstæður & henta því sérlega vel á Ísland

Tengjast við venjulega bíkúlu
Flottar aftan í fjórhjólis eða minigrófuna

skralli.is

EYJALIND GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

TRAUST FASTEIGNASALA
☎ 464 9955 ✉ byggd@byggd.is

SKIPAGATA 16 ♦ OPIÐ KL. 9-17 FÖS 9-16 ♦ [f](https://www.facebook.com/byggd) FASTEIGNASALAN BYGGÐ

MIKLI GARÐUR

Jörðin er staðsett í um 20 mín akstursfjarlægð frá Akureyri í Djúpadal í Eyjafjarðarsveit. Á jörðinni er einbýlishús, heilsárs timburhús, vélaskemma, fjós með mykjukjallara, fjárhús, hlaða og hesthús. Þá er ræktað land um 43 ha. Verð: 115 mkr.

VÍÐIGERÐI - EYJAFJARÐARSVEIT

Um er að ræða jörðina Víðigerði í um 16 km akstursfjarlægð frá Akureyri. Stærð jarðar er talin vera um 200 ha. og af því ræktað land um 50 hektarar. Jörðinni fylgir um 235 þús í. mjólkurkvóti, nú 45 mjólkandi kyr og 40 aðrir gripir í uppeldi. Tæki skv. tækjalista. Verð: 260 mkr.

BRÚNAGERÐI - DALADÝRÐ Í FNJÓSKADAL

Um er að ræða jörðina Brúnagerði í Fnjóskadal þar sem í dag er rekin Daladýrð. Jörðin er um 300 ha. að stærð og þar hafa sum útihúsa verið endurskipulögð og endurnýjuð með reksturinn í huga. Íbúðarhúsið er sex herbergja á einni hæð samtals 158,5 fm. og er mikið upprunalegt. Jörðin býður upp á mikla möguleika í einungis 20 mín akstursfjarlægð frá Akureyri. Verð: 129 mkr.

FLJÓTSBAKKI - ÞINGVEIT

Um er að ræða jörðina Fljótshakka í Þingeyjarsveit þar sem rekið er sveitahótel í gamla fjósinu, þar eru 12 herbergi. Verð: 180 mkr.

FREKARI UPPLÝSINGAR OG ALLAR EIGNIR Á BYGGD.IS

LANDGRÆÐSLA



Starfsfólk í folti að vakta ástand lands.

Mynd / Landgræðslan

Gerð svæðisáætlana og bætt landnotkun sveitarfélaga

Pessa dagana vinnur Landgræðslan að gerð svæðisáætlana í Landgræðslu.

Þær eiga uppruna sinn í lögum um landgræðslu þar sem segir að ráðherra málaflokksins gefi út landgræðsluáætlun á fimm ára fresti og til 10 ára í senn. Í áætluninni komi fram stefna stjórnvalda í landgræðslu með hliðsjón af markmiðum laganna um jarðvegs- og gróðurvernd og sjálfbæra landnýtingu. Ný áætlun var samþykkt í fyrra undir heitinu *Land og líf: Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt* en þar er í fyrsta skipti birt sameiginleg framtíðarsýn stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031.



Davið Arnar Stefánsson.

Í sömu lögum segir einnig að Landgræðslan skuli vinna svæðisáætlun fyrir hvern landshluta í samræmi við landgræðsluáætlun. Þar séu tilgreind landgræðslusvæði sem og önnur svæði þar sem lögð er áhersla á landgræðslu með tilliti til náttúruverndar og gildandi skipulagsáætlana og í sátt við áherslur eftir landshlutum. Áætlunin skal gerð í samráði við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila og endurskoðuð á fimm ára fresti.

Samhliða vinnur Skógræktin sams konar áætlun í skógrækt en áætlunirnar tvær kallast á enda markmið þeirra það sama, að tilgreina hvernig samstarfi við sveitarfélög um landgræðslu og skógrækt verði háttáð.

Jafnframt vinna stofnanirnar tvær, Landgræðslan og Skógræktin, að sameiginlegu verkefni sem hefur þann tilgang að bæta landnotkun sveitarfélaga.

Það verkefni felur í sér að greind verði tækifæri sem felast í breyttri landnotkun innan sveitarfélaga í þágu loftslagsmála. Markmiðið er að stuðla að samdrætti í

losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og aukinni bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með kolefnishlutleysi að markmiði. Með því verði grunnur lagður að sameiginlegri sýn á þau tækifæri sem liggja á bættari landnotkun þar sem er horft er til sjálfbærrar landnýtingar, uppbyggingar auðlinda, jarðvegsverndar, endurheimt vistkerfa og þannig stuðlað að aukinni sátt og samstöðu um aðgerðir.

Afrakstur verkefnisins verða tillögur að loftslagsaðgerðum og landsvæðum sem talin eru geta skilað bestum árangri í þágu loftslagsmála í sátt við landeigendur og aðra landnotkun. Tillögunum er ætlað að nýtast á öllum stigum skipulags- og áætlunargerðar. Þá verði kynningarefni gert aðgengilegt og haldnir kynningarfundir og vinnustofur í öllum landshlutum um hvernig sveitarfélögin geti þróað svæðið með tilliti til bættrar landnotkunar. Fámennum og landstórum sveitarfélögum verður veitt sérstök athygli og þeim boðin frekari og nánari ráðgjöf við sína skipulagsvinnu.

Verkefni sem hér um ræðir eru brýn og munu vafalaust reynast sveitarfélögum vel við sína stefnumörkun og skipulagsvinnu. Ef vel tekst til munu þeim standa til boða leiðbeiningar og gögn til að greina og ráðstafa sínu landi með sjálfbærum hætti og mögulegu framtíðar ræktarlandi.

Jafnframt til að gera áætlunir um uppgræðslu lands með videigandi aðferðum til lengri eða skemmri tíma. En til að svo verði þarf gott samráð við heimafólk og helstu hagsmunaaðila á hverju svæði fyrir sig. Verkefni eru einnig til marks um gott og náð samstarf tveggja stofnana sem báðar fást við sama viðfangsefni, að stuðla að vernd, viðgangi og heilleika íslenskra vistkerfa.

Davið Arnar Stefánsson,
sérfræðingur hjá
Landgræðslunni.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Stroksýni voru tekin á ákveðnum stöðum í æxlunarfærum hryssa og stóðhesta með þar til gerðum pinna.

Faraldsfræðileg könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum



Susanne Braun.



Ulrike Nunnus.

Umrætt rannsóknarverkefni sem fékk styrk frá Fagråd í hrossarækt og Rannsóknastofu Labor Böse, Þýskalandi, átti sér stað árið 2021 í þeim tilgangi að kanna kynheilbrigði í íslenska hrossastofnum.

Ræktunarmarkmið fyrir íslenska hrossakynið er að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan íslenskan hest. Bakteríu- og veirusýkingar á kynfærum geta verið orsök frjósemisjúkdóma í merum og í stóðhestum. Í flestum nágrannalöndum okkar gilda strangar reglugerðir um sýnatöku bæði í merum og stóðhestum til að tryggja að eingöngu fullfrískar merar séu leiddar undir hest. Sömu reglur gilda fyrir merar og stóðhesta í sæðingu. Hins vegar eru slíkar reglugerðir ekki í gildi á Íslandi.

Bakteríusýking og legbólga


Þekktar bakteríusýkingar í kynfærum hrossa:

- Taylorella equigenitalis (CEM)
- β-hemolys. Streptokokka
- Klebsiella pneumoniae
- Pseudomonas aeruginosa


Legbólga getur komið fram með ýmsum hætti og jafnframt komið í veg fyrir að hryssa fyljist. Útferð er talin óeðlileg þegar hún breytir um lit, verður t.d. grænleit eða brúnleit eða illa lyktandi. Algengasta orsök aukinnar útferðar er sýking af völdum baktería, sveppa eða veira. Sýking í legi veldur miklum vefjaskemmdum og sterkum viðbrögðum ónæmisfrumna.

Undirliggjandi legbólga hefur töluverð áhrif á frjósemi hryssa. Orsök hennar getur verið:

- Eigin bakteríuflóra fær aðgang að leginu í gegnum leghálsinn.



Stroksýni úr klítoris tekin í CEM greiningu.



Legbólga. Legbólga getur komið fram með ýmsum hætti og jafnframt komið í veg fyrir að hryssa fyljist.

- Stóðhestur í hólfri ber smit í hryssuna.
- Fastar hildir eftir köstun eru ekki teknar í tíma. Mælt er með að það sé gert innan tveggja klukkustunda.

Þegar hryssa hefur verið með legbólgu í langan tíma, jafnvel án þess að hún sé greind og meðhöndluð, getur haft þau áhrif að samgróningar verða í leginu. Afleiðingar þess eru til að mynda:

- Bólgur í grindarholi.
- Aukin hætta á fósturláti.
- Aukin hætta á fæðingu fyrir tímenn.

Smitandi legbólga í hrossum

Sjúkdómurinn Contagious Equine Metritis (CEM) getur verið þýtt á íslensku sem smitandi legbólga í hrossum.

Orsök sjúkdómsins er bakterían Taylorella equigenitalis. Einkenni

hans birtast helst á hryssum í mikilli, gráleitri útferð frá skeiðinni sem hefst dagana eftir að hestur fór á hryssuna. Einkenni geta varað í rúmar tvær vikur. Hryssurnar verða ekki veikar að öðru leyti og ná sér oftast án meðhöndlunar en sýkillinn getur lifað mánuðum saman í æxlunarfærum og valdið ófrjósemi.

Stóðhestar sýna ekki klínísk einkenni en eru heilbrigðir smitberar. Smit á sér einkum stað við æxlun þó það geti einnig gerst með tækjum eins og gerviskeiðum og skoðunaráhöldum.

Eins geta heilbrigðir smitberar borið smitið áfram. Erlendis gilda strangar reglur um skimun fyrir sjúkdómnum, bæði hjá stóðhestum og hryssum sem koma saman í hólf, til sæðistöku eða sæðingar eða til meðhöndlunar hjá dýralæknum. CEM sjúkdómurinn er tilkynningarskyldur í útlöndum, en ekki hér á landi.

Tilgangur og markmið

Á Íslandi er ekki vitað um hlutföll kynfærasjúkdóma í hryssum og stóðhestum. Engar birtar rannsóknir eru til sem sýna fram á alvarleika kynfærisjúkdóma eins og CEM.

Gögn um tjón kynfærasjúkdóma í hrossastofnum erlendis eru til staðar en engin gögn eru til um stöðuna hér á landi. Útflutningur á íslenskum kynbótahestum hefur aukist og gera kaupendur einnig kröfur um umfangsmeiri heilsufarsskoðanir hestanna og kröfur um að tryggja kynheilbrigði/frjósemi hestanna.

Undanfarið ár hefur aukist eftirspurn eftir sæðingum innanlands. Eftirspurn eftir frosnu sæði til útflutnings frá Íslandi hefur enn fremur aukist.

Rannsóknnaaðferðir

Stroksýni voru tekið á ákveðnum stöðum í æxlunarfærum hryssa og stóðhesta með þar til gerðum pinna. Svo voru strok sett í bakteríurækt og næmnispróf eftir hraðsendingu með kælibox í Labor Böse.

Nákvæmu ferli var fylgt við sýnistöku. Hrossin voru fædd á árunum 1995–2018.

Óspakseyrargátan

Ný íslensk sakamálásaga eftir Finnboga Hermannsson.

Óspakseyrargátan gerist á Vestfirðum árið 1910 og á sér sviplegan endi eftir löng og þrúgandi réttarhöld, bæði á Ströndum og í Reykhólasveit.

Óspakseyrargátan fæst hjá höfundu, pósthfang: finnbh@simnet.is sími: 861-8993




Finnbogi Hermannsson



Kyngreining folalds.

	Hryssur (n=220)	Stóðhestar (n=52)
Streptococcus equi ssp. zooepidemicus	37	1
Streptococcus dysgalactiae	33	19
β-hemolys. Streptococci	70	20
E. coli var häm.	1	0
Staphylococcus aureus	1	1
Klebsiella pneumoniae	0	1
Pseudomonas aeruginosa	0	0

Greindar bakteríur í rannsóknaverkefni á Íslandi 2021 sem geta valdið kynfærasjúkdómum.



Niðurstöður

Rannsóknaverkefni fór fram árið 2021 á Íslandi.

Taylorella equigenitalis (CEM) fannst EKKI í merum (n= 220) og stóðhestum (n=52). Greindar voru eftirfarandi bakteríur sem geta valdið kynfærasjúkdómum í hryssum og stóðhestum á Íslandi:

- β-hemólýsandi streptókokkar
- Streptococcus equi ssp. zooepidemicus
- Streptococcus dysgalactiae

Streptókokkar eru umhverfissýklar og geta verið edlilegur hluti af þarmaflórinni. Streptókokkar eru algengasta orsök langvinnrar legbólgu hjá hryssum.

Aðrar bakteríur sem greindist í minni hlutföllum eru t.d. Klebsiella pneumoniae, Pseudomonas aeruginosa, Staphylococcus aureus, Escherichia coli (var. haem.)

Þekktir veirusjúkdómar í kynfærum

Equine Viral Arteritis (EVA) er smitandi sjúkdómur sem orsakast af EVA veiru. Þó að sjúkdómurinn

sé sjaldan lífshættulegur fyrir annars heilbrigða fullorðna hesta, þá er EVA sérstakt áhyggjuefni fyrir hrossaræktendur vegna þess að veiran getur valdið fóstureyðingum hjá þunguðum hryssum og dauða hjá ungum folöldum.

Þá geta stóðhestar borið veiruna einkennalausir og dreift henni. Þrátt fyrir að smitfaraldur með EVA komi sjaldan upp, er veiran til staðar í hrossastofnum í mörgum löndum.

Þó að vitað sé að vírusinn smiti margar hrossategundir, þá er algengi smits miklu hærra hjá ákveðnum tegundum, eins og Standardbreds og Warmbloods. Flestir hestar sem verða fyrir vírusnum fá engin merki um sjúkdóminn. Ef veikindi eiga sér stað getur verið erfitt að greina EVA vegna þess að einkennin eru klínískt lík nokkrum öðrum hestásjúkdómum, svo sem Equine Rhinopneumonitis, influenza, Equine Infectious Anemia (EIA) and Purpura Hemorrhagica. Sýktir stóðhestar geta stöðugt dreift veirunni með sæðinu þó þeir séu sjálfir einkennalausir.

EVA sýnataka og niðurstöður

Framkvæmdar voru sermis- rannsóknir

á stóðhestum (n=52), þar sem blóðsýni voru greind með VNT (virus neutralisation test).

Allir stóðhestar reyndust NEIKVÆÐIR (mótefnatítri < 1:4).

Samantekt

Staðan á Íslandi í dag er sú að bakterían Taylorella equigenitalis sem veldur smitandi legbólgu í hrossum (CEM) hefur ekki greinst hér á landi.

Í rannsókninni staðfestust eftirfarandi sýklar:

- β-hemolys. streptókokkar bakteríu greindust oftast. >32% af merum greindust með streptókokkabakteríu. >38% af stóðhestum greindust með streptókokkabakteríu.
- Smitandi sjúkdómurinn Equine Viral Arteritis (EVA) greindist ekki í þeim sýnum sem tekin voru.

Dr. med. vet. Susanne Braun fagdyralæknir í hestásjúkdómum, Stokkseyri.

Dr. med. vet. Ulrike Böse Labor Böse, Þýskalandi.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum **ALLT** FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

LANDBÚNAÐARSÝNING & BÆNDAHÁTÍÐ
REIÐHÖLLINI SVADASTÖÐUM Á SAUÐÁRKRÓKI 19. ÁGÚST 2023

Sveita Sæla
í Skagafirði

Hefur þitt fyrirtæki áhuga á að vera með sölupláss á Sveitasælu?
Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Rafnsson á:

sveitasaelaskagafirdi@gmail.com

Límtré-Timbureiningar

STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Rekstartækifæri í landi Gunnarsholts

MARKAÐSKÖNNUN
FSRE f.h. Ríkissjóðs Íslands óska eftir að leigja út 60 ha landsvæði innan Gunnarsholts, Rangárþingi ytra. Áhugasamir geta sent tillögu fyrir 22. júní nk.

Nánari upplýsingar á www.fsre.is

FSRE

LESENDARÝNI

Notkun sýklalyfja í landbúnaði

Í nóvember 2022 kom út tólfta skýrsla Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar um notkun sýklalyfja í landbúnaði (ESVAC), þ.e. í búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu að sölu sýklalyfja til fiskeldis meðaldri.

Skýrslan nær til ársins 2021 og tekur til 31 lands; ESB ríkjanna 27 auk Bretlands, Sviss, Noregs og Íslands.



Erna Bjarnadóttir.

Sala sýklalyfja í Evrópu er borin saman sem sala í milligrömm (mg) á samræmda búfjäreiningu, PCU. PCU vísar til „Population Correction Unit“ sem tekur annars vegar tillit til stofnstærðar og hins vegar áætlaðs meðalþunga gripanna þegar sýklalyfjameðferð fer fram. Í ESB löndunum 27 hefur sala sýklalyfja dregist saman frá árinu 2018 úr 118,3 mg/PCU í 96,6 mg/PCE eða 18,3%. Það samsvarar um 1/3 af markmiði ESB um 50% samdrátt í sölu sýklalyfja árið 2030. Markmið ESB hljóðar upp á að þá nemi salan að hámarki 59,2 mg/PCU. Til samanburðar er sala sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi einungis 3,6 mg/PCU.

Þegar horft er til allra landanna, alls 31, þá nam sala sýklalyfja að meðtali 84,4 mg/PCU eða ívið minna en innan ESB. Samfelldar upplýsingar fyrir árin 2011–2021 liggja fyrir frá 25 löndum og hefur sala á sýklalyfjum fyrir búfé dregist



saman í þeim um 46,5%. Frá 2017–2021 dróst salan saman um 20,9% í því 31 landi sem tekur nú þátt í starfi ESVAC.

Sala sýklalyfja á Íslandi

Meðfylgjandi mynd sýnir sölu á sýklalyfjum fyrir búfé sem milligrömm á búfjäreiningu (mg/PCU). Segja má að Ísland og Noregur skeri sig úr þessum hópi nú líkt og áður. Löndin fjögur í samanburðinum sem standa utan

ESB eru öll í hópi þeirra tíu landa þar sem salan er minnst.

Sala á sýklalyfjum til hópmeðferðar

Þegar lítið er á sölu sýklalyfja fyrir búfé eftir því á hvaða notkunarforni þau eru voru 86,3% sölnunnar á forni sem fyrst og fremst er ætlað til hópmeðferðar. Þetta skiptist þannig að lyf til að blanda í vatn til drykkjar var söluhæsta vöruformið eða 57,9% af heildarsölu í þessu

31 landi. Þar á eftir koma lyf til blöndunar í fôður (21,8%) og duft til inntöku (6,6%). Önnur notkun skiptist síðan í lyf til notkunar í sprautuformi sem nam 12,6%, sýklalyf til inndælingar í spena/júgur, 0,71% og aðrar vörur sem námu 0,42% af heildarsölnunni.

Í samanburði við þau lönd sem innfluttar búvörur koma frá, sem eru helst Danmörk, Þýskaland, Holland, Pólland og Ítalía, hefur Ísland algera sérstöðu. Sala sýklalyfja í þessum löndum er frá því að vera ríflega níuföld á við sölu á Íslandi í Danmörku upp í tæplega 49 föld í Póllandi, miðað við sölu í mg/PCU. Í umfjöllun um sýklalyfjanotkun á Íslandi kemur skýrt fram að engin framleiðsla er á fôðri með viðbættum sýklalyfjum, hjá íslenskum fôðurframleiðendum.

Sýklalyf og umhverfið

Á undanförunum árum hafa vísindamenn hert rannsóknir á áhrifum útskolaran lyfja í búfjáraburði á umhverfið.

Í grein Frontiers síðan í september 2022, „Insights into the impact of manure on the environmental antibiotic residues and resistance pool“, er margan fróðleik að finna um þetta auk tilvitnana í eldra efni.

Í henni kemur fram að notkun búfjáraburðar í landbúnaði sé nú alitín lykilaðhrifabáttur á útbreiðslu gena (erfðafnis) sem hafa myndað ónæmi gegn sýklalyfjum (ARG; Antibiotic resistance genes) hjá mannfolki, dýrum og í umhverfinu

bæði á láði og legi, þar með talið grunnvatni. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að notkun búfjáraburðar frá húsdýrum sem hafa verið meðhöndluð með sýklalyfjum hefur leitt til aukningar á sýklalyfjaþolnum bakteríum (ARB; Antimicrobial resistant bacteria) og sýklalyfjaþolnum genum (ARG) í jarðvegi, samanborið við jarðveg sem fékk verksmiðjuframleiðan tilbúinn áburð eða engan áburð.

Sérstaða Íslands er ótvíræð

Af myndinni sem sýnir sölu sýklalyfja sést glögg þá mikilvæga forskot sem Ísland hefur á flestar aðrar Evrópuþjóðir. Þetta forskot nær einnig til óhjákvæmilegra áhrifa á umhverfið og hvernig lyfjaleifar og lyfjaþolið erfðafni getur síðan borist með drykkjarvatni og beit búfjár inn í fæðukeðjuna á ný. Þetta eykur enn á þá ógn sem stafar af vaxandi sýklalyfjaónæmi í heiminum.

Í ljósi alls þessa, hví ættu Íslendingar þá að sækjast eftir að flytja inn og neyta búfjárafurða sem eru framleiddar við margfalda notkun sýklalyfja á við það sem gerist hér á landi og með tilheyrandi áhrifum á umhverfið og þar með íbúa viðkomandi landa? Meiri sómi væri að því að kappkosta að vera okkur sjálf næg um þær búfjárafurðir sem við kjósum að neyta og getum framleitt hér á landi.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá MS.

Lögfesta erfðablöndun á laxi

Í fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og í grein Ragnars Jóhannssonar, rannsóknastjóra fiskeldis hjá stofnuninni, í Bændablaðinu hinn 9. mars, kemur m.a. eftirfarandi fram: „Hann klykkir út með því að vitna í umsögn þess eðlis að með lögfestingu áhættumatsins hafi verið gefin lagaheimild til þess að erfðablöndun íslenskan lax.“

Hér er vitnað til greinar höfundar sem birtist í Bændablaðinu hinn 9. febrúar.

Höfundur birti einnig grein í Bændablaðinu hinn 04.06.2020 undir heitinu „Það er búið að lögfesta heimild til erfðablöndunar á villtum íslenskum laxastofnum“. En skoðum nú málið betur, er þessi Valdimar Ingi Gunnarsson einn um þessa skoðun?

Hvað segja lögfæringarnir?

Það hafa margir verið með gagnrýni á áhættumat erfðablöndunar, en höldum okkur eingöngu við það sem fram hefur komið í umsögnum við fiskeldisfrumvarpið árunum 2018 og 2019, þar sem m.a. áhættumatið er vistað. Fram kom í umsögnum tveggja lögfæringa:

- Jón Þór Ólafsson, lögfæringur og þáverandi formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur: „Það er raunar með nokkrum ólíkindum að veitt sé lagaheimild fyrir því að erfðablöndu megi villtan íslenskan lax.“
- Friðleifur Egill Guðmundsson, lögfæringur og formaður NASF á Íslandi: „NASF hefur áhyggjur



Klakaruðningar í Laxá í Dölum.

Mynd / Valdimar Ingi Gunnarsson

af því að löggjafinn sé að lögfesta með beinum hætti að það sé í lagi að erfðablöndu náttúrulegra laxastofna með kynbættum norskum eldislaxi.“

Hér er rannsóknastjóri fiskeldis hjá Hafrannsóknastofnun upplýstur um að það eru a.m.k. tveir lögfæringar sem eru á sömu skoðun og þeir komu jafnframt fyrir með þessa ábendingu en höfundur. Mikill fjöldi umsagnaraðila komu einnig með kröfu um enga innblöndun eða erfðablöndun við meðferð málsins á Alþingi Íslendinga.

Áhættumatið

Tilgangur líkans áhættumats erfðablöndunar er að gefa rétta mynd af fjölda stökulaxa sem gætu tekið þátt í klaki í hverri veiði. Sá fjöldi er í beinu sambandi við áhættu á erfðablöndun. Ef fjöldinn fer yfir þröskuldsþörm á hverju ári er hættu á því að erfðablöndun safnist upp með tíma og hafi áhrif á stofngerð náttúrulegra stofna.

Athyglisvert er að fram kemur í einni umsögn Landssambands veiðifélaga við fiskeldisfrumvarpið

þegar það var til umfjöllunar að áhættumatið gerði ráð fyrir að eldislax muni finnast í ám vítt um landið og veiðirættægendur kunnir að verða fyrir tjóni og því mikilvægt að gert væri ráð fyrir skaðabótaákvæði í lögunum.

Hugmyndafræðin röng

Hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar eins og Hafrannsóknastofnunin lagði til árið 2017 í skýrslu sinni „Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi“ gengur út á að:

- fylgjast með þegar stökulaxar ganga upp í veiðiár,
- grípa ekki til mótvægisáðgerða til að lágmarka skaðann,
- mæla síðan þá erfðablöndun sem hefur átt sér stað.

Ákveðnar betrubætur voru gerðar á áhættumatinu við afgreiðslu laga um fiskeldi á árinu 2019, einkum er varðar mótvægisáðgerðir, vegna þrýstings margra aðila. Þrátt fyrir það kemur fram í

skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út fyrir á þessu ári að óháðir sérfræðingar telja að vöktunar- og mótvægisáðgerðir í áhættumati erfðablöndunar séu takmarkaðar að umfangi. „Taka verður alvarlega ábendingar um að hvaða leyti vöktun og mótvægisáðgerðum af hálfu Hafrannsóknastofnunar er ábótavant“ kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Lög um umhverfisábyrgð brotin

Rannsóknastjórinn er jafnframt upplýstur um að hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar er að brjóta lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Við umhverfisslys gera lög um umhverfisábyrgð ráð fyrir úrbótum rekstraradila í tilfelli slyssasleppinga sem felur í sér að fjarlægja eldislax úr veiðiá, gripid verði til aðgerða utan umráðasvæðis fyrirtækis og kostnaður greiddur af tjónavaldi.

Í nýlegu áliti meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um skýrslu Ríkisendurskoðunar um málefni fiskeldis kemur fram: „Sýnir það þörfina á að beita markvisst áðgerðum til þess að fjarlægja eldislax úr ám í nágrenni sleppiatvika, líkt og tíðkast í Noregi.“ Að mati meirihlutans var talið mikilvægt að ákvæði laga og reglna um stök verði endurskoðað. Fyrirhuguð er endurskoðun laga um fiskeldi á næsta ári og ef þessi breyting kemst í gegn mun áhættumat erfðablöndunar eflaust standast lög um umhverfisábyrgð.

Fórna til að auka framleiðsluheimildir

Hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar gerir ráð fyrir að

verja stærri veiðiár en fórn þeim minni til að hægt væri að úthluta meiri framleiðsluheimildum til eldis á frjóum laxi. Hér hefur jafnræðisreglan að engu verið höfð.

Mikilvægt er að bera virðingu fyrir eignum íslenskra landeigenda þar sem er að finna litlar veiðiár á eldisvæðum og í næsta nágrenni. Þær ár vega ekki þungt í stóra samhenginu en geta verið mikil verðmæti fyrir einstaka landeigendur. Eigendur lítilla laxveiðiáa hafa verið algjörlega hunsadur af höfundum áhættumats erfðablöndunar og stjórnvöldum og þannig er þeirra eignum sýnd mikil vanvirðing. Það er löngu tímabært að stjórnvöld sýni eignum íslenskra landeigenda virðingu og vonandi verður það gert við fyrirhugaða breytingu á lögum um fiskeldi á næsta ári.

Að lokum

Höfundur er hvorki eigandi veiðiáa eða laxeldisfyrirtækja og hefur því ekki meiri hagsmuna að gæta í þessu máli en almennt gerist með íslenska skattgreiðendur. Stækkandi hópi er að verða þá lóst að áhættumat erfðablöndunar hefur lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera og er fyrst og fremst notað til að úthluta framleiðsluheimildum til erlendra fjárfesta og fulltrúa þeirra.

Staðreyndin er sú að áhættumat erfðablöndunar opnar fyrir það að umhverfissóðarnir fái að njóta sín á kostnað þeirra sem vilja standa sig vel. Hugmyndafræði áhættumats erfðablöndunar er röng, stenst ekki lög um umhverfisábyrgð, en því er alltaf hægt að breyta.

Valdimar Ingi Gunnarsson sjávarútvegsfræðingur.

Landbúnaðurinn og aðstoð við Úkraínu

Við lifum á óstöðugustu og hættulegustu tímum síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk.



Birgir Þórarinnsson.

Stríð geisar í Evrópu, sem hæglega gæti farið úr böndunum og breiðst út. Líkurnar á umfangsmiklum alþjóðlegum deilum fara vaxandi.

Úkraína berst fyrir lífi sínu. Ríki Evrópu styrkja varnir sínar og Bandaríkin og ýmis önnur ríki senda vopn til Evrópu sem aldrei fyrr.

Ísland er herlaus og fámenn þjóð í Norður-Atlantshafi sem leggur sitt af mörkum við að styðja við úkraínsku þjóðina á erfiðum tímum. Við höfum staðið fyrir margvíslegri aðstoð við Úkraínu og tekið á móti fjölmörgum flóttamönnum sem flýja stríðsátökin. Þar með talið rúmlega 100 heyrnarlausum einstaklingum og er Ísland þar í sérstöðu meðal norrænu þjóðanna.

Móttaka heyrnarlausra er krefjandi og má nefna að Danmörk treysti sér ekki til að taka við nema 20 heyrnarlausum einstaklingum frá Úkraínu. Núna síðast samþykkti Alþingi að færa Úkraínu færanlegt sjúkrahús að andvirði einum og hálfum milljarði króna. Við Íslendingar getum því verið stolt af verkum okkar í þessum efnum.

Innflutningur á kjúklingakjöti farinn að hafa neikvæð áhrif

Fyrir ári síðan samþykkti Alþingi lög sem heimila tollfrjálsan innflutning frá Úkraínu. Heildartollverð innfluttra vara til landsins frá Úkraínu árið 2022 nam 827 milljónum króna. Innflutningur á kjúklingakjöti frá Úkraínu nam um 80 tonnum. Það sem af er þessu



Frosinn úkraínskur kjúklingur í matvörubúð í Reykjavík. Mynd / ghp

ári er hann kominn í nær 300 tonn og eykst jafnt og þétt. Nú er svo komið að innflutningurinn er farinn að hafa neikvæð áhrif á innlenda alifuglaframleiðslu og er það áhyggjuefni. Innlend framleiðsla er okkur mikilvæg m.a. út frá fæðuöryggi. Auk þess veitir greinin hátt í 500 manns atvinnu.

Allar þjóðir standa vörð um sína landbúnaðarframleiðslu. Evrópusambandið fer þar fremst í flokki. Pólland og Ungverjaland, nágrannaríki Úkraínu, banna innflutning á landbúnaðarvörum frá Úkraínu vegna neikvæðra áhrifa á þeirra eigin landbúnað.

Kjúklingurinn sem er fluttur út frá Úkraínu m.a. til Íslands fer að stórum hluta í gegnum Pólland. Frystigámar eru innsiglaðir á landamærum og strangt eftirlit er haft með því að varan fari ekki á pólskan markað. Pólverjar hafa staðið vel við bakið á Úkraínu í stríðinu, en gæta þess þegar kemur

að landbúnaði að standa vörð um eigin framleiðslu.

Gleymum ekki mikilvægi okkar eigin landbúnaðar

Aðstoð okkar við Úkraínu stendur ekki og fellur með innflutningi á kjúklingi. Ég hef farið tvisvar sinnum til Úkraínu eftir að stríðið hófst með hjálpargöng og þekki það af eigin raun að við getum stutt við bakið á Úkraínumönnum með margvíslegum hætti án þess að stefna okkar eigin landbúnaðarframleiðslu í vanda. Við getum til að mynda keypt af þeim korn og hveiti, ávexti eins og epli, en mikil eplaframleiðsla er í landinu svo fátt eitt sé nefnt. Förum að fordæmi Pólverja og styðjum við bakið á Úkraínu á stríðstímum en gleymum ekki mikilvægi okkar eigin landbúnaðar.

Birgir Þórarinnsson þingmaður.

Til sölu er skemmtibáturinn Hafgöla III Birchwood TS 37 Aft cabin

- 12 m trefjaplast bátur með tveimur nýlegum 240 HP Yanmar vélum, keyrðum 600 klst.
- Nýleg siglingatæki.
- Svefnpláss fyrir allt að 8 manns.
- Báturinn er til sölu í einu lagi eða í 4 hlutum og þar af eru 4 hlutar til sölu.
- Það fer best með bátinn að notkun sé sem mest og kostnaður dreifist.
- Báturinn er staðsettur á Alcudia Mallorca.
- Báturinn er skráður í Póllandi.

Allar nánari upplýsingar sendist í tölvupóst magni@alnabaer.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÆVINTÝRI Á SPÁNI HAUSTIÐ 2023

UPPBYGGJANDI OG SKEMMTILEG KVENNAFERÐ

Kristín Linda sálfræðingur hjá Huglind og Inga Geirs. fararstjóri hjá Skotgöngu bjóða upp á vikufærð til Albír á Alicante á Spáni 10. október í haust. Bókanir hafnar, beint flug, gott hótél, hálf tæði innifalið.

KONUR 40 + SJÁLFSRÆKT OG GANGA
Vikufærð fyrir konur 40 ára og eldri, uppskrift sem hefur algjörlega sannað sig enda þétt og gefandi dagskrá. Inga Geirs sér um fararstjórn, skoðunarferðir og gönguferðir. Kristín Linda heldur sín vinsælu uppbyggjandi lífsgæðanámskeið sem eru bæði hagnýt og skemmtileg. Vikufærðir sem hlotið hafa frábær meðmæli, stakar konur sérstaklega velkomnar en líka kjörði fyrir vinkonur.

Þetta verður 12 ferðin á fjórum árum.

Um 300 konur hafa nú þegar nýtt sér þessa dagskrá og margar komið aftur og aftur það segir sína sögu! Samkennd, gleði, upplifanir, uppbygging og ný kynni, vilt þú koma með?

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR: www.skotganga.co.uk
inga@skotganga.co.uk kristinlinda@huglind.is

Kristín Linda & Inga Geirs.

HREINSISTÖÐ

-án siturlagnar

Uppfyllir ströngustu kröfur um hreinsun á frárennsli frá böðum, salernum, vöskum, þvotta- og uppþvottavélum

Hreinsar forfór og nitrit

Engir hreyfanlegir hlutir

+354-4601706
www.hagvis.is
hagvis@hagvis.is

HEYRÐU Í OKKUR

GETUR VERIÐ ÁN NOTKUNAR Í ALLT AÐ 180 DAGA

ENGIN AUKAEFNI SETT Í

FORHREINSUN SIGTI AUÐVELT AÐ TÆMA

ROTÞRÓ ER FORTÍÐIN

HREINSISTÖÐ ER FRAMTÍÐIN

Heyverkunarvörur

Baletite belgplast

Íblöndunarefni

Silotite rúlluplast

Bindigarn

Maxicover rúllunet

BÚREKSTARDEILD

Borgarnes | Sími: 430 5500 | kb@kb.is | www.kb.is

VÉLABÁSSINN

Stærsta fjöldaframleidda ýtan

– Prufuakstur á Caterpillar D11

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Bændablaðið fékk til prufu nýja jarðýtu af gerðinni Caterpillar D11, eða Cat Ellefu. Þessi gripur flokkast til mjög stórra jarðýta, enda sú stærsta í fjöldaframleiðslu. Hún vegur 112 tonn, er 1.015 hestöfl og getur ýtt nálægt 40 rúmmetrum af efni.

Nokkrar stærri jarðýtur hafa lítið dagsins ljóss. Sú stærsta er 183 tonn og var sérsmíðuð á Ítalíu eftir pöntun Gaddafi, en var aldrei afhent eftir að viðskiptabönn voru sett á Líbýu á nýnda áratugnum. Komatsu framleiddi rúmlega 50 eintök af D575 jarðýtum á árunum 1989 til 2012, en þær voru 131 tonn. Sú þriðja stærsta er vélin í þessum prufuakstri og er sú eina af áðurnefndum ýtum sem hinn almenni kaupandi getur verslað.

Tönnin sjálf er 34,4 rúmmetrar, en getur flutt nálægt 40 rúmmetrum af mól í hverri ferð. Því þarf ekki nema nokkrar ferðir til að gera haug á stærð við lífið fell. Helsti sölupunkturinn á þessum jarðýtum er að þær ná að flytja mest efni á sem hagkvæmst hátt. Þar sem afköst þessarar ýtu er á við tvær Caterpillar 10, er eldsneytiseyðslan á hvern rúmmetra umtalsvert minni.

Stærð platar

Þegar vélin er skoðuð að utan er erfitt að átta sig á hversu stórt tækið í rauninni er. Ef hún stendur í miðri malarnámu gæti þetta verið hvaða ýta sem er. Um leið og manneskja sést í návígi áttar maður sig á að þetta er ferlíki, en meðalhár maður er svipað langur og riftönnin.

Hæð ýtunnar er 4,7 metrar, lengd með riftönn er 10,5 metrar og breidd tannar er 6,4 metrar. Þessi mál eru nokkurn veginn þau sömu og á 65 fermetra sumarbústað með svefnlofti, sem er hægt að kaupa hjá íslensku fyrirtæki sem selur



Riftönnin er á stærð við mann. Hér sést ýtustjórinn Sigfús G. Öfjörð, sem er meðalmaður á hæð.

Myndir / ÁL

einingahús. Rúmmál 12 strokka dísilvélarinnar eru 32,1 lífri, sem þýðir að hver stimpill er 2,7 lítrar! Eins og áður segir framleiðir vélin rúm þúsund hestöfl sem er beint út í sprokkt að framan og aftan. Það má því segja að þessi ýta sé fjórhjóladrifin.

Aðgengi með besta móti

Ýtustjórar þurfa ekki að leggjast í áhættusamt þríf til að komast um borð, því þessi er útbúin landgangi. Hann er látinn síga á jörðina með því að ýta á einn takka og er leikur einn að komast upp. Öflug handrið eru á stiganum og allt í kringum dekkið sem umlykur öikumannshúsið.

Sjálf tækið er merkilega lítið – kannski einn og hálfur fermetri. Þar er rétt nóg pláss fyrir sæti og stjórnþæki til beggja handa. Ólíkt flestum vinnuvélum, þá er ekkert stýri. Á gólfinu eru tvö fótstig, annað bremsa og hitt til að minnka inngjöf. Tveir stórir snertiskjái eru í húsinu, annar beint fyrir framan öikumanninn og hinn til hliðar.

Til hægri handar eru tveir stjórnþættir, annar fyrir tönnina að framan og hinn fyrir riftönnina að aftan. Sá fyrrnefndi er sá sem notaður er mest og er greinilegt að Caterpillar hefur vandað sig sérstaklega við að móta hann þannig að hann passi fullkomlega í krepptan lófann. Virkni hans er á margan hátt sambærileg og á flestum ámoksturstækjum. Stjórnþætturinn fyrir riftönnina er fast handfang með tveimur stórum veltirofum.

Á vinstri hönd eru stýripinnar til að stjórna akstursstefnu. Með þumlinum er valið hvort vélin sé í hlutlausum, eða fari fram eða aftur. Tveir flipar eru svo fyrir framan handfangið sem kúpla frá hvor sínu beltinu, til að beygja til hægri eða vinstri. Þeir eru físléttir og þarf rétt að nota fingurgómuna til að hreyfa við þeim. Nokkuð harðir rykkir koma þegar beltunum er kúplað, eða ef skipt er snögt á milli þess að fara fram eða aftur. Ekki er ætlast til að beygt sé á meðan verið er að ýta eða rippa en vanir ýtumenn geta tekið beygjur með því að beita tönninni.

Lúxussæti

Um leið og sest er niður finnst að allt er af bestu gæðum og vel skrúfað saman. Stjórnþættir eru mjög lógísk



Ef þú ætlar að versla þér jarðýtu þá færðu enga stærri en Caterpillar D11. Þó vélin sé ferlíki á stærð við 65 fermetra hús, þá er hún afar létt í notkun.

og tekur örfáar mínútur að átta sig hvað gerir hvað. Sætið er ekki síðra en hinn besti hægindastóll og eru fjölmargar stillingar svo ýtumenn af öllum stærðum komist fyrir. Jafnframt er hægt að stilla báða armpúðana, þann vinstri með rafmagni og þann hægri handvirkt. Loftþúfaflöðrun er í sætinu og hreyfist það upp og niður – en í þessu tilfelli hefði verið viðeigandi að hafa flöðrun til allra átta, eins og er í betri dráttarvélum, enda vinna ýtur oft í miklum veltungi.

Þó Ellefan sé tryllitæki þá verður notandinn lítið var við utanaðkomandi áreiti. Öikumannshúsið er sérlega vel einangrað þannig að varla heyrast í vélinni. Helsti hávaðinn er ískrið í beltunum, sem berst þó ekki mikið inn í húsið.

Útsýni takmarkað

Sjálf tækið er alveg loftþétt og dregur öflug loftkælingin loftið í gegnum ryksúr. Þar helst yfirþrýstingur séu allir gluggar lokaðir, sem lágmarkar

aðgang ryks og sóts. Vanir ýtumenn tjáðu undirrituðum að öikumannshús Ellefunnar sé sérlega góður staður til að vera á og þreytan í lok dags sé minni en þegar unnið er á vélum frá helstu samkeppnisaðilum.

Útsýnið fram er nokkuð takmarkað. Gluggarnir eru litlir og á milli þeirra eru þykkir gluggapóstar. Sjálf tönnin skyggir alveg á það sem er beint fyrir framan vélinu, en hægt er að sjá neðri horn tannarinnar framan við beltin. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort ýtt sé heilu hlasi, eða hvort tönnin rétt strjúkist yfir yfirborðið. Vélin í þessum prufuakstri er útbúin myndavélakerfi sem á að hjálpa til, en myndin er það kornuð að erfitt er að sjá hvað er í gangi.

Útsýnið afturábak er ekki mikið betra, en undirritaður var alltaf í leit að hliðarspeglum – sem eru ekki til staðar. Sætið snýr nokkrar gráður til hægri, þannig að ýtustjórinn þarf ekki að vinda eins mikið upp á höfuðið. Óheft sjónlína er á odd riftannarinnar.



Öflugur landgangur gefur gott aðgengi. Vökvaðmótorar slaka honum niður. Öikumannshúsið er góður staður til að vera á. Mikil hljóðeinangrun gerir aðstöðuna vistlega. Sætið fjáðrar og er stillanlegt.



Til sölu 68,5m² iðnaðarbil
til afhendingar strax
í Breiðamýri 3, Selfossi.



Allar nánari upplýsingar veitir
Loftur Erlingsson, löggiltur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is



SÖFNUM Í LANDINU


Söfnum söfnum í sumar

Nú er sumarið að koma og eflaust mörg sem ætla sér að njóta þess að vera í sumarfrí og ferðast um landið, heimsækja vini og ættingja eða skoða nýjar slóðir. Þegar ferðast er um landið má víða finna spennandi söfn, setur og sýningar, sem höfða vel til ólíkra hópa og fólks á öllum aldri.

Söfnin í landinu eru auðvitað gífurlega fjölbreytt. Minja- og byggðasöfn má finna víða, auk lista- og náttúrugripasafna og margvíslegra sýninga. Sjálf hef ég reynt að vera dugleg að heimsækja söfn, bæði þau söfn, gömul og ný, sem ég hef ekki skoðað áður og svo er ég fastagestur á öðrum. Mörg söfnin eru síbreytileg og þar eru reglulegar settar upp nýjar og spennandi sýningar. Auk þess finnst mér að þó ég sé að skoða sama safnið kannski í tíunda skiptið, sé ég alltaf að rekast á eitthvað sem ég hef ekki tekið eftir áður, alltaf að læra eitthvað nýtt.



Höfundur, prúðbúinn á Árbæjarsafni.



Eins og sjá má er aragrúi safna staðsett hringinn í kringum landið.

Ég hef líka alltaf verið safnari sjálf og safnað furðulegustu hlutum yfir ævina. Sem barn átti ég gríðarstórt sælgætissafn og svo safnaði ég um tíma töppum af gosflöskum. Ég eyddi svo löngum tíma í að telja og flokka bæði nammi og tappa.

Þegar ég elst og flutti að heiman hafði ég svo ekki lengur pláss fyrir allt þetta dót. Nú safna ég fyrst og fremst upplifunum, eins og svo margir. Það er svo gaman að upplifa nýja hluti, ferðast og njóta, skoða og snerta og prófa og vera með í alls konar ævintýrum.

Það getur hins vegar reynt erfiðara að hafa yfirlit yfir það safn, kannski helst með því að vera dugleg að taka myndir og miðla þeim.

Nú nýverið opnaði vefurinn www.sofn.is. Þar er listi yfir söfn, setur og sýningar á Íslandi, sem hægt er að heimsækja og skoða.

Hægt er að skrá sig inn á vefinn og merkja við þá staði sem fólk hefur

heimsótt og þá um leið sést hverja á eftir að skoða. Sjálf hef ég heimsótt 44% þeirra, samkvæmt vefnum, og samkvæmt kortinu er augljóst að ég hef verið duglegust að skoða söfn á Vestfjörðum. Mér sýnist ég hins vegar hafa góða ástæðu til að heimsækja Norðurlandið í sumar, til að ná að merkja við fleiri staði.

Það er skemmtileg áskorun að safna söfnum, setrum og sýningum í sumar og ég hvet ykkur til að taka þátt í henni með mér!

Það má gjarnan merkja myndir sem teknar eru á söfnum með #söfnum söfnum og ef einhver hefur afrekað að heimsækja þau öll, má svo gjarnan hafa samband og láta okkur vita. Allar nánari upplýsingar um það má finna á vefnum.

Góða safna-skemmtun í sumar!

Dagrún Ósk Jónsdóttir, verkefnisstjóri FÍSOS.

Gas lykkjubýssa

Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐ-SAMANBURÐ



SKÚLASON & JÓNSSON

SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is

Kiktu á www.s-j.is

Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	198	MED-HJALPARI	ÍPRÓTT	STÖDVUN	Í RÖÐ	HÓL-BUNGA BEISKUR	ÁVÖXTUR	FJÖL-BREYTNÍ KVÍÐA
	HROKA-FULLUR							
	SLÉTTUR					BÓNUS		
	ÚT-SMÖGINN					HVAÐ		
					BAUGA			
					STAMUR			
	SLYNGA						HVORT	ÓHLJÓÐ MÆNIR
	ÓNÓG	NOTA				SJÁLFI		EYJA
	FRÖÐUR	HANGA				KRINGUM		TÁL
KULDI								
GNAUÐA			ÓHEFT	FLÍK				TITILL
				SKORA				BLÆR
			EIND			TÖFRAORD		
			ÁVARPAR			ÖFUG RÖÐ		
FRERI		TIL TRAFALA SKÍFA				ÓVARINN		
						HÉLA		
		LEIKUR						
		UNDIR-FERLI				TALA		KVITTANA
						ÁGANGUR		NIBBA
PRÓTTUR		PEKKIR		KRASS		HALARÓFA		
						ELDHÚS-ÁHALD		
SLAP				AUSTUR-ALFA			STILLTUR	
				LYKT			BRAUT	
VINNUVÉL					BERGMÁL			TVEIR EINS
					TVEIR EINS			Í RÖÐ
RÍKI Í ARABÍU								
ÓSKADI			ÁBREIÐA			SVÍÐA		
			AUÐLINDIN			ERNA		

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	197	HEGGA	STAFUR	ÓVEÐURS-SKY	FUGLINN	LÍTLIRÆÐI	ÓVILD	JAFN-FRANT
	TUNGMÁL	H	E	B	R	E	S	K
	ÖRULNAFN	A	L	L	I	S	K	R
LJÓMI	G	L	I	T	FUÐ	Á	L	K
FYRIRGEFA					SPÉNDÝR			
	ÁTT				GJÓSTUR MÁLM-BLANDA			
VARP-VEISLA	U	M	S	J	Á	H	L	B
KEMST	N	Æ	F	Y	R	Á	Ð	U
TAPA	G	L	A	T	A	N	I	D
MÝKI	L	I	N	I	S	N	Ú	A
ÓHEFT	F	R	Í	S	V	E	F	U
	I	S	K	E	L	S	P	I
TVEIR EINS	S	S	I	L	L	S	A	L
GARPUR	K	E	M	P	A	A	N	D
SÁTTUR	U	N	I	R	E	F	N	D
HISSA	R	A	S	A	N	D	I	A

www.bbl.is

HANNYRÐAHORNID

Fislétt húfa í göngutúrinn

– Þessari er gott að stinga í vasann þegar það verður of heitt í veðri

Húfan Heiða

Stærð: M – L

Efni: Einfaldur Þingborgar-
lopi 40 gr.

Prjónastærð:

Hringprjónn 40 sm langur
nr. 3.5 og 5.5

Húfan er prjónuð í hring,
garðaprjón, ein umf. slétt
og ein brugðin.

Svo er líka hægt að prjóna
hana fram og til baka, þá
þarf ekki að prjóna brugðnar
lykkjur, en í staðinn þarf að
sauma hana saman að loknu
prjóni.

Húfan:

Fitjið upp 88 lykkjur á
prjón nr 3.5. Prjónið 11 sm.
Skiptið yfir á prjón nr 5.5 og
prjónið u.þ.b. 9-10 sm.

Þá byrjar úrtaka.

Prjónið 9 lykkjur, prjónið 2
lykkjur saman. Endurtakið
út umferðina, alls er tekið
úr 8 X á hringnum.

Gott er að merkja þar sem
úrtakan er. Takið úr í annarri
hverri umf. þar til 16 lykkjur
eru eftir á prjóninum, takið
þær saman í kollinn og
gangið frá endum.

Þvoið húfuna í höndunum
við 30 °C með mildu
þvottaefni eða sjampói og
leggið til þerris.

Hönnun: Hjördís
Þorfinnsdóttir




Bók í bústaðinn



Sagt er frá lífi barna í sveit
á Íslandi um 1970.
Það þarf að sækja kýrnar,
smala, rýja og keyra fé
á fjall, hitta afa og taka
í nefið, baða hænurnar
hennar ömmu, fara yfir
stórhættulega á til að tína ber,
borða rjómapönnur í
réttunum og svo er
rok og rafmagnsleysi
á hverjum vetri.



Fæst í vefverslun Forlagsins
og bókabúðum.



s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvallinni lambsull í sauðalitum.
Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatönnum, eins og liturinn í húfunni sem
uppskrift er að hér í blaðinu. Einnig fást tilbúnar pakkningar fyrir húfuna í
versluninni sem staðsett er í
Gömlu Þingborg sem er 8 km
fyrir austan Selfoss.
Verslunin er opin alla daga
nema sunnudaga frá 10-17



BÆRINN OKKAR

Ábúðarsaga: Við hjónin Jónas Þór og Salbjörg Matthíasdóttir tókum
við búinu í Árdal í Kelduhverfi 2014 af foreldrum Salbjargar sem var þá
sauðfjár- og skógræktarbú. Við byrjuðum með um 140 vetrarfóðraðar ær
og nokkra gæðinga. Með tímanum höfum við fækkað fé en fjölgað okkur
sjálf og eigum við í dag 3 börn en erum komin með vetrarfóðraðar kindur
niður í 119. Við vorum svo heppin að afurðaverð fór hríðlækkandi um
leið og við fórum að búa svo við sáum strax að tekjurnar yrðu ekki nægar
ef lömbin yrðu lögð inn til afurðastöðva svo við ákváðum að láta á það
reyna að selja allt kjötið sjálf.

Það gekk svona ljómandi vel og því höfum við selt skrokka síðan
2016 en þó alltaf lagt inn einhvern hluta. Í dag erum við með kjötvinnslu,
tökum alla dilka heim og erum í óða önn að koma lambakjöti á grillið hjá
fólkinu í nágrenninu.

Býli: Árdalur.

Staðsett í sveit: Kelduhverfi.

Ábúendur: Jónas Þór Viðarsson og
Salbjörg Matthíasdóttir.

Fjölskyldustærð: Við hjónin,
Heiðný, 6 ára, Sigursveinn, 5 ára og
Hrafney, 1 árs. Hundarnir Depla og
Jara og músafélan Mía.

Stærð jarðar: U.þ.b. 300-400 ha í
óskiptu landi.

Gerð búis: Sauðfjarrækt og skógrækt.

Fjöldi búfjár: 119 á vetrarfóðrun
og 8 hestar.

Hefðbundinn vinnudagur: Þar
sem að það er mjög erfitt að gera
það að atvinnu einni að vera
með 119 kindur að þá erum við
bæði útivistandi og að sjá um
kjötvinnslu.

En heilt yfir þá gerum við það
sem að dagurinn hefur upp á að
bjóða hverju sinni og reynum oftast


að gera hlutina saman, það er mjög
oft skroppið í reiðtúr yfir björtustu
mánuðina.

**Leiðinlegustu og skemmtilegustu
bústörfin:** Skemmtilegustu bústörfin
eru að smala, ríða út, vinna
kjöt og þegar það er rúningur á
bænum. Jónas vill helst ekki þurfa
að gera hlutina einn og lokkar
því nágrannana í kringum sig með
víni og góðum mat og lætur þá helst
gera mest.

Leiðinlegast er þegar að ein-
hver skepna veikist og það er ekkert
sérlega ánægjulegt að moka skít.

**Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir
ykkur á jörðinni eftir 5 ár:** Með
svipuðu sniði ef ekkert breytist í
stöðu sauðfjarræktar en það er þó
óskastaða að allavega annað okkar
geti unnið við búíð og kjötvinnsluna
án þess að þurfa að vinna annars
staðar líka.

Hvað er alltaf til í ískápnum:
Mjólk, ostur, smjör og gerjafir
humlar í vatni.



**Hver er vinsælasti maturinn á
heimilinu:** Lambakjöt hjá hjónum,
pýlsur hjá eldri börnum og eitthvað
geggjað mauk hjá þeirri yngstu.

**Eftirminnilegasta atvikið við
bústörfin:** Það var þegar eldri

dóttirin tók upp á því 3 ára gömul
að fara á bak á kindunum. Kindurnar
okkar ganga við opið á veturna, er
gefið úti flesta daga og sú stutta
alveg einstaklega lagin við að gera
kindurnar gæfar og dunda innan
um þær meðan foreldrarnir voru í

gengingum. Svo þegar komið var að
því að fara heim og farið út að sækja
barnið þá var hún komin á bak einni
kindinni. Þetta stundaði hún svo
reglulega með misgóðum árangri,
er þó orðin of stór í þetta núna en
í þessu munum við seint gleyma.

FRÆÐSLA



Skeiðönd er fremur sérkennileg buslönd með stóran og mikinn gogg sem hún notar til að sía fæðu úr vatni eða leðju. Líkt og aðrar buslendur þá stingur hún höfðinu ofan í vatnið í fæðuleit eða hálfkafar með stéllið upp. Þessi fæða sem hún sjar úr vatninu eru sviflæg krabbadýr, lirfur, skordýr, fræ og plöntuleifar. Hún er nokkuð minni en stökkönd, með fremur stuttan háls og þennan einkennandi stóra gogg sem er eins og skeið í laginu. Skeiðendur hafa ekki orpið hér á Íslandi nema í tæplega 100 ár og telst því nokkuð nýr varpflug. Stofninn er lítill, eða um 50 pör, sem gerir hana að sjaldgæfustu andartegundinni sem verpir reglulega á Íslandi. Hún sækir helst í lífrík votlendissvæði og verpir hér í flestum landshlutum en er þó algengust á Norður- og Norðausturlandi. Hér er hún farflugl og er talið að þeir fuglar sem verpa hér hafi vetursetu í Bretlandseyjum og er Ísland sennilega á norðurmörkum útbreiðslu hennar í Evrópu.

Mynd og texti / Óskar Andri Viðisson

Tíska:

Umhirða húðar í yfir hundrað ár

Þeir eru margir sem hafa reynt ýmsar húðvörurnar í gegnum árin, en að sama skapi fengið kunnuglegan sting í hjartað við að reka augun í bláu Nivea dósina meðal snyrtivarnings í hillum verslana.

Fyrir rúmum hundrað árum, árið 1911, hófu þýskir efnafraeðingar að vinna með efnið eucerit sem efnafraeðingur að nafni dr. Isaac Lifschütz hafði þróað. Eucerit virkar sem ýruefni (efni sem notað er þegar blanda þarf saman vatni og fitu) og sameinaði olíu og vatn í einstaklega fína, stöðuga blöndu.

Snjóhvítt og þétt í sér – er það ekki eitthvað?

Húðsjúkdómafræðingurinn og prófessorinn Paul Gerson Unna dádíst að sérfræðiþekkingu dr. Lifschütz á þessu sviði og kynnti hana fyrir dr. Oscar Troplowitz, efnafraeðingi og meðstofnanda húðvörufræðisins Beiersdorf í Þýskalandi. Sá síðarnefndi áttaði sig strax á því að þarna væri kominn hinn fullkomni grunnur fyrir rakadrjúkt og þétt húðkrem sem hann taldi markaðinn sárvanta. Og nafn kremsins lét ekki á sér standa, enda kremið snjóhvítt og því var nafnið NIVEA tilvalið enda komið frá latnesku orðunum nix, nivix sem þýðir snjór.

Það kom í ljós að dr. Troplowitz hafði rétt fyrir sér – markaðinn sárvantaði auðvitað Nivea krem.

Í desember 1911 var Nivea kremið loks kynnt heiminum en frá upphafi var það markmið dr. Troplowitz að þróa hágæða vörur sem væru á viðráðanlegu verði fyrir alla. Létu viðbrögðin ekki á sér standa enda margir sem þráðu mjúka og vel nærða húð.

Fyrir alla jarðarbúa

Ekki leið á löngu þangað til vinsældir Nivea kremsins ruku upp úr öllu valdi, en vegna gæða innihalds þess, ýruefnisins eucerit, hlaut kremið þann heiður að vera hið fyrsta sinnar tegundar sem hægt var að flytja út um allan heiminn án þess að það tapaði nokkru af gæðum sínum.



Hönnun áldósanna frá árunum 1911, 1925, 1928, 1949, 1970 og 2010 auk Nivea-boltans sem er nauðsynlegur ferðafélagi í sumarfríinu.

Aðeins þremur árum eftir að Nivea kremið kom á markað í Þýskalandi var það því fánlegt í öllum heimsálfum og næstum helmingur af söluhagnaðinum kom erlendis frá. Til viðbótar var ákveðið, auk framleiðslunnar í Hamborg, að hafin yrði framleiðsla á því í Buenos Aires, Kaupmannahöfn, Mexíkó, Moskvu, New York, París og Sydney.

Á þessum tíma var hröð alþjóðleg útrás af þessu tagi fáheyrð í húðvöruvæðningu. Var Beiersdorf fyrirtækið að feta óþekktar slóðir, sem þýddi að oft þurfti að beita smá hugviti við kynningu Nivea á nýjum mörkuðum – enda nokkur menningarmunur á álfum heimsins þessa tíma.

Sem dæmi, í Suður-Afríku, þurftu allar auglýsingar að birtast á þremur tungumálum – ensku, súlú og xhosa. Í Bretlandi fór það svo að umbúðunum, bláu áldósinni sem við þekkjum svo vel, þurfti að breyta í plastumbúðir þar sem Bretar tengdu áldósir við skóabúð. Í köldum löndum eins og Austurríki var lögð

áhersla á hversu vel kremið verndaði húðina fyrir snjó, vindi og rigningu – og svona mætti lengi telja.

Til verndar sólinni

Árin liðu og framleiðendur Nivea héldu áfram að aðlaga sig tímunum. Í kringum miðja síðustu öld hófst efnahagsleg velmegun sem í kjölfarið varð til þess að almenningur flyktist helst á sólarstrandir í fríum sínum. Þarna sáu forsvarsmenn Beiersdorf tækifæri til að framleiða það sem við þekkjum sem línuna Nivea Sun.

Það var líka um þetta leyti sem vísindamenn byrjuðu að tengja sólarljós við húðkrabbamein og húðskemmdir á borð við ótímabæra öldrun. Þessar uppgötvanir hvöttu vísindamenn Beiersdorf til að þróa tímamótavörur sem gætu mögulega verndað fólk fyrir slæmum áhrifum sólarinnar og auðveldara fyrir að njóta veðurblíðunnar á öruggan hátt.

Á næstu áratugum leiddi bylting þeirra til fjölda nýjunga í húðvörum, þar á meðal:

- Sólarvörn með SPF, eða sólarvarnarstuðli
- Sólarvarnaúða
- Rakagefandi sólarvörn fyrir andlit undir NIVEA Sun Visage línunni
- Sérhæfðar vörur fyrir börn, ungbörn og þá sem voru með viðkvæma húð.

Það er enginn vafi á því að strandmenning og sólarvarnir hafa breyst í gegnum árin. En markmið NIVEA hefur alltaf verið það sama: að hjálpa fólki á öllum aldri að njóta lífsins hvar og hvenær sem það vill. Samhliða markaðssetningu NIVEA Sun línunnar á sólarstrandarfara var hún einnig kynnt í ríkari mæli í heitari löndum.

NIVEA-strandboltinn frægi

Minnuga lesendur rámar ef til vill í upplásna Niveaboltann, sem allir helstu sólarunnendur jarðkringlunnar áttu í fórum sínum og þótti upplagður til strandarleikja. Er boltinn víst enn í framleiðslu og geta því áhugasamir líklega fundið sér eintak ef áhuginn er einskær.

Nú í dag, rúmri öld eftir að Nivea var sett á markað, er ekki annað hægt að segja en hugsjón dr. Troplowitz hafi svo sannarlega staðið fyrir sínu. Vöruúrval innan merkisins hefur margfaldast og gæðin ekki síðri enda talið eitt traustasta vörumerki heims.

Gaman er að geta þess, svona að lokum, að í dag framleiðir fyrirtækið Beiersdorf einnig hina þekktu línu LaPraire, Eucerinkremin sem mælt er með af húðlæknum, svo og sólarvörur Coppertone sem við þekkjum svo vel – svo eitthvað sé nefnt. /SP

Jesús sagði:
 „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins.“
 Jóh. 8.12
 biblian.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar
Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
 Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihiysið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhiysið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta
 Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
 Símar 567 9550 og 858 0321



Náttúruperlan Ástjörn. Sumarbúðadvöl fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð um kr. 9.000 pr/sólarhring. Systk.afsl. Ástjörn er í Kelduhverfi, nálægt Ásbýrgi og Hljóðaklettum. Bátar og leiksvæði. Uppl. í s. 462-3980. astjorn.is - facebook.com/astjorn - instagram.com/astjorn - youtube.com/astjorn



Rafmagnsskutla með nýlegum lithiumgeymi. Góð í margs konar snatt. Upplýsingar í s. 897-9938.



Fjárhúsgrindur. Eigum á lager fjárhúsgrindur 40x60 cm. Nánari upplýsingar í s. 897-3290 og á samleid@samleid.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarbjónusta. Sendum um land allt. Brimco.ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.

Greinakurlari

með 15hp bensinmótor fyrir allt að 100mm greinar

Einnig fyrirleggjandi gott 6 stengja girðingarnet á gömlu verði.
Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - Sími 772-3200



Álbrautir fyrir kerruna. Párið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco.ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco.ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is.



Mono Sólarcellur 120 w, Verð kr. 21.900.- 180 w. Verð kr. 29.900.- 370 w. Verð kr. 59.900.- Uppl. í s. 888-1185.



Díselhitarar, ósamsettir og samsettir verð frá kr. 48.900.- Allir varahlutir og viðgerðarbjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185 Opið frá 15-17 mán. til föst.

MARÁS

TOHATSU

UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÓNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
 Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
 Sími: 555 6444 - www.maras.is



Bragðgott og meyrnt ungnautakjöt. 1/4 úr skrokk um 20 kg. Inniheldur steikur, hakk, gúllas og snitsel. Heimkeysla á höfuðborgarsvæðinu. S. 868-7204 www.myranaut.is



Toyota Hilux, árg. 2015, 4x4, beinskiptur, ekinn 126.000 km. Verð kr. 4.990.000. Verð áður kr. 5.290.000. - notadir.bennis.is - S. 590-2035.



Sofðu rótt með gluggana opna. Lúsmý netin okkar eru miklu finriðnari en hefðbundin flugnet og sérhönnuð til að halda lúsmý og öðrum skordýrum fyrir utan heimilið og bústaðinn. Sendum samdægurs um allt land. Postverslun.is



Willys '64 árg. m/nýju Egilshúsi, nýsprautaður, nýpúptekin vél og afturóxull. Kassar yfirfararir. Tilboð óskast. Uppl. í s. 866-2163.



Óska eftir bensín eða dísel vökvadælu ca 40 l/m og 140 bar. Ætluð til að drífa steinsög frá Husquarna. S. 892-0808 Mynd fyrir athygli.



Sláttuvél á súper verði 290 cm. frábær reynsla, einföld og ódýr í rekstri þarf aðeins 55-70 hö. Orkutækni.ehf. s:5876065



Toyota Hilux, árgerð 2007, ekinn 220.000 km. Mjög góð, nýleg 33" dekk, ryðvarinn og hefur verið tekinn mikið í gegn undanfarið (altenator, bremsur o.fl.). Alfréð s. 891-6138.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco.ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40%? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrrtæki til sölu. Kostir eru, lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðar verðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf., S. 773-5400, www.smaorka.is



Til sölu VW Crafter pallbill árgerð'20 4x4 ek. 41.000 km. Krókur og fleiri aukahlutir. Heilsárs- og nagladekk á felgum, stærri dekk. Ásett verð kr. 8.000.000, kostar nýr kr. 11.000.000, með sama búnaði. Uppl. í s. 893-2765.



Til sölu um 200 m² af 60 mm PIR yleiningum, um 45 stk. í lengdum 3,6 - 5,4m. Litur er hvítur beggja megin. Selst allt í einu lagi. Upplýsingar í s. 515-4187.



Range Rover HSE Supercharger (400 hö), árg. 2006, ekinn 193.400 km. Þarfnast smá ástar og umhyggju (viðhald). Draumur að keyra hann. Óska eftir tilboðum. Ólafur - s. 820-7265.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta - 8.000 kg. Stærð - 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Úrvalið hefur aldrei verið meira.

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
BRIMCO
 EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
 SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Sláttuvélar í úrvali fyrir traktorinn og fjórhjólið. Þessi 175 cm sláttuvél er fyrir traktor 40 hp+ og kostar kr. 295.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Renault Master 2005. Dísel hópbifreið (M2) 18 manna, keyrður 247.000 km. Slagrými 2.953 cm². Góður bíll í túristann. Verð kr. 1.100.000. Uppl. í s. 661-1223.



Bretttagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Mercedes Benz Sprinter CDI sk. 6.2022. Sjálfskiptur, ekinn 7.500 km, sk. 3.2022. Beinskiptur, 9500 km, sk. 8.2021. Sjálfskiptur ekinn 67.800 km. (svartur) Uppl. í s. 820-1071 kaldasel@islandia.is



Volvo FM 12 krókheysi, ek. 388.000 km. Enginn pallur með. Verð kr. 2.800.000 +vsk. S. 894-8620.



Glussaknunar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Claas Arion 630, árgerð 2021, notuð 1.800 vst. S. 894-8620.



Sprinter 316 12/17 ekinn 100.000 km. Verð kr. 5.200.000 +vsk. S. 894-8620.



Rafstöðvar með original Honda-vélum og Yanmar dísel í lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Benz 2654 árg. 2013, ek. 250.000 km. Verð kr. 6.500.000 +vsk. S. 894-8620.



Óskast til kaups, Toyota bílar, mismunandi gerðir og ástand. Einnig fleiri tegundir. Upplýsingar dagbjartur80@gmail.com / s. 896-5001.



Ford Focus 2018, ekinn 91.000 km. Sjálfskiptur, vélastærð 1000, 125 hö. Hiti í framsætum, bakskynjarar. Einn eigandi, ný sumardekk, góð nagladekk á felgum. Verð kr. 2.190.000. Skipti á ódyrari bíl möguleg. Frekari uppl. í s. 660-4891.

Streymishitarar

Slepptu hitakútnum

Fáðu strax heitt vatn

20% afsláttur



KGG

• Kristján G. Gíslason ehf
• 552-0000
• Verslaðu á www.kgg.is



NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Færibandareimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvela



GÚMMISTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gylfahlöt 3 - 112 Reykjavík - Sími 567 4467 - gummisteypa@gummisteypa.is - www.gummisteypa.is

EYJALIND Belti og undirvagnshlutir



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Nissan Navarra árg 2020, ekin 35.000 km. Verð kr. 8.400.000. S. 894-8620.



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréurum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang- hak@hak.is S. 892-4163.



Glussadrifnar gólfhrætur. Vinnudypt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Gúmmirampar fyrir brettatjakk. Stærð- L100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S:527-2600.



Bretttagafflar fyrir ámoksturstaeki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfllum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Iveco 35R16 box með Sörensen 750 lyftu sk. 8.2019, 83.900 km. Uppl. S. 820-1071 og kaldasel@islandia.is



Hilux árg. 2020, ek. 39.000 km. Verð kr. 8.100.000. S. 894-8620.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudypt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Case 695 super árg 2003, snjóskófla, keðjur. Verð kr. 4.800.000 +vsk. s. 894-8620.



Ateco 1223 árg. 2005 ekinn 250.000 km. Tvískiptur kassi, vinnuskúr. Verð kr. 1.690.000 +vsk. S. 894-8620.



BELMAC haugsuga, 7.274 ltr. Sjálfvirkur áfyllingarbúnaður. Vökvadrifin 10.000 ltr. dæla Verð kr. 3.000.000 +vsk. vallarbraut@vallarbraut.is



Toyota 100 dísel, ekin 440.000 km. 7 manna, 2005 árgerð. Verð kr. 2.300.000. S. 894-8620.



Ram 3500 árgerð 12/2019, ekinn 84.000 km. Verð kr. 8.800.000 +vsk. S. 894-8620.



Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463





Girðingarefni- lowa gaddavir 200 metrar- kr. 9.100 m/vsk. Motto gaddavir 200 metrar- kr. 4.500 m/vsk. 5 strengja túnnnet 100 metrar- kr. 14.900 m/vsk. 6 strengja túnnnet 100 metrar- kr. 17.500 m/vsk. Panvír 625 metrar- kr. 11.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hauksson.is



Opel Crossland X, árg. 2019, beinskíptur, ekinn 75.000 km. Verð kr. 2.490.000. Verð áður kr. 2.890.000. notadir.benni.is - S. 590-2035.



Renault Talisman, árg. 2017, sjálfskiptur, ekinn 100.000 km. Verð kr. 2.890.000. notadir.benni.is - S. 590-2035.



BELMAC keðjudreifarar. 7,5 cu. Verð kr. 1.680.000+vsk. 4,5cu. Verð kr. 880.000+vsk. vallarbraut@vallarbraut.is



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Net 15x10. Frá kr. 24.900+vsk. 5 grindur+vsk. Lamasett 3.990. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



Manitou MLT1740 árg. 2005. Verð kr. 3.000.000+vsk. S. 894-8620.



Scania 400 '98 ekin 360.000 km. 6x4. Verð kr. 1.200.000+vsk. S. 894-8620.



BELMAC haugsuga 13.638 ltr. Sjálfvirkur áfyllingarbúnaður 7,5 m niðurfellingar-búnaður. Verð kr. 9.450.000+vsk. vallarbraut@vallarbraut.is



Fendt Farmer 250 '98 4x4 með sóp. Verð kr. 2.100.000+vsk. S. 894-8620.



Til sölu Hitachi 1.9 árg. 2016. Keyrð 2000 tíma. Fleygur, 2 skóflur og tiltskófla. Hægt að mjókka. Verð kr. 3.500.000+vsk. Einn eigandi. S. 897-7910 og 847-1536.



Til sölu jcb 4cx árg. 2017. Keyrð 3000 tíma. Einn eigandi. 3 skóflur + nýlegur snjóplógur. Verð kr. 11.900.000+vsk. S. 897-7910 og 847-1536.



JARMET sláttuvélar 290 cm. Verð kr. 1.070.000+vsk. 185 cm. Verð kr. 580.000+vsk. 165 cm. Verð kr. 430.000+vsk. Vallarbraut s. 454-0050. vallarbraut@vallarbraut.is



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808 Oliver.



Glænýtt 42,7 m 3 herbergja lyklaklárt heils-árhús. Húsið inniheldur vatns-, rafmagns- og skóplagnir. Led ljós inni sem að utan. Baðherbergi inniheldur sturtu og klósett. Hurðar - 3faldir gluggar - vifta á klósetti. Inntak fyrir heita og kalda vatn er til staðar. Hitakútur fylgir. 3 fasa rafmagn. Húsið er staðsett í Mosfellsbæ og er tilbúið til flutnings. Verð kr. 13.000.000. Uppl. í s. 691-7343.



Timbur til sölu, 32x100 L=3,9m/5,4m. Verð kr. 395 LM 38x100 L=3,6m/5,4m/5,7m/6,0m Verð kr. 470 LM 48x148 L=4,8 Verð kr. 675 LM 48x198 L=4,2/4,8 Verð kr. 880 LM Öll verð með virðisaukaskatti H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | netfang - haukur@hauksson.is



Glussadrifnar haughrætur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir úttanka, útlón og viðar. Lengdir : 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Óflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163.



Háprýstidælar fyrir verkataka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig óflugur vatnshitarar fyrir háprýstidælar. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

**MICROLIFT HYBRID
BRETTATJAKKAR**

Tjakkarnir eru til sýnis hjá PMT Krókhálsi 1

Microlift
material handling e-solution

Microlift með Lithíum rafhlöðu hefur ýmsa kosti

Hringdu í 698 1539 eða sendu tölvupóst á siggi@pmt.is og við sendum þér nánari upplýsingar og Microlift vídeó.

ETNA

TIL SÝNIS OG SÖLU HJÁ PMT

Skipulagsstofnun

**Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu**

Kvísatunguvirkjun í Strandabyggð

Orkubú Vestfjarða hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats Kvísatunguvirkjunar.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin liggur frammi til kynningar á skrifstofu Strandabyggðar, Hólmavík og Skipulagsstofnun og er aðgengileg á vef stofnunarinnar www.skiplag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **30. júní 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skiplag@skiplag.is.

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá **Ifor Williams**

**Eigum hina vinsælu vagna frá þessum
þekktu framleiðanda til afgreiðslu **Strax****

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

FLÓKAGATA Í LANDI MUNAÐARNES

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð. **Flólagata í landi Munaðarnes (Inr. 134915)**

Skiplags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðar-afgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 2. júní 2023 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Flólagötu í Munaðarnesi.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 8. júní til og með 21. júlí 2023. Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýsta skipulagstillögu og er frestur til að skila inn athugasemdum til 21. júlí 2023.

Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skiplag@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 8. júní 2023
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.

Mikið úrval af flottum bolum

Verð: 1.736 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst

Vefverslun: Khvinnufot.is



KH
VINNUFÖT

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Vélskólinn

Talsettt Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melbraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÁSCO

Alternatorar og startar í miklu úrvali



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, ampærmælur, spennufellur 24V í 12V, trúlanapéttar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Prestuljósöryggi. Öryggjahlöður. Stór öryggi uppí 250kV. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakélar. Bassakélar. Öxulhösur. Spennustillar. Dídur. Rafgeymaskólar. Svæðisbrennd. Díkubútur. Flæmskúfur fyrir alternatara. Væðingstæki. Svæðisbrennd. Lengur í alternatara. Kól í alternatara. Skráning 5.2004 og 5.2005. Öll myndir myndi þetta.

ÁSCO

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BÍLARAFMAGN



Við aðstoðum við kaup og sölu og sjáum um allan innflutning fyrir ykkur á nýjum/ notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi og Evrópu til Íslands. Getum líka útvegað allar gerðir vinnuvéla, eins flesta varahluti og ýmislegt fleira sem ykkur vantar. Ekkert er of smátt eða stórt fyrir okkur. Erum með gríðarlega góð sambönd. Yfir 20 ára reynsla. Öruggt og góð þjónusta. Hafþór s. 499-0719 & Haukur s. 499-0588. sudurengland@gmail.com & facebook/ Suður England. Ertu í hugleiðingum? Endilega hafðu samband.



Klósettadælar fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Scania 480 11 6x2, ekin 795.000 km. Verð kr. 2.600.000 +vsk. S. 894-8620.



Innhærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudypt-130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Scania 8x4 árg 2003, ekin 560.000 km. Verð kr. 2.800.000 +vsk. S. 894-8620.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmiklæddar að ofan fyrir valtura. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Til sölu ónotaður Randex 12 tonna haldox sturtuvagn, árgerð 2021, staðsettur á Austurlandi. Uppl. gefur Björn s. 896-8311.



Sjálfsogandi dælar frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash), 2", 3", 4". Original Honda vélar með smuruliúðryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Rúlluvagn frá Weckman Steel Stærð 2,46 mx 9,0 m Burður/hlass þyngd 13 tonn. Verð kr. 3.222.000 m/vsk (kr. 2.597.000 án/vsk). H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | haukur@hauksson.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna grófur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. <https://www.diggaeurope.com/> Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Sólarsellur 50 w, 100 w, 120 w, 150 w, 180 w og 370 w Verð frá kr. 17.900.- Orkuböndinn. is. Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185. Opíð frá 15-17 mán. til fóst.



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælar-traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



Rafbörur 4x4. Mjög dugleg vél sem léttir störf. Þú hleður yfir nótt og lætur hana þróa á daginn. Verð kr. 395.000 +vsk. www.hardskafi.is - s. 555-6520.



Sláttuorð með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktofum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélar eru fjörgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is



Tilboð á fjárhúsgrundum. 50% afsláttur meðan birgðir endast. Upplýsingar í s. 897-3290 og í email haukur@samleid.is



Einföldu fjárgrundurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælar með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfri stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfri stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðabjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is

Óska eftir

Kaupi vinyllötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óskað er eftir viðmælendum í tengslum við sagnfræðirannsókn um lífið í sveitum fyrrum Austur-Skaftafellssýslu á 20. öldinni fyrir komu Hringvegjarinn árið 1974. Tilgangur viðtalanna er að afla upplýsinga um hvernig einangrun sveitanna setti sinn svip á daglega tilveru sveitafólks á svæðinu. Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, sagnfræðingur. Vinsamlegast hafið samband í s. 664-7083 eða í gegnum netfangið dalrunsaga@gmail.com

Óska eftir að taka á leigu stangveiðisvæði, annað hvort lítil á eða veiðirétt stakra jarðareigenda. Mig langar að taka á leigu svæði sem ég get farið með fjölskyldu mína yfir sumartímenn og veitt. Er líka til í að skoða með uppbyggingu á veiðisvæði ef það er í boði? Er helst að leita eftir svæði á Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðurland vestra kemur líka til greina. Sendið mér skilaboð á traffic64@simnet.is ef þið hafið áhuga á að spjalla.

Óska eftir Eumenia mini uppþvottavél, felld niður í borð. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. Uppl. í s. 895-3197.

Baggafærirband óskast. Má þarfnast aðhlynnngar. Uppl. í s. 897-0899.

Óska eftir að kaupa gömul hlutabréf frá Loftleiðum, Flugfélagi Íslands og öðrum flugfélögum. Einnig einkennismerki og aðra gamla safngripi frá flugfélögum. Eiríkur L, andromeda@simnet.is.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drennottur, útleiktækni, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Til sölu Polaris Sportman 2008, keyrt 13.800 km. Dekkjagangur á felgum fylgir með. Er á nýlegum dekkjum. Alltaf geymt inni, í góðu lagi. Verð kr. 800.000. Uppl. í s. 616-9452. Netfang- siggikre@simnet.is

KIA Sorento árg. 2005. Ekin 226.000 km. Verð kr. 550.000. Uppl. í s. 897-3064.

Vandaður enskur rokkur. Hægt er að spinna gróft band. Aukaspólur og sænskur kambur fylgja. S. 663-9039.

Tvær notaðar bílskúrshurðir br. 4m h. 2,2 m. Þurfa 60 sm loftrúm. Flekarnir stafast fyrir ofan gat. Magnús, s. 787-8444.

Hef til sölu BMW K1200LT árg. '99. Verð kr. 990.000. Skipti möguleg á fjórhjól á svipuðu verði. S. 825-8077.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við við Ástvald blaðamann í s. 822-5269 eða í gegnum netfangið astvaldur@bondi.is.

Ath. Ath. Ath. Búnaðarþing verður haldið að Básum í Goðalandi helgina 1.-18. júní 2023. Verið öll velkomín. Börn engin fyrirstaða. Nánari upplýsingar fást hjá bunadarradunaturinn@gmail.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HF transmission, Akureyri. Netfang - einar.g9@gmail.com - Einar G.

Tækifærisskald. Tek að mér að semja ljóð, sönglög, niðvörð og aðra texta. Brúðkaup, skírnir, skilnaðarpartí, áfmæli eða bara á stofuvegginn. Pantanir í s. 694-2748.




M²ERLIN MJALTARJÓNN

Hröð ásetning | Hljóðlátur | Viðhaldslífill | Sveigjanleiki í uppsetningu

Ert þú farinn að huga að tæknibúnaði í fjósið fyrir næsta haust?

Skoðuðu úrval tæknilausna hjá okkur - Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið!



JOZ-TECH SKÖFURÓBÓT

Afkastamikill | Hentar í öll fljós



BARN-E HAUGSAFNARI

Mokar upp í sig | Hljóðlátur



URBAN KÁLFAFÓSTRA

Allt að 4 klefar | Snertiskjár | Góð yfirsýn

RAM 3500

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI



RAM



35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

STÓR OG STERKUR RAM 3500 KEYRIR ÞIG ÁFRAM Í HVAÐA AÐSTÆÐUM SEM ER

Eigum flestar gerðir tilbúnar til afhendingar. Breytingapakkar og fjölmargar tækninýjungar í boði fyrir þá sem þurfa vinnufélaga sem hægt er að treysta á.

HLÖÐUM Í HAGKVÆM FJÖLSKYLDUÆVINTÝRI

4xe

PLUG-IN HYBRID



JEEP® COMPASS HENTAR ÞÉR FULLKOMLEGA

Rafmagnaður, fjórhjóladrifinn Jeep® Compass skilar þér hvert á land sem er. Pláss fyrir allt, alla og öll þín ævintýri — út í búð eða upp á næsta fjall. Sumarkaupauki fylgir öllum Jeep® Compass og Jeep® Renegade. Dráttarbeisli, aurlíflar, hleðslukapall og þjónustuskoðanir að verðmæti 455.000 kr.

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16